



Ragnar F. Ólafsson

# TALIS 2013: Starfsaðstæður, viðhorf og kennsluhættir kennara og skólastjóra á Íslandi í alþjóðlegum samanburði Teaching and Learning International Survey

Alþjóðleg samanburðarrannsókn unnin í samvinnu við OECD fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið





Töfluskrá .....	6
KAFLI 1: INNGANGUR .....	10
<i>TALIS Í HNOTSKURN</i> .....	10
<i>HELSTU VIÐFANGSEFNI</i> .....	10
<i>HVAÐ LÆRDUM VIÐ AF TALIS 2008</i> .....	11
<i>AÐGÁT VIÐ TÚLKUN</i> .....	11
<i>VIÐBÓTAREFNI</i> .....	11
<i>AÐFERÐ RANNSÓKNARINNAR 2013</i> .....	12
<i>ÞÁTTTÖKULÖND</i> .....	13
<i>Á ÍSLANDI: GRUNNSKÓLA- OG FRAMHALDSSKÓLASTIGIÐ</i> .....	13
<i>ÞAKKIR</i> .....	14
KAFLI 2: ALMENNT UM KENNARA, KENNARANÁM OG STARFIÐ .....	15
<i>MENNTUN KENNARA</i> .....	19
<i>HVERNIG ER TÍMANUM VARIÐ?</i> .....	23
KAFLI 3: STARFSÞRÓUN KENNARA .....	25
<i>NÝLIÐAÞJÁLFUN</i> .....	25
<i>KOSTNAÐUR, HVER GREIÐIR?</i> .....	29
<i>ÝMIS STUÐNINGUR VEGNA STARFSÞRÓUNAR</i> .....	29
<i>EÐLI VERKEFNANNA</i> .....	30
<i>ÞÖRF FYRIR STARFSÞRÓUN</i> .....	31
<i>MÖGULEGAR HINDRANIR VIÐ STARFSÞRÓUN</i> .....	32
KAFLI 4: MAT Á STARFI KENNARA OG ENDURGJÖF .....	34
<i>ENDURGJÖF: FRÁ HVERJUM OG UM HVAD?</i> .....	34
<i>VÆGI EINSTAKRA ÞÁTTA Í ENDURGJÖF</i> .....	36
<i>ÁHRIF ENDURGJAFAR</i> .....	38
<i>VIÐHORF TIL KENNARAMATS</i> .....	39
<i>UM KENNSLU OG NÁM</i> .....	42
KAFLI 5: KENNSLA Í TILTEKNUM BEKK/KENNSLUHÓPI .....	45

<i>SAMSETNING NEMENDA</i> .....	45
<i>NÁMSGREININ SEM KENND ER Í ÞESSUM TILTEKNA BEKK/KENNSLUHÓPI</i> .....	46
<i>FJÖLDI NEMENDA Í BEKK</i> .....	46
<i>HVERNIG NÝTIST KENNSLUSTUNDIN?</i> .....	46
<i>KENNSLUFRIÐUR</i> .....	48
<i>NÁMSMATSADFERÐIR</i> .....	51
KAFLI 6: SKÓLABRAGUR OG STARFSÁNÆGJA .....	53
<i>KENNARASTARFIÐ</i> .....	56
<i>FERÐALÖG</i> .....	57
KAFLI 7: SKÓLASTJÓRAR.....	59
<i>KYN</i> .....	59
<i>ALDUR</i> .....	59
<i>MENNTUN</i> .....	59
<i>STARFSREYNSLA</i> .....	60
<i>STARFSLUTFALL SKÓLASTJÓRA</i> .....	61
<i>NÁM SKÓLASTJÓRNENDA</i> .....	61
<i>ÞÁTTAKA Í STARFSÞRÓUNARVERKEFNUM</i> .....	62
<i>STARFSÞRÓUN: MÖGULEGAR HINDRANIR</i> .....	63
KAFLI 8: ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM SKÓLANN .....	65
<i>REKSTRARFORM OG FJÁRMÖGNUN</i> .....	65
<i>STARFSLIÐ</i> .....	65
<i>NÁMSFRAMBOÐ OG SAMKEPPNI VIÐ AÐRA SKÓLA</i> .....	66
<i>SAMSETNING NEMENDAHÓPSINS</i> .....	67
KAFLI 9: SKÓLAFORYSTA .....	68
<i>SKOÐAÐ EFTIR VERKEFNUM</i> .....	69
<i>SKOÐAÐ EFTIR AÐILUM</i> .....	70
<i>HVE HÁTT HLUTFALL AF TÍMA SKÓLASTJÓRANS FER Í EINSTÖK VERK AÐ MEÐALTALI YFIR SKÓLAÁRIÐ?</i> .....	71
<i>ÝMIS VERK SKÓLASTJÓRA</i> .....	72
<i>VALDDREIFING</i> .....	74
<i>SKÓLARÁÐ</i> .....	75
<i>TENGLI VIÐ FORELDRA</i> .....	76
<i>TAKMARKANDI ÞÆTTIR</i> .....	77

KAFLI 10: FORMLEGT MAT Á STÖRFUM KENNARA.....	78
KAFLI 11: SKÓLABRAGUR.....	83
KAFLI 12: NÝLIÐAÞJÁLFUN OG LEIÐSÖGN.....	87
<i>FYRIRKOMULAG NÝLIÐAÞJÁLFUNAR</i> .....	88
<i>AÐGANGUR AÐ LEIÐSÖGN</i> .....	89
KAFLI 13: STARFÁNÆGJA.....	91
KAFLI 14: SAMANTEKT: NOKKRAR NIÐURSTÖÐUR TALIS 2013.....	92

## Töfluskrá

<i>Tafla 1: Aldur kennara á Íslandi og í TALIS-löndum.</i>	15
<i>Tafla 2: Hlutfall (%) kennara í ólíku starfshlutfalli, hér og í TALIS-löndum, og eftir kyni á Íslandi.</i>	16
<i>Tafla 3: Ástæður þess að kennarar voru í hlutastarfi, hér og í TALIS-löndum, og eftir kyni á Íslandi.</i>	17
<i>Tafla 4: Starfstími (ár) við kennslustörf í þessum skóla, í starfi sem kennari, í öðrum störfum við uppeldi og menntun og í öðrum störfum. Meðaltal á Íslandi og í TALIS-löndum.</i>	17
<i>Tafla 5: Ráðningarfyrirkomulag: Fastráðning eða tímabundin ráðning (%) hér á landi, eftir kyni, og í TALIS-löndum alls.</i>	18
<i>Tafla 6: Hlutfall (%) kennara sem segir engan, nokkra, flesta eða alla nemendur í tilteknum kennsluhópi vera með formlega greiningu.</i>	18
<i>Tafla 7: Hlutfall kennara sem hafa lokið tilteknu menntunarstigi hér á landi alls, eftir kyni, og í TALIS-löndum alls.</i>	19
<i>Tafla 8: Hlutfall (%) kennara sem segir námsefni, kennslufræði og/eða reynslu í kennslustofu hafa verið hluta af menntun þeirra eða þjálfun í öllum, sumum eða engri námsgrein sem þeir kenna. Samanburður við TALIS-lönd.</i>	20
<i>Tafla 9: Hlutfall kennara sem fannst þeir vera alls ekki, nokkuð, vel eða mjög vel undirbúna varðandi námsefni, kennslufræði og/eða reynslu í kennslustofu í greinunum sem þeir kenna. Samanburður við TALIS-lönd.</i>	21
<i>Tafla 10: Hlutfall (%) kennara sem lærði um einstakar námsgreinar 1) í námi á mörkum framhaldsskólastigs og háskólastigs; 2) í háskóla 3) með sérhæfingu sem hluta af kennaranáminu; 4) á námskeiðum eða endurmenntun sbr. nánari lýsing í töflu að ofan. Merkja mátti við fleira en eitt námsstig við hverja námsgrein.</i>	22
<i>Tafla 11: Hlutfall (%) kennara sem kennir einstakar kennslugreinar. Merkja mátti við fleiri en eina grein.</i>	23
<i>Tafla 12: Meðalfjöldi klukkustunda (60 mín) sem kennarar sögðust hafa varið í ýmis verk önnur en kennslu sem kennari við skólann. Samanburður við TALIS-lönd.</i>	24
<i>Tafla 13: Hlutfall kennara sem fékk nýliðaþjálfun af ýmsu tagi í upphafi kennaraferils.</i>	25
<i>Tafla 14: Leiðsögn kennara við skólann, veitt og/eða þegin.</i>	25
<i>Tafla 15: Hlutfall kennara (%) sem tók þátt í starfsþróunarverkefni af tilteknu tagi, og fjöldi daga sem það tók. Samanburður við TALIS-lönd.</i>	26
<i>Tafla 16: Hlutfall kennara (%) sem tók þátt í tiltekinni tegund starfsþróunarverkefnis á síðustu 12 mánuðum. Samanburður við TALIS-lönd.</i>	26
<i>Tafla 17: Hvaða sviðum tengdust starfsþróunarverkefnin sem tekið var þátt í síðustu 12 mánuði? Hlutfall (%) þátttakenda sem taldi þau hafa nokkur eða mikil jákvæð áhrif á viðkomandi sviði. Samanburður við TALIS-lönd.</i>	28
<i>Tafla 18: Hlutfall (%) kennara sem greiddi ekkert vegna starfsþróunarverkefna á Íslandi og í TALIS-löndum að meðaltali árin 2008 og 2013.</i>	30
<i>Tafla 19: Að hve miklu leyti fólu starfsþróunarverkefnin í sér hópvinnu samkennara, tækifæri til virkrar þátttöku í námi, samstarf við nám eða rannsóknarvinnu með öðrum kennurum, eða verkefni yfir lengri tíma. Samanburður við TALIS-lönd.</i>	30

<b>Tafla 20: Hlutfall (%) kennara sem telur sig hafa nokkra eða mikla þörf fyrir starfsþróunarverkefni á tilteknum sviðum. Samanburður við TALIS-lönd.</b>	31
<b>Tafla 21: Hlutfall (%) kennara sem telur sig hafa nokkra eða mikla þörf fyrir starfsþróunarverkefni á tilteknum sviðum, árin 2008 og 2013, á Íslandi og í TALIS-löndum að meðaltali.</b>	32
<b>Tafla 22: Hlutfall (%) kennara sem er sammála eða mjög sammála því að tiltekin atriði gætu orðið hindrun á vegi þeirra til frekari starfsþróunar. Samanburður við TALIS-lönd.</b>	33
<b>Tafla 23: Hlutfall kennara (%) sem fengið hefur endurgjöf um tiltekin efni frá tilteknum aðilum. Samanburður við TALIS-lönd.</b>	34
<b>Tafla 24: Hlutfall kennara sem hefur fengið endurgjöf um einhver atriði frá einstökum aðilum. Samanburður við TALIS-lönd.</b>	35
<b>Tafla 25: Vægi einstakra þátta í endurgjöf. Samanburður við TALIS-lönd (%).</b>	36
<b>Tafla 26: Vægi einstakra þátta í endurgjöf. Samanburður milli fyrirlagna árin 2008 og 2013. Hlutfall (%) kennara sem telur að tiltekinn þáttur hafi skipt “nokkru” eða “miklu” máli í endurgjöf sem þeir fengu í starfi. Samanburður við TALIS-lönd.</b>	37
<b>Tafla 27: Hlutfall kennara (%) sem telur að endurgjöf hafi leitt til jákvæða breytinga á tilteknum atriðum. Samanburður við TALIS-lönd.</b>	38
<b>Tafla 28: Kennaramat og endurgjöf. Viðhorf kennara til ýmissa fullyrðinga. Samanburður við TALIS-lönd.</b>	40
<b>Tafla 29: Samanburður milli fyrirlagna árin 2008 og 2013. Hlutfall (%) þeirra sem er sammála eða mjög sammála ýmsum fullyrðingum um kennaramat og endurgjöf á Íslandi og í TALIS-löndum.</b>	41
<b>Tafla 30: Viðhorf til ýmissa fullyrðinga um kennslu og nám. Hlutfall (%) sem er sammála eða mjög sammála fullyrðingunum. Samanburður við TALIS-lönd.</b>	42
<b>Tafla 31: Hversu oft, að meðaltali, sinnir kennarinn eftirfarandi í þessum skóla? Hlutfall kennara (%) sem svarar á tiltekinn hátt. Samanburður við TALIS-löndin.</b>	43
<b>Tafla 32: Færni í kennslustofunni: Að hve miklu leyti telur kennari sig geta gert eftirfarandi? Hlutfall kennara (%) sem svarar á tiltekinn hátt. Samanburður við TALIS-löndin.</b>	44
<b>Tafla 33: Hlutfall (%) íslenskra kennara sem telur tiltekið hlutfall nemenda vera með ákveðin einkenni í bekk/kennsluhópi sem kennari kennir eftir kl. 11 á þriðjudögum.</b>	45
<b>Tafla 34: Hlutfall (%) kennara sem var að kenna tiltekna námsgrein kl. 11 að morgni síðasta þriðjudags.</b>	46
<b>Tafla 35: Hlutfall kennslustundar (%) sem fer í stjórnun, að halda röð og reglu og eiginlega kennslu og nám.</b>	47
<b>Tafla 36: Hlutfall kennslustundar sem fer í stjórnun, að halda röð og reglu og eiginlega kennslu og nám, árin 2008 og 2013, hér og í TALIS-löndum.</b>	47
<b>Tafla 37: Hversu einkennandi er bekkurinn/kennsluhópurinn sem kennarinn kenndi klukkan 11 síðastliðinn þriðjudagsmorgun fyrir þá bekki sem hann/hún kennir, að mati kennarans.</b>	47
<b>Tafla 38: Kennslufriður í tiltekinni kennslustund kl. 11 síðastliðinn þriðjudagsmorgun. Samanburður við TALIS-löndin.</b>	48
<b>Tafla 39: Hversu oft vinna kennarar eða nemendur tiltekin verk í þriðjudagshópnum kl. 11? Samanburður við TALIS-lönd.</b>	49
<b>Tafla 40: Hversu oft notar kennarinn tilteknar námsmatsaðferðir? Hlutfall kennara (%) sem valdi tiltekinn svarmöguleika. Samanburður við TALIS-lönd.</b>	51

<i>Tafla 41: Hversu sammála eða ósammála eru íslenskir kennarar ýmsum fullyrðingum um skólaanda og starfsánægju við skólann? Hlutfall kennara (%) sem valdi tiltekinn svarmöguleika.</i>	53
<i>Tafla 42: Fullyrðingar um samskipti nemenda og kennara. Hlutfall kennara (%) sem valdi tiltekinn svarmöguleika. Samanburður við TALIS-lönd.</i>	54
<i>Tafla 43: Fullyrðingar um samskipti nemenda og kennara. Hlutfall kennara (%) sem valdi tiltekinn svarmöguleika. Samanburður milli ára 2008 og 2013 og samanburður við TALIS-lönd.</i>	55
<i>Tafla 44: Viðhorf til kennarastarfsins. Hlutfall kennara (%) sem valdi tiltekinn svarmöguleika. Samanburður við TALIS-lönd.</i>	56
<i>Tafla 45: Ferðalög til útlanda vegna kennarastarfsins til menntastofnana eða skóla sem taka viku eða meira.*</i>	57
<i>Tafla 46: Tilgangur ferðar til útlanda. Hlutfall kennara (%) sem merkti við tiltekna ástæðu.</i>	58
<i>Tafla 47: Hlutfall skólastjóra sem hafa lokið tilteknu menntunarstigi hér á landi og í TALIS-löndum.</i>	59
<i>Tafla 48: Starfstími (ár) skólastjóra í þessum skóla, í starfi sem skólastjóri í þessum skóla o galls, í öðrum þáttum skólastjórnunar, sem kennari og við önnur störf. Samanburður við TALIS-lönd.</i>	60
<i>Tafla 49: Starfshlutfall skólastjóra og kennsluskylda. Samanburður við TALIS-lönd.</i>	61
<i>Tafla 50: Nám skólastjóra á sviði skólastjórnunar, kennslu og kennslufræðilegrar forystu.</i>	61
<i>Tafla 51: Nám skólastjóra á sviði skólastjórnunar, kennslu og kennslufræðilegrar forystu. Hlutfall TALIS-landa að meðaltali. Var viðkomandi þjálfun fengin fyrir, eftir eða fyrir og eftir að viðkomandi hóf störf sem skólastjóri.</i>	62
<i>Tafla 52: Þátttaka skólastjóra í starfsþróunarverkefnum. Þátttaka (%) og dagafjöldi. Samanburður við TALIS-lönd.</i>	63
<i>Tafla 53: Mögulegar hindranir á vegi skólastjóra til frekari starfsþróunar. Hlutfall (%) sem velur tiltekna svarmöguleika. Samanburður við TALIS-lönd.</i>	64
<i>Tafla 54: Meðalfjöldi kennara, starfsfólks við stuðningskennslu, skrifstofufólks, stjórnenda og annars starfsfólks í íslenskum skólum. *</i>	65
<i>Tafla 55: Hvaða námsstig sem kennd eru við skólann, og hve margir skólar í nágrenninu keppa um nemendur á hverju námsstigi?</i>	66
<i>Tafla 56: Hlutfall skólastjóra (%) sem telur tiltekið hlutfall nemenda á unglingsstigi vera með annað móðurmál, sérþarfir eða vera frá efnahagslega- eða félagslega illa stöddum heimilum.</i>	67
<i>Tafla 57: Hverjir eru í stjórnunarteymi skólans?</i>	68
<i>Tafla 58: Hvaða aðilar bera ábyrgð á tilteknum þáttum í stjórn skólans?</i>	69
<i>Tafla 59: Hlutfall (%) tíma skólastjóra sem fer í tiltekin verk að meðaltali yfir skólaárið í þessum skóla. Samanburður við TALIS-lönd.</i>	71
<i>Tafla 60: Ýmis verk skólastjóra á síðastlinum 12 mánuðum. Tíðni svara í prósentum. Samanburður við TALIS-lönd.</i>	72
<i>Tafla 61: Fullyrðingar skólastjóra um tækifæri starfsfólks, kennara og nemenda til virkrar þátttöku í ákvörðunum um skólann, hlut þeirra sjálfra í slíkum ákvörðunum og anda samvinnu við skólann. Tíðni svara í prósentum.</i>	74
<i>Tafla 62: Aðilar að skólaráði.</i>	75
<i>Tafla 63: Tengsl og eðli stuðnings við foreldra. Samanburður við TALIS-lönd.</i>	76
<i>Tafla 64: Takmarkandi þættir í skólastarfi. Hlutfall sem velur tiltekinn svarmöguleika. Samanburður við TALIS-lönd.</i>	77



<b>Tafla 65: Hversu oft er hver kennari formlega metinn af eftirfarandi aðilum? Samanburður við TALIS-löndin.</b> .....	78
<b>Tafla 66: Hverjir vinna tiltekin verk sem teljast til formlegs kannaramats í skólanum. Samanburður við TALIS-lönd.</b> .....	79
<b>Tafla 67: Afleiðingar kennaramats. Samanburður við TALIS.</b> .....	81
<b>Tafla 68: Afstaða skólastjóra til einstakra fullyrðinga um skólabrag. Hlutfall (%) sem velur tiltekinn svarmöguleika.</b> .....	83
<b>Tafla 69: Hvað getur komið í veg fyrir að skólinn veiti vandaða fræðslu? Hlutfall (%) sem velur tiltekinn svarmöguleika. Samanburður við TALIS-lönd.</b> .....	84
<b>Tafla 70: Hegðun nemenda í skólanum. Hlutfall (%) sem velur tiltekinn svarmöguleika. Samanburður við TALIS-lönd.</b> .....	85
<b>Tafla 71: Hegðun kennara í þessum skóla. Hlutfall (%) sem velur tiltekinn svarmöguleika. Samanburður við TALIS-lönd.</b> .....	86
<b>Tafla 72: Fyrirkomulag nýliðabjálfunar í þeim ríflega helmingi skóla þar sem nýliðabjálfun á sér stað, að sögn skólastjóra. Samanburður við TALIS-lönd.</b> .....	88
<b>Tafla 73: Aðgangur kennara að leiðsögn. Samanburður við TALIS-lönd.</b> .....	89
<b>Tafla 74: Mikilvægi leiðsagnar að mati skólastjóra. Hlutfall (%) sem velur tiltekinn svarmöguleika. Samanburður við TALIS-lönd.</b> .....	90
<b>Tafla 75: Starfsánægja skólastjóra. Hlutfall (%) sem velur hvern svarmöguleika. Samanburður við TALIS-lönd.</b> .....	91

## KAFLI 1: INNGANGUR

TALIS rannsóknin (Teaching and Learning International Survey) var nú gerð öðru sinni, árið 2013, en fyrsta fyrirlögn fór fram 2008. Rannsókninni er á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og er beint til kennara og skólastjórnenda í þátttökulöndum, sem flest eru Evrópulönd.

Meðal markmiða TALIS er að byggja upp þekkingargrunn um nám og kennslu í OECD löndum. Rannsókninni er ætlað að veita innsýn í starfsaðstæður kennara og um náms- og kennsluhætti í þátttökulöndunum. Mikilvægt er að slíkra upplýsinga sé aflað hjá þeim sem öðrum fremur vinna að því að mennta og uppfræða ungmenni framtíðarinnar, en það eru kennarar og skólastjórnendur.

Á slíkum grunni er unnt að móta stefnu um hvernig megi endurbæta menntakerfið. Það er mikilvægt að slíkar áætlanir byggji á greinargóðum upplýsingum um starfsaðstæður og kennsluhætti frá fyrstu hendi.

### TALIS Í HNOTSKURN

TALIS er fyrsta alþjóðlega rannsóknin sem beinir sjónum að námsumhverfi í skólum og starfsaðstæðum kennara.

Um er að ræða samvinnuverkefni Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), ríkisstjórna og sveitarfélaga, alþjóðlegra rannsóknarstofnana og samtaka kennara og skólastjórnenda þátttökulanda.

Rannsóknin gerir mögulegt að bera saman menntakerfi ólíkra landa. Hún gerir kleift að læra af reynslu annarra þjóða og koma auga á önnur lönd, sem glíma við svipuð viðfangsefni. Hún er vettvangur fyrir kennara og skólastjórnendur til þess að lýsa eigin starfsaðstæðum og starfsháttum. Þær upplýsingar eru ómissandi við stefnumótun á sviði menntamála.

### HELSTU VIÐFANGSEFNI

Í TALIS rannsókninni er leitað svara við eftirfarandi spurningum meðal annarra:

- Hversu vel eru kennarar búnir undir að takast á við ýmis ögrandi verkefni sem þeir standa frammi fyrir í skólakerfi samtímans?
- Hversu vel nýtist mat og endurgjöf til kennara þeim sjálfum til að bæta kennsluhætti?
- Hversu góðan stuðning fá kennarar til þess að þróast í starfi?
- Hvernig geta stjórnámálamenn og aðrir sem móta stefnu í menntamálum tryggt að sú viðleitni og fjármunir sem varið er til starfsþróunar kennara nýtist og hafi jákvæð áhrif á vinnu þeirra.

Í spurningalistunum er aflað gagna meðal annars um eftirfarandi þætti:

- Menntun, þjálfun og starfsþróun kennara

- Mat og endurgjöf til kennara
- Skólaandann
- Stjórnun og stefnumótun í skólanum
- Viðhorf kennara og skólastjórna til ýmissa þátta kennslunnar
- Kennsluhætti

#### HVAÐ LÆRÐUM VIÐ AF TALIS 2008

Alþjóðlegu niðurstöðurnar sýndu meðal annars að kennarar sem taka meiri þátt í starfsþróunarverkefnum hafa meiri trú á því að þeir ná árangri í starfi.

Kennarar sem hafa sterkar skoðanir eða trú á ákveðnum kennsluaðferðum vinna í meiri samvinnu við aðra kennara, þeir hafa jákvæðari tengsl við nemendur og finnst starf þeirra skila meiri árangri.

Kennarar sem fá viðurkenningu fyrir góða frammistöðu frá skólastjóra eða samstarfsfólki finnst þeir skila meiri árangri í starfi.

Fram kemur að þótt mat og endurgjöf efli starfsánægju og starfsöryggi kennara, þá segir aðeins minnihluti kennara að matið og endurgjöfin hafi áhrif á starfsþróun þeirra (fjórðugur kennara), framgang í starfi (1/6 kennara) eða launakjör (tíundi hver kennari).

Hjá fjórða hverjum kennara í TALIS-löndum glatast að minnsta kosti 30% kennslustundarinnar og hjá sumum kennurum ríflega helmingur tímans vegna truflunar í tímum, viðveruskráningar, dreifingar tilkynninga o.sfrv.

#### AÐGÁT VIÐ TÚLKUN

Eins og bent var á við útkomu skýrslunnar með niðurstöðum TALIS 2008 þá þarf að hafa í huga við túlkun niðurstaðna að svör kennara og skólastjórna hljóta að vera huglæg, þ.e. þau lýsa upplifun þessara aðila á aðstæðum sínum og því er vel mögulegt að einhvers misræmis gæti á milli þess sem TALIS gefur til kynna og annarra tegunda upplýsinga um skólakerfið. Einnig þarf að hafa í huga að rannsóknin er ekki þess eðlis að hún gefi skýra mynd af orsökum og afleiðingu. Einnig er vert að taka tillit til menningarlegs mismunar í túlkun á einstökum spurningum.

#### VIÐBÓTAREFNI

Á vef Efnahags- og framfarastofnunarinnar eru ýmsar upplýsingar um TALIS.

[www.oecd.org/TALIS](http://www.oecd.org/TALIS)

Þar má finna Alþjóðlegu skýrsluna, með niðurstöðum allra landa og samanburði, slóðir á frumgögn og notendahandbók fyrir þá sem vilja gera eigin greiningar á gögnunum, ásamt ýmsum skýrslum með nánari úrvinnslu um einstaka efnisþætti.

Athugið að íslensku gagnasöfnin (hrágögnin) verða ekki birt í alþjóðlega gagnasafninu vegna smæðar landsins, því í sumum tilfellum yrði hægt að rekja svör til einstakra aðila eða skóla. Hins vegar eru niðurstöður fyrir Ísland, meðaltöl, tíðni o.fl., birt í alþjóðlegu skýrslunni.

### AÐFERÐ RANNSÓKNARINNAR 2013

Eins og árið 2008 er úrtak í hverju landi að jafnaði 200 skólar og 20 kennarar í hverjum skóla svara spurningalistanum. Með því móti fást allt að 4000 svör kennara og 200 skólastjóra í hverju landi. Eins og oft þegar Ísland tekur þátt í alþjóðlegum rannsóknum, þá var um þýðisrannsókn að ræða hér á landi, þ.e. ekki var tekið úrtak kennara og skólastjóra, heldur var leitað til *allra* starfandi kennara og skólastjóra um þátttöku.

Gerð var krafa um að 75% skóla og 75% kennara í úrtaki tækju þátt í rannsókninni og náði Ísland vel því markmiði. Ef þátttaka í einstökum skóla fór niður fyrir 50% voru gögn skólans í heild ekki notuð. Með góðu samstarfi og stuðningi kennara og skólastjóra og samtaka þeirra innan Kennarasambands Íslands tókst að ná tilskyldum þátttakendafjölda bæði á unglिंगastigi og í framhaldsskólum.

Ólíkir spurningalistar voru lagðir fyrir kennara og skólastjóra. Um 45 til 60 mínútur tók að svara kennaralistanum og um 30 til 45 mínútur að svara skólastjoralistanum. Gerðar voru smávægilegar breytingar á spurningalistunum sem gerðir voru upphaflega fyrir unglिंगastigið, til þess að geta lagt þá einnig fyrir á framhaldsskólastigi, mest smávægilegar orðalagsbreytingar.

Svör kennara og skólastjóra eru trúnaðarmál. Meðaltöl einstakra skóla eða sveitarfélaga verða ekki kynnt, aðeins landsins í heild eða stærri eininga (t.d. kjördæma, höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar o.s.frv.). Þótt færa megi rök fyrir því, að það gæti verið gagnlegt að fá nánari sundurgreiningu, t.d. eftir sveitarfélögum eða skólum, þá er það ekki gert til þess að tryggja nafnleynd þátttakenda - og sem áreiðanlegasta svörun. Gagnasöfn af þessu tagi nýtast ekki síst í alþjóðlegum samanburði og margvíslegum úrvinnslum með almenna skírskotun.

Í alþjóðlegu skýrslunni eru gögn vegin þannig að þau endurspegli skólasamsetningu í viðkomandi landi í réttum hlutföllum, óháð samsetningu úrtaks. Einnig var hver skóli látinn vega jafnmikið og aðrir skólar, óháð fjölda kennara í hverjum skóla og þótt þátttaka kennara væri e.t.v. misgóð í einstökum skólum. Gildir þetta um OECD úrvinnslu í TALIS, sem byggt er á að hluta hér, einkum við samanburð á Íslandi og öðrum TALIS-löndum. Hér á landi var úrvinnsla hins vegar með þeim hætti að litið var á kennara sem úrtakseiningu vegna þess að allir kennarar á unglिंगastigi voru í úrtaki og því ekki talin ástæða til þess almennt að breyta vægi þátttakenda í heildarniðurstöðum, t.d. þegar innlend gögn eru brotin niður eftir einstökum svarmöguleikum. Niðurstöður fyrir skólastjóra í OECD úrvinnslu eru í sumum tilfellum vegnar eftir fjölda kennara á bak við hvern skólastjóra og getur það einnig leitt til smávægilegs munar á heildartölum.

Við samanburð milli 2008 og 2013 þarf að hafa í huga, að úrtökin voru ekki skilgreind nákvæmlega eins af OECD í báðum fyrirlögnum, t.d. voru þeir sem stunduðu eingöngu sérkennslu ekki með í úrtaki árið 2008. Við samanburð milli ára í OECD skýrslum er leiðrétt fyrir þennan mun á samsetningu úrtaks og því eru tölurnar ekki nákvæmlega þær sömu þegar fjallað er annars vegar um árið 2013 eingöngu, og hinsvegar þegar niðurstöður áranna eru bornar saman. Við samanburð þarf einnig að hafa í huga að í sumum tilfellum var smávægilegur orðalagsmunur á

fullyrðingum eða spurningum sem bornar voru upp hvort árið og ber því að taka honum með fyrirvara.

#### *PÁTTÖKULÖND*

Árið 2008 tóku 24 lönd (eða einstök landssvæði innan þeirra) þátt í rannsókninni. Árið 2013 voru þátttökuríkin 34. Þátttökuríkin má sjá hér á eftir. Í sumum tilfellum takmarkaðist gagnaöflunin við einstök landssvæði innan ríkjanna. Landssvæðin eru þá tilgreind innan sviga.

#### Þátttökulönd árið 2013

Eftirfarandi lönd (eða landssvæði innan þeirra) tóku þátt í TALIS árið 2013.

Ástralía, Bandaríkin, Belgía (Flæmingjaland), Brasilía, Búlgaría, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Ísland, Ísrael, Ítalía, Japan, Kanada (Alberta), Kórea, Króatía, Kýpur, Lettland, Malasía, Mexíkó, Holland, Noregur, Pólland, Portúgal, Rúmenía, Sameinuðu arabísku furstadæmin (Abu-Dhabi), Serbía, Singapúr, Síle, Slóvakía, Spánn, Stóra-Bretland (England), Svíþjóð, Tékkland.

#### Þátttökulöndin árið 2008 og 2013

Hér eru löndin eða landssvæðin 17 sem tóku þátt í báðum fyrirlögnum á unglिंगastigi: Árið 2008 og árið 2013:

Ástralía, Belgía (Flæmingjaland), Brasilía, Búlgaría, Danmörk, Eistland, Ísland, Ítalía, Kórea, Malasía, Mexíkó, Noregur, Pólland, Portúgal, Slóvakía, Spánn.

#### Þátttökulöndin sem lögðu bæði fyrir á unglिंगa- og framhaldsskólastigi.

Hér er listi yfir löndin (eða landssvæðin) 10 sem lögðu spurningalistann einnig fyrir á framhaldsskólastigi (auk unglिंगastigs) árið 2013:

Ástralía, Danmörk, Finnland, Ísland, Ítalía, Mexíkó, Noregur, Pólland, Sameinuðu arabísku furstadæmin (Abu-Dhabi), Singapúr.

#### *Á ÍSLANDI: GRUNNSKÓLA- OG FRAMHALDSSKÓLASTIGIÐ*

Hér á landi náði rannsóknin 2013 til allra kennara á unglिंगastigi, en íslensk stjórnvöld ákváðu einnig, ásamt nokkrum fleiri þjóðum, að láta rannsóknina einnig ná til framhaldsskólakennara- og skólastjóra til viðbótar við unglिंगastigið, sem er kjarninn – og skylduhluti rannsóknarinnar.

Árið 2008 tók Ísland þátt á unglिंगastigi og einnig á yngsta- og miðstigi.

Með þessu fæst innýn í starfs- og kennsluhætti á öllu grunnskólastiginu og einnig á framhaldsskólastigi: Á unglिंगastigi (ISCED 2) árin 2008 og 2013, á yngsta- og miðstigi (ISCED 1) árið 2008 og á framhaldsskólastigi (ISCED 3) árið 2013.<sup>1</sup>

Niðurstöður fyrir framhaldsskólastigið verða birtar í haust.

---

<sup>1</sup> ISCED menntunargráttur sýnir til alþjóðlegrar menntunarflokkunar (International Standard Classification of Education).

Endanlegur gagnagrunnur verður aðgengilegur á netinu á vef OECD fyrir þá sem vilja nýta hann til rannsókna. Íslenski gagnagrunnurinn er ekki þar á meðal vegna persónuverndarsjónarmiða, enda auðveldara að átta sig á einstökum persónum í gagnagrunninum þegar um þýðisrannsókn er að ræða. Úrvinnsla með íslensku gögnin verður því alltaf í samvinnu við Námsmatsstofnun.

#### ÞAKKIR

Sérstakar þakkir viljum við færa samtökum kennara í Kennarasambandi Íslands og samtökum innan þess, félagsmönnum, stjórnendum og starfsmönnum Félags grunnskólakennara, Félags framhaldsskólakennara, Skólastjórafélags Íslands og Félags stjórnenda í framhaldsskólum fyrir stuðning og aðstoð við gerð spurningalista og þátttöku í rannsókninni. Einnig þökkum við gott samstarf við mennta- og menningarmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fjármagnar rannsóknina. Um framkvæmd sér Námsmatsstofnun. Verkefnisstjóri er Ragnar Ólafsson. Arnheiður Árnadóttir þýddi spurningalistann. Júlíus K. Björnsson, fráfarandi forstöðumaður Námsmatsstofnunar, sat í stjórn rannsóknarinnar (Board of Participating Countries).

## KAFLI 2: ALMENNT UM KENNARA, KENNARANÁM OG STARFIÐ

### KYN

Á unglingsstigi var kynjaskipting meðal kennara þessi: Konur: 71,9% ; karlar: 28,7%.

Í TALIS þátttökulöndum var hlutfall kvenkennara 68,1% að meðaltali. Hlutfall kvenna er því lítið eitt hærra hér á landi í kennarastétt en að meðaltali í öðrum þátttökulöndum. Í aðeins einu landi (Japan) var hlutfall karlkennara hærra en hlutfall kvenkennara. Þar voru konur aðeins 39% kennara.

Í fjórum löndum Austur-Evrópu var hlutfall kvenkennara yfir 80%: Lettlandi (88,7%), Eistlandi (84,5%), Slóvakíu (81,9%) og Búlgaríu (81,2%).

Hlutfall kvenkennara á unglingsstigi hér á landi var 69,1% árið 2008 en er nú 72,2% (árið 2013) og hefur því aukist lítillega.

### ALDUR

Meðalaldur kennara á unglingsstigi er 44,6 ár og staðalfrávik 10,2 ár. Kynjamunur er ekki marktækur (konur: 44,7 (staðalfrávik=9,9); karlar: 43,76 (staðalfrávik=11,0)).

Meðalaldur kennara í þátttökulöndunum öllum er 42,9 ár, lítið eitt lægri en hér á landi. Þegar fjöldinn í einstökum aldursbilum er skoðaður (sjá töflu) þá kemur ljós að kennarar yngri en 30 ára eru mun færri hér á landi en í TALIS-löndum að meðaltali eða 6,3%, en tæp 11,9% að meðaltali í þátttökulöndum TALIS. Hér á landi eru svo um 9,6% kennara á unglingsstigi 60 ára eða eldri en 6,3% kennara í TALIS-þátttökulöndum.

**Tafla 1: Aldur kennara á Íslandi og í TALIS-löndum.**

	ÍSLAND (%)	TALIS (%)
< 25 ára	0,6	1,9
25 - 29 ára	5,7	10,0
30 - 39 ára	28,2	29,0
40 - 49 ára	33,8	28,8
50 - 59 ára	22,1	23,8
60 +	9,6	6,3

Hér eru einnig 33,8% kennara á aldursbilinu 40-49 ára, en samsvarandi tala fyrir TALIS-löndin er 28,8%. Lítil munur er milli Íslands og annarra þátttökulanda í aldursbilunum 30-39 ára annars vegar og 50-59 ára hins vegar.

Þessar tölur vekja upp spurningar um hvort nýliðunin sé nægjanleg í kennarastétt hér á landi. Jafnframt vekur það upp spurningar um hvort sókn í kennarastarfið sé kynslóðabundin. Sömu

spurningar má spyrja um brottfallið, þ.e. hvort kennarar fæddir á ákveðnu árabili sæki frekar í önnur störf síðar meir en kennarar sem fæddir eru á öðru árabili.

Hafi áhyggjur af nýliðun í kennarastétt verið til staðar árið 2008, þá er ekki síður ástæða til þess að huga að henni nú fimm árum síðar, því hlutfall kennara yngri en 30 ára var 13,5% árið 2008 en er nú aðeins 6,0%. Jafnframt eru nú 50% fleiri í elsta aldursflokknum, 60 ára og eldri. Þar eru nú 9,7% en voru árið 2008 6,6%.

Í þeim 15 löndum sem tóku þátt í TALIS 2008 og 2013, Ísland þar með talið, þá er þróunin oftast í sömu átt. Konum fjölgar í kennarastétt. Einnig er nýliðun minni víðast hvar. T.d. voru 13,1% kennara yngri en 30 ára í TALIS-löndum að meðaltali árið 2008, en eru nú fimm árum síðar aðeins 9,9%.

#### STARFSLUTFALL

Kennarar voru spurðir um starfshlutfall þeirra (sjá töflu). Flestir kennarar eru í fullu starfi. Aðeins 3,2% kennara er í minna en 50% starfi. Fleiri karlar eru í fullu starfi en konur.

**Tafla 2: Hlutfall (%) kennara í ólíku starfshlutfalli, hér og í TALIS-löndum, og eftir kyni á Íslandi.**

Starfshlutfall	ÍSLAND			TALIS
	KONUR	KARLAR	HEILD	HEILD
Fullt starf (meira en 90% af fullu starfi)	81,7	87,0	83,6	82,4
Hlutastarf (71-90% af fullu starfi)	9,9	3,9	7,8	7,3
Hlutastarf (50-70% af fullu starfi)	5,7	4,6	5,5	6,4
Hlutastarf (minna en 50% af fullu starfi)	2,7	4,4	3,1	3,9

Hlutfall kennara í fullu starfi er svipað hér á landi og í TALIS-löndum að meðaltali.

Þróunin hér á landi milli ára 2008 og 2013 er í þá átt að hlutfall kennara í fullu starfi hefur hækkað lítillega, úr 81,1% í 83,7%. Hlutfall fastráðinna kennara í fullu starfi í TALIS-löndum var 81,9% árið 2008 en er nú mjög svipað eða 80,6% árið 2013.

#### HVERS VEGNA Í HLUTASTARFI?

Kennarar í hlutastarfi voru spurðir hvers vegna þeir væru í hlutastarfi. Um 75% sögðust hafa kosið það sjálf. Hlutfallslega fleiri konur voru í þeim hópi.



**Tafla 3: Ástæður þess að kennarar voru í hlutastarfi, hér og í TALIS-löndum, og eftir kyni á Íslandi.**

Ástæður	ÍSLAND			TALIS
	KONUR (%)	KARLAR (%)	HEILD (%)	HEILD (%)
Ég kaus að vinna í hlutastarfi.	68,6	76,6	74,9	52,2
Það var ekki hægt að fá fullt starf.	31,4	23,4	25,1	47,8

Þótt hlutfall kennara í hlutastarfi sé svipað hér á landi og í öðrum TALIS-löndum, þá eru mun fleiri kennarar hér á landi í þeim hópi sem segjast hafa kosið það sjálfir að vinna í hlutastarfi. Upp undir helmingur kennara í TALIS-löndunum segist vera í hlutastarfi vegna þess að ekki hafi verið hægt að fá fullt starf, tvöfalt fleiri en hér á landi.

#### STARFSTÍMI

Kennarar voru spurðir hversu lengi þeir hefðu verið kennarar í núverandi skóla, hversu lengi þeir hefðu unnið samanlagt við kennslu, fjölda ára í öðrum störfum tengdum menntun og uppeldi (að undanskildu kennarastarfinu) og um fjölda starfsára þeirra í öðrum störfum.

**Tafla 4: Starfstími (ár) við kennslustörf í þessum skóla, í starfi sem kennari, í öðrum störfum við uppeldi og menntun og í öðrum störfum. Meðaltal á Íslandi og í TALIS-löndum.**

	ÍSLAND meðaltal (ár)	TALIS- meðaltal (ár)
Árafjöldi í starfi sem kennari í þessum skóla	10,0	9,8
Samanlagður árafjöldi í starfi sem kennari	14,3	16,2
Fjöldi ára í öðrum störfum tengdum menntun og uppeldi (kennarastarfið ekki talið með)	4,0	2,7
Fjöldi ára í öðrum störfum.	9,6	3,8

Starfstími við kennslustörf í núverandi skóla er mjög áþekkur hér á landi og í öðrum TALIS-löndum eða tæp 10 ár. Íslensku kennararnir skera sig úr að því leyti að þeir hafa unnið ýmis önnur störf í meira mæli en starfsfélagar þeirra í öðrum TALIS-löndum.

Fjöldi ára “í öðrum störfum” (þ. á m. öðrum störfum tengdum menntun og uppeldi) er ríflega tvöfalt meiri hér á landi en í TALIS-löndum að meðaltali.

#### FASTRÁÐNING EÐA TÍMABUNDIN

Kennarar voru spurðir um hvernig ráðningu þeirra væri háttað við skólann. Um 85% voru fastráðnir, aðrir voru ráðnir til skemmri tíma, flestir í innan við eitt skólaár. Hærra hlutfall kvenna er fastráðið.

**Tafla 5: Ráðningarfyrirkomulag: Fastráðning eða tímabundin ráðning (%) hér á landi, eftir kyni, og í TALIS-löndum alls.**

Ráðningarfyrirkomulag	ÍSLAND			TALIS
	KONUR (%)	KARLAR (%)	HEILD (%)	HEILD (%)
Fastráðning (í ótilgreindan tíma fram að eftirlaunaaldri)	86,6	80,9	85,1	82,5
Tímabundin ráðning, lengri en 1 skólaár	4,8	5,9	5,1	5,8
Tímabundin ráðning, 1 skólaár eða styttri	8,6	13,2	9,8	11,9

Hlutfall fastráðinna kennara er hér mjög svipað og í TALIS-löndum að meðaltali.

Milli áranna 2008 og 2013 hefur hlutfall fastráðinna kennara aukist umtalsvert hér á landi, en haldist nánast óbreytt í TALIS-löndunum að meðaltali. Hér var hlutfallið 74,6% árið 2008 en er nú 85,2% og er orðið svipað því sem gerist í öðrum TALIS-löndum að meðaltali. Í TALIS-löndum var hlutfallið 83,4% árið 2008 en er nú 84,4%. Það hefur hækkað aðeins um eitt prósentustig í TALIS-löndum, en hér hefur það hækkað um rúmlega 10 prósentustig.

#### STARF Í FLEIRI EN EINUM SKÓLA

Kennarar voru spurðir hvort þeir störfuðu líka sem kennarar á unglingsstigi í öðrum skóla en þessum?

Aðeins 2,8% svaraði játandi, þar af kváðust 26 kennarar kenna í einum öðrum skóla (1,8% af heildarþátttakendafjölda) og 10 kennarar í tveimur skólum til viðbótar (0,7% af heildarþátttakendafjölda). Fjórir kennarar kváðust kenna í 3 til 5 skólum til viðbótar.

Hlutfall kennara sem starfa í fleiri en einum skóla á unglingsstigi er óbreytt frá 2008. Það var 2,8% þá einnig.

#### FJÖLDI NEMENDA MEÐ SÉRÞARFIR

Kennarar voru spurðir hve margir nemendur með sérþarfir væru alls í bekkjum/kennsluhópum sem þeir kenndu á unglingsstigi í skólanum. Alls sögðu 86,5% kennara að “nokkrir” nemenda þeirra í kennsluhópnum hefðu hlotið formlega greiningu á þörf sinni fyrir sérkennslu. Í 6,1% tilfella var enginn í bekknum með slíka greiningu.

**Tafla 6: Hlutfall (%) kennara sem segir engan, nokkra, flesta eða alla nemendur í tilteknum kennsluhópi vera með formlega greiningu.**

Fjöldi með sérþarfir í kennsluhópi	ÍSLAND
Enginn	6,1
Nokkrir	86,5
Flestir	4,1
Allir	3,3

**Tafla 7: Hlutfall kennara sem hafa lokið tilteknu menntunarstigi hér á landi alls, eftir kyni, og í TALIS-löndum alls.**

Menntunarstig	ÍSLAND			TALIS
	KONUR (%)	KARLAR (%)	HEILD (%)	HEILD (%)
Lægra en ISCED 5	8,6	12,4	10,0	2,3
ISCED 5B	4,2	7,2	4,7	7,1
ISCED 5A	87,2	80,4	85,3	89,5
ISCED 6	0	0	0	1,4

LÆGRA EN ISCED 5: Kennarapróf, ekki á háskólastigi; Sveins- eða iðnmeistarapróf; Listnám (ekki á háskólastigi)

ISCED 5B: Sveins- eða iðnmeistarapróf að viðbættum kennsluréttindum, þ.e. 6- mánn – 2 ára háskólanámi; Listnám (ekki á háskólastigi) að viðbættum kennsluréttindum, þ.e. 6 mánn. – 2 ára háskólanámi; Verk, list-, tækni- eða starfsgreinamiðað háskólanám að hámarki um 2 ár ; Verk, list-, tækni- eða starfsgreinamiðað háskólanám að hámarki um 2 ár, að viðbættum kennsluréttindum (6 mánn. – 2 ár háskólanámi).

ISCED 5A: B.A., B.Sc. (ekki á sviði kennslu/menntunarfræða); B.A., B.Sc. að viðbættu 6 mánn. – 2 ára kennsluréttindanámi; B.Ed.eða önnur bakkalárgráða á sviði menntunar - og/eða kennslufræða; M.A., M.Sc. (ekki á sviði kennslu/menntunarfræða); M.A., M.Sc. að viðbættu 6 mánn. – 2 ára kennsluréttindanámi; M.Ed., M.Art.Ed.eða önnur meistaragráða á sviði menntunar –og/eða kennslufræða.

ISCED 6: Doktorspróf (ekki á sviði kennslu/menntunarfræða); Doktorspróf að viðbættum kennsluréttindum, þ.e. 6 mánn. – 2 ára háskólanámi; Doktorspróf á sviði menntunar og/eða kennslufræða.

Hlutfall kvenna með menntun á ISCED5A stigi er lítið eitt hærri en hlutfall karla hér á landi. Í TALIS-löndum er hærra hlutfall kennara með ISCED 5A menntun eða meira í samanburði við Ísland, sem sker sig mjög úr hvað varðar fjölda kennara með menntun á lægra stigi en ISCED 5. Hér á það við um tæp 10% kennara, en 2,3% í TALIS að meðaltali. Hafa ber í huga að kennaramenntun var áður fyrir ekki á háskólastigi hér á landi.

TALIS-meðaltal kennara með menntuna á ISCED 5A stigi hefur hækkað úr 85,5 %árið 2008 í 87,7% árið 2013. Hlutfall kennara í TALIS á ISCED 6 stigi hefur hækkað ú 0,7% í 1,6% á sama tímabili.

#### KENNARANÁMI LOKIÐ?

Hlutfall kennara sem lokið hefur kennaranámi, kennsluréttindanámi eða öðru námi sem er sérstaklega ætlað til þess að búa þá undir kennarastarfið er 92,4%. Aðrir svara neitandi. Í TALIS-löndunum er þetta hlutfall lægra eða 89,8%.

Marktækur munur er á kynjunum hér á landi: 94,2% kvenna og 88,7% karla hafa lokið slíku námi.

#### INNIHALD MENNTUNAR

Kennarar voru spurðir hvort ákveðnir þættir hefðu verið hluti af menntun þeirra eða þjálfun. Í aðeins rúmlega 40% tilvika hefur námsefni, kennslufræði námsgreinarinnar og reynsla í kennslustofu verið hluti af kennaranámi viðkomandi kennara í öllum námsgreinum sem hann eða hún kennir. Í um 11 til 13% tilvika hefur námsefnið, kennslufræðin eða kennslureynslan verið í *engri* kennslugrein sem viðkomandi kennari kennir nú.

**Tafla 8: Hlutfall (%) kennara sem segir námsefni, kennslufræði og/eða reynslu í kennslustofu hafa verið hluta af menntun þeirra eða þjálfun í öllum, sumum eða engri námsgrein sem þeir kenna. Samanburður við TALIS-lönd.**

	ÍSLAND			TALIS
	Nei	Já, í sumum námsgreinum sem ég kenni	Já, í öllum námsgreinum sem ég kenni	Já, í öllum námsgreinum sem ég kenni
Námsefni (innihald) greinarinnar/-greinanna sem viðkomandi kennir	13,0	45,4	41,7	72,5
Kennslufræði náms-greinarinnar/-greinanna sem viðkomandi kennir	11,5	45,2	43,1	69,6
Reynsla í kennslustofu (verklegr þjálfun, starfsþjálfun eða æfingakennsla) í námsgreininni/-greinunum sem viðkomandi kennir	13,2	44,4	42,2	67,1

Hér á landi er mun lægra hlutfall kennara, samanborið við TALIS-löndin, sem segir að námsefni, kennslufræði námsgreinarinnar og/eða æfingakennsla hafi verið hluti af menntun þeirra eða þjálfun í öllum greinunum sem þeir kennara. Menntun kennara í öðrum TALIS-löndum að meðaltali virðist miðast meira við einstakar kennslugreinar í samanburði við kennaramenntun hér á landi.

#### UNDIRBÚNINGUR

Kennarar voru spurðir hversu vel þeim fyndist þeir vera undirbúnir varðandi námsefni, kennslufræði og reynslu í kennslustofu í námsgreininni sem þeir kenndu. Svör má sjá í töflunni hér á eftir. Minnihluti segist mjög vel undirbúinn varðandi þessa þrjá þætti.

**Tafla 9: Hlutfall kennara sem fannst þeir vera alls ekki, nokkuð, vel eða mjög vel undirbúna varðandi námsefni, kennslufræði og/eða reynslu í kennslustofu í greinunum sem þeir kenna. Samanburður við TALIS-lönd.**

	ÍSLAND					TALIS
	Alls ekki	Nokkuð	Vel	Mjög vel	Vel og Mjög vel samtals	Vel og Mjög vel samtals
Námsefni (innihald) greinarinnar/-greinanna sem ég kenni	2,5	14,6	39,6	43,3	83,1	93,2
Kennslufræði náms-greinarinnar/-greinanna sem ég kenni	2,4	19,5	46,1	32,0	78,5	88,9
Reynsla í kennslustofu í námsgreininni/-greinunum sem ég kenni	3,7	18,4	35,7	42,2	78,3	88,6

Hærra hlutfall kennara í TALIS-löndunum telur sig “vel” eða “mjög vel” undirbúna varðandi námsefni, kennslufræði og/eða reynslu í kennslustofunni í greinunum sem þeir kenna. Hlutfallið fyrir TALIS-löndin að meðaltali er um 10 prósentustigum hærra í þessum þremur þáttum (námsefni, kennslufræði námsgreinarinnar og reynslu í kennslustofu í námsgreininni) í samanburði við Ísland.

#### NÁMSGREINAR SEM VORU HLUTI AF FORMLEGRI ÞJÁLFUN EÐA NÁMI

Þátttakendur voru spurðir hvort ákveðnar námsgreinar hefðu verið hluti af formlegri þjálfun þeirra eða námi. Fyrir hverja námsgrein tilgreindu þeir hvort námsgreinin hefði verið hluti af námi á fjórum ólíkum námsstigum, þ.e. stigum 1, 2, 3 og 4 sem lýst er nánar hér fyrir neðan.

Námsstig	
1	Í námi mínu á mörkum framhaldsskólastigs og æðra námsstigs, fræðilegu eða starfsgreinamiðuðu, eða í verk-, tækni- eða starfsgreinamiðuðu háskólanámi að hámarki 2 ár
2	Í bakkalár, meistara- eða doktorsnámi
3	Sérhæfði mig í kennslu greinarinnar (innihaldi, kennslufræði eða kennsluháttum greinarinnar) í kennaranáminu
4	Á námskeiðum eða endurmenntun í starfi

**Tafla 10: Hlutfall (%) kennara sem lærði um einstakar námsgreinar 1) í námi á mörkum framhaldsskólastigs og háskólastigs; 2) í háskóla 3) með sérhæfingu sem hluta af kennaranáminu; 4) á námskeiðum eða endurmenntun sbr. nánari lýsing í töflu að ofan. Merkja mátti við fleira en eitt námsstig við hverja námsgrein.**

	1 Í námi á mörkum framhaldsskólastigs og háskólastigs	2 Í bakkalár, meistarara- eða doktorsnámi	3 Með sérhæfingu í kennaranáminu	4 Á náms- skeiðum eða endurmenntun
Lestur, ritun og bókmenntir	26,3	36,6	20,8	23,8
Stærðfræði	24,2	30,3	12,9	16,5
Náttúrufræði	21,7	18,2	11,7	13,2
Samfélagsfræði	22,6	19,3	12,3	10,0
Erlend tungumál, nútímamál	23,6	15,6	11,9	12,0
Forngríska og/eða latína	6,0	0,8	0,5	1,4
Tæknifræði	6,5	4,0	1,6	5,4
Listgreinar	18,1	18	14	11,9
Íþróttir	21,4	9	9,2	8
Trúarbrögð og/eða siðfræði	15,1	16,2	5,9	5,1
Verk- og starfsmenntun	13	14,2	9,4	8,2
Þverfaglegar námsgreinar	8,5	15,4	4,3	9,9
Annað (vinsamlega tilgreindu nánar hér að neðan)	2,1	2,5	1,5	2,1

Það er mjög fjölbreytilegt á hvaða námsstigi kennarar hafa fengið menntun í einstökum kennslugreinum. Hafa skal í huga að hér eru allir þátttakendur spurðir um menntun í öllum kennslugreinum, ekki aðeins þeim greinum sem þeir kenna sjálfir nú.

#### FJÖLDI KENNARA Í HVERRI NÁMSGREIN

Hlutfall kennara sem kennir hverja námsgrein á unglingsstigi má sjá í töflunni hér að neðan. Merkja mátti við fleiri en eina grein, enda kenna margir fleiri en eitt fag.

**Tafla 11: Hlutfall (%) kennara sem kennir einstakar kennslugreinar. Merkja mátti við fleiri en eina grein.**

Kennslugrein	Hlutfall (%) sem kennir hverja grein
Lestur, ritun og bókmenntir	34,0
Stærðfræði	29,8
Náttúrufræði	18,7
Samfélagsfræði	21,4
Erlend tungumál, nútímamál	31,1
Forngríska og/eða latína	0,1
Tæknifræði	6,1
Listgreinar	20,9
Íþróttir	14,3
Trúarbrögð og/eða siðfræði	9,6
Verk- og starfsmenntun	13,3
Annað	24,8

Flestir (um þriðjungur) kenna lestur, ritun og bókmenntir, og litlu færri erlend tungumál, nútímamál, og stærðfræði kenna tæplega 30%.

#### HVERNIG ER TÍMANUM VARIÐ?

Kennarar voru spurðir hve mörgum 60 mínútna klukkustundum alls þeir hefðu varið til kennslu, undirbúnings kennslu, til einkunnagjafar, til samstarfs við aðra kennara, þátttöku í starfsmannafundum og annarra verkefna tengdum starfinu í þessum skóla.

Að meðaltali höfðu kennarar varið 35,0 klst. (staðalfrávik=15,4) til þessara verka. Til samanburðar var meðaltalið í TALIS-löndunum 38,3 klst. Ef aðeins eru skoðaðir þeir sem eru í fullu starfi þá er meðaltalið 37,22 klst. (staðalfrávik=14,8).

Kennarar voru einnig spurðir hve mörgum 60 mínútna klukkustundum þeir hefðu varið í síðustu heilu vikunni í kennslu, þ.e. þeir áttu aðeins að tilgreina tímann sem fór í kennslu.

Að meðaltali höfðu kennarar varið 19,0 klst. (staðalfrávik=7,4) í kennslu í síðustu heilu vikunni. Til samanburðar var meðaltalið í TALIS-löndunum 19,3 klst. Ef aðeins eru taldir þeir sem voru í fullri kennslu, þá var tíminn 20,29 klst (staðalfrávik=6,9) sem varið var til kennslu.

Miðað við þessar tölur þá má ætla að 54,4% tímans hafi verið varið til kennslu hjá öllum kennurum. Mjög svipað tímahlutfall fer til kennslu hjá þeim sem eru í fullu starfi eða 54,5%.

Því næst var spurt hve miklum tíma hafði verið varið í ýmis verk *önnur en kennslu*. Niðurstöður fyrir hópinn í heild, óháð kennsluhlutfalli, eru sýndar í töflunni hér að neðan.

**Tafla 12: Meðalfjöldi klukkustunda (60 mín) sem kennarar sögðust hafa varið í ýmis verk önnur en kennslu sem kennari við skólann. Samanburður við TALIS-lönd.**

Verk	ÍSLAND Meðalfjöldi klukkustunda	TALIS Meðalfjöldi klukkustunda
Einstaklingsvinna við skipulag eða undirbúning kennslustunda annaðhvort í skólanum eða utan hans	7,3	7,1
Hópvinnu og umræður við samstarfsfólk innan þessa skóla	3,8	2,9
Einkunnagjöf/leiðréttingar á verkefnum nemenda	3,2	4,9
Nemendaráðgjöf (þar með talin umsjón, fjarráðgjöf, starfsráðgjöf og ráðgjöf vegna afbrota nemandans)	1,4	2,2
Þátttaka í skólastjórnun	1,2	1,6
Almenn stjórnunarstörf (þar með talin samskipti, pappírsvinna og önnur skrifstofustörf sem eru hluti af starfi þínu sem kennari)	2,0	2,9
Samskipti og samstarf við foreldra eða forráðamenn	1,4	1,6
Þátttaka í tómsundastarfi utan kennslustunda (t.d. íþróttum og menningarstarfi eftir skóla)	1,1	2,1
Önnur verk	2,3	2,0

Eins og fram kom að ofan, þá fer ríflega helmingur vinnutímans í kennslu. Næst mestum tíma er varið til skipulags og undirbúnings kennslunnar (7,26 klst). Sennilega er hæpið að leggja saman tímafjölda í ofangreindum töflum og búast við því að með því að leggja þær saman fáiist raunhæf heildartala unninna klukkustunda, enda erfitt fyrir svarandann að meta tímann sem fer í hvert verk, aðskilið frá öðrum skyldum verkefnum. Ísland er svipað TALIS-meðaltalinu að mestu leyti.



### KAFLI 3: STARFSÞRÓUN KENNARA

Í spurningalistanum er starfsþróun skilgreind sem “þær athafnir sem miða að því að auka hæfni, kunnáttu, sérfræðipækkingu og aðra eiginleika kennara í starfi.” (bls. 9).

#### NÝLIÐAÞJÁLFUN

Fyrst var spurt hvort viðkomandi hefði fengið nýliðaþjálfun í fyrsta starfinu sem fastráðinn kennari. “Nýliðaþjálfun” var skilgreind sem “skipulagt starf til að styðja þig í upphafi kennaraferils þíns, til dæmis starf með öðrum nýjum kennurum, leiðsögn reyndra kennara o.s.frv.”.

**Tafla 13: Hlutfall kennara sem fékk nýliðaþjálfun af ýmsu tagi í upphafi kennaraferils.**

Tegund nýliðaþjálfunar	Hlutfall (%)
Ég tók/tek þátt í nýliðaþjálfun	30,1
Ég tók/tek þátt í <u>óformlegri</u> kynningu fyrir nýliða, þó ekki formlegri nýliðaþjálfun	34,6
Ég tók/tek þátt í almennri kynningu á skipulagi og stjórnun skólans	36,9

Merkja mátti við í hverri línu, þ.e. öll þrjú atriðin ef það átti við. Aðeins um þriðjungur starfandi kennara virðist hafa tekið þátt í nýliðaþjálfun af hverju tagi.

#### LEIÐSÖGN, VEITT OG ÞEGIN

Allir kennarar voru spurðir hvort þeir sæju um leiðsögn eins eða fleiri kennara, eða hvort þeir hefðu tiltekin leiðsagnaraðila sér til stuðnings. Tekið var fram að ekki væri átt við leiðsögn nemenda í kennaranámi sem starfandi kennari í skóla veitir.

**Tafla 14: Leiðsögn kennara við skólann, veitt og/eða þegin.**

Leiðsögn, veitt eða þegin	Hlutfall (%)
Ég hef tiltekinn leiðsagnaraðila mér til stuðnings núna	5,9
Ég sé um leiðsögn eins eða fleiri kennara	12,1

Aðeins um einn af hverjum 16 kennurum (um 6%) hefur tiltekinn leiðsagnaraðila formlega sér til stuðnings núna. Um áttundi hver kennari veitir svo öðrum leiðsögn við skólann.

#### ÞÁTTTAKA Í STARFSÞRÓUNARVERKEFNUM

Kennarar voru spurðir hvort þeir hefðu tekið þátt í ýmsum tegundum starfsþróunarverkefna á síðustu 12 mánuðum, og ef svo, hve marga daga það hefði tekið. Aðeins þeir sem merktu “já” við tiltekna tegund starfsþróunar tilgreindu tímann sem þeir höfðu varið til hennar.

**Tafla 15: Hlutfall kennara (%) sem tók þátt í starfsþróunarverkefni af tilteknu tagi, og fjöldi daga sem það tók. Samanburður við TALIS-lönd.**

Tegund starfsþróunarverkefna	ÍSLAND	TALIS
Námskeið/vinnustofur (t.d. í námsefni eða aðferðum og/eða öðrum kennslufræðilegum viðfangsefnum)	70,0	70,9
Menntaráðstefnur eða málstofur (þar sem kennarar og/eða fræðimenn kynna rannsóknarniðurstöður sínar og ræða viðfangsefni í menntamálum)	58,2	43,6
Vettvangsferðir í aðra skóla	52,1	19,0
Vettvangsferðir í fyrirtæki, til stofnana og samtaka	15,1	12,8
Starfsþjálfunarnámskeið hjá fyrirtæki, stofnun eða samtökum	9,3	14,0

Á síðustu 12 mánuðum hafa um 70% kennara tekið þátt í námskeiðum eða vinnustofum. Ríflega helmingur hefur sótt menntaráðstefnur eða málstofur og/eða vettvangsferðir í aðra skóla.

Í samanburði við önnur TALIS-lönd að meðaltali þá hafa íslenskir kennarar sótt námskeið/vinnustofur í svipuðum mæli og önnur TALIS-lönd. Mun hærra hlutfall íslenskra kennara hefur sótt menntaráðstefnur eða málstofur og/eða farið í vettvangsferðir í aðra skóla, samanborið við önnur TALIS-lönd.

Í samanburði við TALIS 2008 hér á landi, þá virðast kennara nú sækja menntaráðstefnur eða málstofur í hlutfallslega auknum mæli (nú 58,3%, áður 52,6%). Á hinn bóginn skipa vettvangsferðir í aðra skóla minni sess (nú 52,4%, áður 60,7%).

Einnig var spurt hvort kennarar hefðu tekið þátt í ýmsum öðrum starfsþróunarverkefnum síðsuttu 12 mánuði.

**Tafla 16: Hlutfall kennara (%) sem tók þátt í tiltekinni tegund starfsþróunarverkefnis á síðustu 12 mánuðum. Samanburður við TALIS-lönd.**

Tegund starfsþróunarverkefnis	ÍSLAND	TALIS
Í réttindanámi (t.d. námi sem leiddi til prófgráðu)	10,8	17,9
Þátttaka í samstarfi kennara, sérstaklega skipulögðu með starfsþróun kennara í huga	56,3	36,9
Vann ein(n) eða í samvinnu við aðra að rannsóknarverkefni innan áhugasviðs míns	20,7	31,1
Sinnti leiðsögn og/eða fylgdist með og þjálfaði starfsfélaga en það var hluti af formlegu skólastarfi	15,1	29,5

Flestir tóku þátt í samstarfi kennara, sérstaklega skipulögðu með starfsþróun í huga (um 56%). Fimmthver kennari vann rannsóknarverkefni á áhugasviði sínu, rúmlega tíundi hver kennari

stundaði réttindanám á síðustu 12 mánuðum og um 15% sinnti leiðsögn og/eða fylgdist með og þjálfaði starfsfélaga. Hlutfallið í þessu síðastalda atriði er svipað því sem kom fram í við spurningu 20b) að ofan sem fjallar um svipað málefni, en með aðeins ólíku orðalagi. Þar segjast um 12% sjá um leiðsögn eins eða fleiri kennara.

Þátttaka kennara á Íslandi í samstarfi kennara, sérstaklega skipulögðu með starfsþróun kennara í huga, er mun meiri en að meðaltali í þátttökulöndum TALIS. Aðrar tegundir starfsþróunarverkefna (þ. á m. réttindanám, leiðsögn starfsfélaga eða rannsóknarverkefni) eru hins vegar meira stunduð í öðrum TALIS-löndum að meðaltali.

Hér á landi tóku 91,1% kennara þátt í einhvers konar starfsþróunarverkefni á síðastliðnum 12 mánuðum, sem er lítið eitt hærra en hlutfall en í TALIS-löndum að meðaltali. TALIS hlutfallið var 88,4%.

Samanburður milli ára 2008 og 2013 sýnir áhugaverða þróun hér á landi í samanburði við önnur TALIS-lönd. Hlutfall kennara sem hefur tekið þátt í einhvers konar starfsþróunarverkefnum á síðastliðnum 12 mánuðum hefur staðið í stað í TALIS-löndum að meðaltali. Það var 87,6% árið 2008 en er nú 87,7%. Hér á landi hefur þetta hlutfall hins vegar aukist mikið, frá 77,1% árið 2008 í 90,7% árið 2013.

Þeir sem ekki höfðu tekið þátt í starfsþróunarverkefnum síðustu 12 mánuði voru beðnir um að sleppa næstu spurningum, sem fjalla um eðli starfsþróunarinnar. Þeir svöruðu næst spurningum um þörf þeirra fyrir starfsþróun.

Þeir sem höfðu tekið þátt í starfsþróunarverkefnum voru beðnir um að tilgreina á hvaða sviði þau hefðu verið.

**Tafla 17: Hvaða sviðum tengdust starfsþróunarverkefnin sem tekið var þátt í síðustu 12 mánuði? Hlutfall (%) þátttakenda sem taldi þau hafa nokkur eða mikil jákvæð áhrif á viðkomandi sviði. Samanburður við TALIS-lönd.**

Á hvaða sviðum voru starfsþróunarverkefnin?	Hlutfall sem telur starfsþróunarverkefnið tengjast viðkomandi sviði		Hlutfall sem telur starfsþróunarverkefnið hafa “nokkur áhrif” eða “mikil áhrif”	
	ÍSLAND	TALIS	ÍSLAND	TALIS
Þekking og skilningur á aðalkennslugrein/um minni/mínum	58,5	72,7	94,5	90,8
Hæfni til kennslu á aðalkennslugrein/um minni/mínum	52,4	67,9	93,2	87,2
Þekking á námskránni	73,8	56,3	77,6	84,3
Námsmatsaðferðir	61,7	57,2	79,8	82,9
Færni í notkun upplýsinga- og samskiptatækni við kennslu	43,9	54,2	78,3	80,3
Hegðun nemenda og stjórnun í kennslustofunni	31,2	43,7	82,1	80,9
Rekstur skóla og stjórnun	5,3	18,4	77,2	76,4
Aðferðir við einstaklingsmiðað nám	36,6	40,7	77,7	80,4
Kennsla nemenda með sérþarfir	25,5	31,7	81,9	77,3
Kennsla í fjölmenningarumhverfi	13,1	16,4	67	76,7
Kennsla í samfaglegum viðfangsefnum (t.d. þrautalausnir, námstækni)	16,6	38,5	74,7	80,5
Aðferðir við þróun á þverfaglegri hæfni fyrir framtíðarstarf eða nám	12,2	20,7	79,5	79,2
Ný tækni á vinnustaðnum	34,1	40,0	80,5	78,8
Nemenda- og starfsráðgjöf	7,0	23,6	71,8	79,9

Hæst hlutfall íslenskra þátttakenda sem hafði tekið þátt í starfsþróunarverkefnum á síðustu 12 mánuðum hafði tekið þátt í verkefnum um námskrána og námsmatsaðferðir. Um öll starfsþróunarverkefnin gildi það, að yfirgnæfandi meirihluti taldi þau hafa haft nokkur eða mikil jákvæð áhrif á kennslu þeirra.

Í samanburði við önnur TALIS-lönd, þá tengjast starfsþróunarverkefnið meira “þekkingu á námskrá” og “námsmatsaðferðum” hér á landi en í öðrum TALIS-löndum. Á öðrum sviðum er prósentutalan hærrí í TALIS-meðaltalinu. Af þeim sem tóku þátt í starfsþróunarverkefnum yfir höfuð, þá tók umtalsvert herra hlutfall kennara í TALIS-löndum þátt í starfsþróunarverkefni sem tengdist þekkingu og skilningi á aðalkennslugrein, hæfni til kennslu á aðalkennslugrein, hegðun og stjórnun í kennslustofunni, nemenda- og starfsráðgjöf og kennslu í samfaglegum viðfangsefnum.

Þótt munurinn sé ekki mikill, þá er algengara að kennarar hér á landi telji áhrifin af starfsþróunarverkefnunum minni, samanborið við önnur TALIS-lönd.

Hærra hlutfall þátttakenda í starfsþróunarverkefnum hér á landi telur starfsþróunarverkefnið hafa haft “nokkur” eða “mikil áhrif” í samanburði við önnur TALIS-lönd, þegar starfsþróunarverkefnið hafa lotið að þekkingu og skilningi á aðalkennslugrein, hæfni til kennslu á aðalkennslugrein og kennslu nemenda með sérþarfir.

#### *KOSTNAÐUR, HVER GREIÐIR?*

Kennarar sem höfðu tekið þátt í starfsþróunarverkefnum á síðustu 12 mánuðum voru spurðir hversu mikið þeir sjálfir hefðu þurft að greiða fyrir þá starfsþróun sem þeir tóku þátt í.

Í hópi kennara sagðist 60,8% ekkert hafa þurft að greiða sjálf(ur), 32,9% greiddi hluta og 6,3% greiddi allan kostnað vegna starfsþróunar sinnar. Í TALIS-löndunum höfðu 66,1% ekkert greitt sjálf(ir), 25,2% greiddu hluta og 8,6% allan kostnað vegna starfsþróunar sinnar. Það er því meira um það hér á landi, að kennarar taki einhvern þátt í kostnaði vegna starfsþróunarverkefna sem þeir taka þátt í.

#### *ÝMIS STUÐNINGUR VEGNA STARFSÞRÓUNAR*

Af þeim sem tóku þátt í starfsþróunarverkefnum, þá fékk 74,5% að sinna starfsþróuninni í vinnutíma, 6,7% fengu launauppbót fyrir starfsþróunarverkefni sem þau sinntu utan hefðbundins vinnutíma og 15,3% fengu stuðning, þó ekki fjárhagslegan, vegna starfsþróunar utan vinnutíma (minnkaða kennsluskyldu, orlofsdaga, námsleyfi og þess háttar).

Í TALIS-löndum að meðaltali tíðkast það mun minna, að kennarar sinni starfsþróun í vinnutíma. Aðeins 54,5% gerðu það, að meðaltali í þátttökulöndunum. Áhrif á laun, í formi launauppbótar, voru þó svipuð og hér á landi og smávægileg: 7,9% kennara í TALIS-löndunum sagðist hafa fengið launauppbót fyrir starfsþróunarverkefni sem þeir sinntu fyrir utan hefðbundins vinnutíma. Í TALIS-löndum höfðu 14,1% kennara fengið stuðning, þó ekki fjárhagslegan, vegna starfsþróunar utan vinnutíma.

Helsti munurinn milli Íslands og annarra TALIS-landa að meðaltali felst þá í því, að herra hlutfall hér á landi fær að sinna starfsþróun í vinnutíma.

Samanburður milli ára 2008 og 2013 bendir til þess að hlutfall kennara sem greiddi ekkert vegna starfsþróunarverkefna hafi lækkað hér á landi, en hækkað lítið eitt í TALIS-löndum að meðaltali.

**Tafla 18: Hlutfall (%) kennara sem greiddi ekkert vegna starfsþróunarverkefna á Íslandi og í TALIS-löndum að meðaltali árin 2008 og 2013.**

	2008	2013
Ísland	67,8	61,3
TALIS-meðaltal	61,8	63,6

#### EÐLI VERKEFNANNA

**Tafla 19: Að hve miklu leyti fólu starfsþróunarverkefnin í sér hópvinnu samkennara, tækifæri til virkrar þátttöku í námi, samstarf við nám eða rannsóknarvinnu með öðrum kennurum, eða verkefni yfir lengri tíma. Samanburður við TALIS-lönd.**

	ÍSLAND					TALIS
	Nei, ekkert verkefnanna	Já, sum verkefnanna	Já, flest verkefnanna	Já, öll verkefnanna	„flest“ eða „öll“ verkefnanna“	„flest“ eða „öll“ verkefnanna
Hóp samkennara úr skólanum mínum eða faghóp	14,7	46,9	24,3	14,1	38,3	39,6
Tækifæri til virkrar þátttöku í námi (ekki bara að hlusta á kennarann)	25,8	50,7	18,1	5,4	23,6	33,4
Samstarf við nám eða rannsóknarvinnu með öðrum kennurum	45,9	37,6	11,8	4,8	17,2	25,8
Verkefni yfir lengri tíma (margar stundir sem dreifðust yfir fjölda vikna eða mánuða)	40,4	37,8	14,4	7,4	22,1	19,8

Í flestum tilfellum fólu a.m.k. sum starfsþróunarverkefnin í sér samvinnu hóps samkennara við skólann eða faghóp. Í 75% tilvika fólu þau í sér tækifæri til virkrar þátttöku í námi (ekki bara að hlusta á kennarann). Í ríflega helmingi tilfella fólu starfsþróunarverkefnin í sér samstarf við nám eða rannsóknarvinnu með öðrum kennurum og þau dreifðust yfir lengri tíma (vikur eða mánuði).

Starfsþróunarverkefnin í TALIS-löndum að meðaltali fólu í sér meiri tækifæri til virkrar þátttöku í námi og nám eða rannsóknarvinnu með öðrum kennurum.

## ÞÖRF FYRIR STARFSÞRÓUN

Allir kennarar voru beðnir um að tilgreina þörf sína fyrir starfsþróun á tilteknum sviðum.

**Tafla 20: Hlutfall (%) kennara sem telur sig hafa nokkra eða mikla þörf fyrir starfsþróunarverkefni á tilteknum sviðum. Samanburður við TALIS-lönd.**

Svið	ÍSLAND Mikil þörf (%)	TALIS Mikil þörf (%)
Þekking og skilningur á aðalkennslugrein/um minni/mínum	9,1	8,7
Hæfni til kennslu á aðalkennslugrein/um minni/mínum	8,7	9,7
Þekking á námskrá	22,5	7,9
Námsmatsaðferðir	18,3	11,6
Færni í notkun upplýsinga- og samskiptatækni við kennslu	28,8	18,9
Hegðun nemenda og stjórnun í kennslustofunni	14,3	13,1
Rekstur skóla og stjórnun	4,9	8,7
Aðferðir við einstaklingsmiðað nám	11,9	12,5
Kennsla nemenda með sérþarfir (sjá skilgreiningu í spurningu 9)	16	22,3
Kennsla í fjölmennningarumhverfi	8,9	12,7
Kennsla í samfaglegum viðfangsefnum (t.d. þrautalausnir, námstækni)	6,5	11,0
Aðferðir við þróun á þverfaglegri hæfni fyrir framtíðarstarf eða nám	7,5	10,4
Ný tækni á vinnustaðnum	18,9	17,8
Nemenda- og starfsráðgjöf	6,4	12,4

Umtalsverð þörf var fyrir starfsþróun á flestum sviðum, að mati kennara, ekki síst á sviði þekkingar á námskrá, námsmatsaðferða og færni í notkun upplýsinga- og samskiptatækni við kennslu. Kennarar töldu sig hafa mun minni þörf fyrir starfsþróun á sviði rekstrar skóla og stjórnunar og nemenda- og starfsráðgjafar.

Hér á landi er þörf fyrir starfsþróun meiri en í TALIS-löndum að meðaltali varðandi þekkingu á námskrá, námsmatsaðferðir og færni í notkun upplýsinga- og samskiptatækni.

Í TALIS-löndum að meðaltali telur hærra hlutfall kennara sig hafa “mikla þörf” – og meiri þörf en kennarar hér á landi – fyrir starfsþróun á sviði kennslu nemenda með sérþarfir, kennslu í fjölmennningarumhverfi, kennslu í samfaglegum viðfangsefnum (t.d. þrautalausnum og námstækni) og nemenda- og starfsráðgjöf.

Fimm atriði voru sameiginleg í fyrirlögnunum árin 2008 og 2013 og bjóða því upp á samanburð yfir þetta fimm ára tímabil.

**Tafla 21: Hlutfall (%) kennara sem telur sig hafa nokkra eða mikla þörf fyrir starfsþróunarverkefni á tilteknum sviðum, árin 2008 og 2013, á Íslandi og í TALIS-löndum að meðaltali.**

	ÍSLAND		TALIS	
	2008	2013	2008	2013
Þekking og skilningur á aðalkennslugrein/um minni/mínum	10,3	9,0	18,0	9,4
Færni í notkun upplýsinga- og samskiptatækni við kennslu	17,3	28,3	24,2	20,8
Rekstur skóla og stjórnun	7,9	4,5	10,3	9,6
Kennsla nemenda með sérþarfir (sjá skilgreiningu í spurningu 9)	23,2	15,5	30,1	23,7
Kennsla í fjölmeningarumhverfi	14,0	8,9	14,1	15,1

Hér á landi hefur þörfin aukist fyrir starfsþróun á sviði færni í notkun upplýsinga- og samskiptatækni við kennslu, en lækkað nokkuð varðandi rekstur skóla og stjórnun (var þó aldrei há á því sviði), kennslu nemenda með sérþarfir og kennslu í fjölmeningarumhverfi. Í TALIS-löndum er þörfin fyrir starfsþróun í fjölmeningarumhverfi og rekstur skóla og stjórnun hins vegar að mestu óbreytt, en hefur lækkað varðandi þekkingu og skilning á aðalkennslugrein (um helming), færni í notkun upplýsinga- og samskiptatækni við kennslu og kennslu nemenda með sérþarfir.

#### MÖGULEGAR HINDRANIR VIÐ STARFSÞRÓUN

Kennarar voru spurðir hversu sammála eða ósammála þeir væru því að tiltekin atriði gætu orðið hindrun á vegi þeirra til frekari starfsþróunar.



**Tafla 22: Hlutfall (%) kennara sem er sammála eða mjög sammála því að tiltekin atriði gætu orðið hindrun á vegi þeirra til frekari starfsþróunar. Samanburður við TALIS-lönd.**

Möguleg hindrun	Sammála eða mjög sammála	
	ÍSLAND	TALIS
Ég stenst ekki forkröfur (t.d. hæfniskröfur, reynslu, starfsaldur).	5,5	11,1
Þjálfun er of dýr/ég hef ekki efni á henni.	43,1	43,8
Ég fæ ekki stuðning frá vinnuveitanda mínum.	14,5	31,6
Þjálfunin rekst á við vinnutíma minn.	57,9	50,6
Ég hef ekki tíma þar sem ég þarf að sinna fjölskyldu minni.	40,7	35,7
Það er engin viðeigandi þjálfun í boði.	40,9	39,0
Það er enginn hvati til að taka þátt í slíkum verkefnum.	40,7	48,0

Flestir eru sammála eða mjög sammála því að þjálfunin geti rekist á við vinnutíma þeirra, og það geti mögulega verið hindrun á vegi þeirra til frekari starfsþróunar. Innan við helmingur (um 40%) telur kostnað, tímaskort vegna fjölskylduskuldbindinga, skort á hvata eða framboði á viðeigandi þjálfun geta staðið í vegi fyrir þátttöku í starfsþróunarverkefnum. Fáir (14%) hér á landi telja að stuðning frá vinnuveitanda vanti, eða að þeir standist ekki hæfniskröfur til þátttöku í viðkomandi starfsþróun.

Samanturður við önnur TALIS-lönd sýnir að helmingi færri hér á landi telja að þeir fengju ekki stuðning frá vinnuveitanda til þess að stunda starfsþróunarverkefni. Hins vegar er nokkuð meira um það hér á landi, að þjálfunin rekist á vinnutíma eða að annir vegna fjölskyldunnar geti hindrað frekari starfsþróun. Minna hlutfall hér á landi segir “engan hvata” til að taka þátt í starfsþróunarverkefnum. Einnig eru færri hér á landi sem telja sig ekki standast þær forkröfur sem gerðar eru til þátttöku í starfsþróunarverkefnum.

Bæði hér á landi og í TALIS almennt kvarta kennarar meira undan því 2013 að þjálfun hafi verið of dýr til þess að þeir gætu tekið þátt í henni í samanburði við árið 2008. Raunar eru nánast allar ástæður tilgreindar oftari árið 2013 en var árið 2008. Fleiri virðast sem sagt sjá ljón á vegi frekari starfsþróunar. Stuðningur frá vinnuveitanda virðist minni, kennarar segjast síður standast forkröfur, þjálfunin rekst á við vinnutíma og annir vegna fjölskyldu. Á hinn bóginn er síður nefnt sem hindrun, að þjálfunin sem er í boði hafi ekki hentað.

## KAFLI 4: MAT Á STARFI KENNARA OG ENDURGJÖF

Í spurningalistanum er kennaranum veitt eftirfarandi skýring á hugtakinu “endurgjöf”:

“Endurgjöf” er almennt skilgreint og tekur til hvers konar upplýsinga sem þú færð um kennslu þína, sem byggja á einhvers konar skoðun á starfinu (t.d. með því að fylgjast með þér kenna, ræða um námsefni þitt, kennsluaðferðir eða einkunnir nemenda þinna). (p. 15)

Svo voru þátttakendur beðnir um að tilgreina hvort þeir hefðu fengið endurgjöf um ýmis atriði frá tilteknum aðilum.

*ENDURGJÖF: FRÁ HVERJUM OG UM HVAD?*

**Tafla 23: Hlutfall kennara (%) sem fengið hefur endurgjöf um tiltekin efni frá tilteknum aðilum. Samanburður við TALIS-lönd.**

	ÍSLAND						Hlutfall sem hefur fengið endurgjöf frá a.m.k. einum aðilanna	
	Ytri aðilar eða stofnanir*	Skóla-stjóri	Stjórn-endur innan skólans	Aðilar sem sinna leiðsögn kennara	Aðrir kennarar (ekki í stjórn-enda-teymi)	Ég hef aldrei fengið þess háttar endurgjöf í þessum skóla	ÍSLAND	TALIS
Endurgjöf eftir beina athugun á bekkjarkennslu þinni	7,8	9,5	15	2,7	14,7	63,4	35,9	78,8
Endurgjöf eftir kennaramat frá nemendum þínum	1,5	3,1	8,6	0,9	6,0	82,6	17,3	53,3
Endurgjöf eftir mat á þekkingu þinni á kennsluefninu	1,8	4,9	8,6	1,0	7,4	81,5	18,1	54,8
Endurgjöf eftir greiningu á einkunnum nemenda þinna	2,3	6,8	13,0	0,9	9,6	72,9	26,6	63,6
Endurgjöf eftir sjálfsmat þitt á kennslunni (t.d. byggt á hæfnimöppu)	1,0	4,4	7,5	0,7	4,3	84,1	15,3	52,7
Endurgjöf í kjölfar skoðanakannana eða samræðna við foreldra eða forráðamenn nemenda	3,8	10,2	16,4	1,8	7,0	68,4	31,3	53,4

\*Hér er t.d. átt við eftirlitsaðila, fulltrúa sveitarfélags eða skólaskrifstofu eða annars aðila utan skólans.

Í 6. talnadálki má sjá að í um 63 til 84% tilfella hafa kennarar aldrei fengið endurgjöf um þau atriði sem nefnd eru í dálkinum lengst til vinstri. Endurgjöf eftir sjálfsmat kennarans á kennslunni er fátíðast (84% hafa aldrei fengið slíkt endurmat), en algengast að endurgjöf komi eftir beina athugun á bekkjarkennslu kennarans (63,4). Endurmatið á sér þó aðeins stað hjá um þriðjungum kennara.

Endurgjöf í kjölfar beinnar athugunar á bekkjarkennslu kennarans er einkum veitt af stjórnendum innan skólans og öðrum kennurum (ekki í stjórnendateymi). Einnig veitir skólastjóri slíka endurgjöf í tæplega 10% tilfella.

Kennaramat frá nemendum leiðir til endurgjafar í tæplega 9% tilvika frá stjórnendum innan skólans og frá öðrum kennurum í 6% tilfella.

Endurgjöf eftir mat á þekkingu kennarans á kennlusefninu er sjaldgæf. Stjórnendur innan skólans veita hana í 8,6% tilfella. Aðrir kennarar veita hana sjaldnar. Skólastjórar veita slíka endurgjöf í um 5% tilfella.

Stjórnendur innan skólans (13%), aðrir kennarar og loks skólastjórar (um 7%) veita oftast endurgjöf í framahaldi af greiningu á einkunnum nemenda.

Endurgjöf eftir sjálfsmat kennarans á kennslunni (t.d. byggt á hæfnimöppu) er veitt í 7,5% tilvika af stjórnendum innan skólans. Aðrir, þ. á m. skólastjórar, veita slíkt í innan við 5% tilvika.

Eins og sjá má á síðustu tveimur dálkunum í töflunni að framan, þá eru mun færri hér á landi, sem hafa hlotið endurgjöf frá a.m.k. einum þeirra aðila sem spurt er um og sýndir eru í dálkum í meginefni töflunnar. Til dæmis hafa aðeins 35,9% kennara hér á landi fengið endurgjöf eftir beina athugun á bekkjarkennslu kennarans á meðan 78,8% kennara í öðrum TALIS-löndum hafa fengið endurgjöf um bekkjarkennslu sína frá a.m.k. einum þeirra aðila sem spurt er um í töflunni og nefndir eru í fyrsta dálki.

Aðeins 17,3% kennara hér á landi hafa hlotið endurgjöf frá a.m.k. einum aðila vegna kennaramats frá nemendum, en í öðrum TALIS-löndum gerist það að meðaltali í 53,3% tilvika. Staðan er svipuð hvað varðar aðra þætti.

**Tafla 24: Hlutfall kennara sem hefur fengið endurgjöf um einhver atriði frá einstökum aðilum. Samanburður við TALIS-lönd.**

	Ytri aðilar eða stofnanir*	Skólastjóri	Stjórnendur innan skólans	Aðilar sem sinna leiðsögn kennara	Aðrir kennarar (ekki í stjórnendateymi)	Ég hef aldrei fengið þess háttar endurgjöf í þessum skóla
<b>ÍSLAND</b>	11,8	21,0	31,8	4,6	23,8	45,2
<b>TALIS</b>	28,9	54,3	49,3	19,2	41,9	12,5

Í töflunni hér að framan má sjá hversu hátt hlutfall kennara hefur fengið endurgjöf um eitthvert þeirra atriða sem koma fram í töflunni að ofan, í fyrsta dálki, þ.e. endurgjöf eftir beina athugun á bekkjarkennslu, endurgjöf eftir kennaramat frá nemendum o.s.frv. Hér kemur einnig fram hve lágt hlutfall kennara hér á landi hefur fengið endurgjöf frá hverjum þessara aðila, í samanburði við TALIS-meðaltalið. Til dæmis er endurgjöf frá aðilum sem sinna leiðsögn kennara aðeins um fimmtungur af því sem tíðkast í TALIS-löndum að meðaltali. Aðeins 21% kennara hafa fengið endurgjöf frá skólastjóra um eitthvert þeirra atriða sem nefnd eru í töflunni að ofan á meðan TALIS-meðaltalið er 54,3%. Hlutfallið á Íslandi fyrir aðra stjórnendur innan skólans er um fjórðungur þess sem tíðkast í TALIS-löndum að meðaltali og hlutfalið fyrir aðra kennara (ekki í stjórnendateymi) er um helmingur þess sem tíðkast í TALIS-löndunum.

Kennarar hér á landi fá endurgjöf um færri atriði og frá færri aðilum en tíðkast í TALIS-löndum að meðaltali.

#### VÆGI EINSTAKRA ÞÁTTA Í ENDURGJÖF

Kennarar voru spurðir um vægi einstakra þátta í endurgjöfinni sem þeir fengu.

**Tafla 25: Vægi einstakra þátta í endurgjöf. Samanburður við TALIS-lönd (%).**

	Skoðað og skiptir nokkru eða miklu máli	
	ÍSLAND	TALIS
Frammistaða nemenda	77,5	87,5
Þekking og skilningur á aðalkennslugrein/um minni/mínum	67,7	83,5
Hæfni til kennslu á aðalkennslugrein/um minni/mínum	71,8	86,8
Námsmatsaðferðir	68,0	83,0
Hegðun nemenda og stjórnun í kennslustofunni	75,6	86,9
Kennsla nemenda með sérþarfir	62,8	68,9
Kennsla í fjölmenningarumhverfi	33,9	43,7
Endurgjöf mín til annarra kennara til að bæta kennslu þeirra	36,3	57,4
Endurgjöf foreldra eða forráðamanna	58,8	70,8
Endurgjöf frá nemendum	61,2	79,1
Samstarf við aðra kennara	73,1	80,7

Mikilvægustu þættir endurgjafarinnar eru hegðun nemenda og stjórnun í kennslustofunni, hæfni til kennslu á aðalkennslugrein og frammistaða nemenda. Litlu minna vægi hafði samstarf við aðra kennara og þekking og skilningur á aðalkennslugrein. Minnst vægi hafði kennsla í

fjölmeningarumhverfi og endurgjöf kennarans til annarra kennara til þess að bæta kennslu þeirra.

Vægi einstakra þátta virðist einnig almennt minna hér á landi í samanburði við önnur TALIS-lönd. Þetta má sjá á dálkunum tveimur í töflunni að ofan. Þar er sýnt hlutfall þeirra kennara sem telja að tiltekinn þáttur hafi skipt “nokkru” eða “mjög miklu” máli í endurgjöf sem þeir fengu. Í öllum tilfellum er vægi tiltekins þáttar hér á landi í endurgjöfinni talið minna en vægi sama þáttar í TALIS-löndum að meðaltali. Munurinn er frá um 6 prósentustigum (um vægi kennslu nemenda með sérþarfir í endurgjöf sem kennari fékk) og uppí um 21 prósentustig (um vægi endurgjafar kennarans til annarra kennara til að bæta kennslu þeirra). Hér á landi segir aðeins ríflega þriðjungur að sá liður hafi skipt nokkru eða miklu máli við endurgjöf sem þeir fengu, en í TALIS-löndum að meðaltali er þetta hlutfall 86,9%.

Í töflunni hér að neðan má sjá á hvern hátt vægi einstakra þátta í endurgjöf til kennara, að mati kennaranna sjálfra, hefur breyst á Íslandi og í TALIS-löndum milli fyrirlagna árin 2008 og 2013. Spurt var um fimm sameiginleg atriði bæði árin, en hafa þessum samanburði því orðalag milli ára var ekki nákvæmlega eins í ýmsum löndum.

**Tafla 26: Vægi einstakra þátta í endurgjöf. Samanburður milli fyrirlagna árin 2008 og 2013. Hlutfall (%) kennara sem telur að tiltekinn þáttur hafi skipt “nokkru” eða “miklu” máli í endurgjöf sem þeir fengu í starfi. Samanburður við TALIS-lönd.**

	ÍSLAND		TALIS	
	2008	2013	2008	2013
Frammistaða nemenda	44,9	77,6	66,9	87,2
Þekking og skilningur á aðalkennslugrein/um minni/mínum	66,4	68,5	79,1	82,8
Kennsla nemenda með sérþarfir	48,8	62,2	58,0	68,3
Kennsla í fjölmeningarumhverfi	22,9	34,1	46,3	45,4
Endurgjöf frá nemendum	78,6	61,4	74,1	79,2

Vægi frammistöðu nemenda í endurgjöf til kennara hefur aukist mjög hér á landi og reyndar í TALIS-löndum að meðaltali á þessu árabili. Það var minna hér á landi en hefur nálgast TALIS-meðaltalið mjög. Vægi kennslu nemenda með sérþarfir hefur einnig aukist hér og í TALIS almennt.

Vægi kennslu í fjölmeningarumhverfi hefur aukist hér á landi, en staðið í stað í TALIS almennt.

Vægi endurgjafar frá nemendum minnkaði hér á landi á tímabilinu, frá 78,6% niður í 61,4%. Þessi liður sker sig úr, því hér á landi er þróunin öfug við það sem gerist í TALIS að meðaltali.

Vægi þekkingar og skilnings á aðalkennslugrein hefur staðið í stað hér og í TALIS að meðaltali, en var alla tíð fremur hátt á báðum stöðum.

## ÁHRIF ENDURGJAFAR

Hvaða áhrif hefur endurgjöfin? Kennarar voru spurðir að hve miklu leyti endurgjöf sem þeir hefðu fengið í þessum skóla hefði beinlínis leitt til jákvæðra breytinga á tilteknum atriðum. Þessi atriði má sjá í dálkinum lengst til vinstri í töflunni hér að neðan.

**Tafla 27: Hlutfall kennara (%) sem telur að endurgjöf hafi leitt til jákvæðra breytinga á tilteknum atriðum. Samanburður við TALIS-lönd.**

	ÍSLAND				„Nokkrar“ eða „miklar breytingar“	
	Engin jákvæð breyting	Smávægi legar breytingar	Nokkrar breytingar	Miklar breytingar	ÍSLAND	TALIS
Opinberrar viðurkenningar frá skólastjóranum og/eða samstarfsfólki þínu	25,4	31,7	33,5	9,5	42,9	60,6
Þátttöku í skólaþróunarverkefnum (t.d. námskrárvinnu eða markmiðssetningu skólans)	29	29,9	33,7	7,4	40,9	50,9
Líkinda á stöðuhækkun	69,5	16,8	11,1	2,7	13,0	36,4
Tækifæra til starfsþróunar	35,1	32,5	26,5	5,9	31,8	45,8
Breytinga á ábyrgð þinni í skólanum	39,5	26,2	25,8	8,5	34,4	55,1
Sjálfsstrausti þínu við kennslu	13,5	27,6	40	19,1	58,9	70,6
Breytinga á launum og/eða launauppbótum	69,5	13,7	12,2	4,7	16,5	25,3
Stjórnar þessar í kennslustofunni	26,4	34,2	33,0	6,4	39,7	56,2
Þekkingar og skilnings á aðalkennslugrein/um þinni/þínum	31,1	30,8	31,4	6,7	37,4	53,5
Kennsluháttum hjá þér	16,4	39,0	37,4	7,3	44,7	62,0
Aðferða hjá þér við kennslu nemenda með sérþarfir	26,8	35,7	30,2	7,2	36,7	45,3
Notkunar þessar á námsmatsaðferðum til að bæta nám nemenda þinna	22,8	27,6	40,3	9,3	49,5	59,4
Starfsánægju þessar	15,8	26,3	39,5	18,4	58,3	63,4
Áhugahvöt þinni	15,0	28,1	38,6	18,3	57,2	64,7

Endurgjöf leiddi mest til jákvæðra breytinga, að mati kennara, á sjálfstrausti við kennslu, starfsánægju og áhugahvöt. Um 18-19% þátttakenda telja að þær breytingar hafi verið “miklar”.

Hjá tæplega 70% kennara urðu hins vegar engar breytingar á líkindum á stöðuhækkun eða launabreytingum og/eða launauppbótum.

Um og yfir þriðjungur kennara segir að endurgjöfin hafi breytt nokkru til hins betra um notkun þeirra á námsmatsaðferðum, kennsluhætti, þátttöku í skólaþróunaverkefnum, stjórn í kennslustofu og opinberrar viðurkenningar frá skólastjóranum eða samstarfsfólki.

Dálkarnir tveir lengst til hægri sýna þó að í öllum atriðum hafa kennarar á Íslandi orðið síður varir við nokkrar eða miklar breytingar í framhaldi af endurgjöf til þeirra en kollegar þeirra í öðrum TALIS-löndum. Hlutfall kennara hér á landi sem telur að líkur á stöðuhækkun hafi breyst í kjölfar endurgjafar er aðeins um þriðjungur af TALIS hlutfallinu. Munurinn er einnig mikill varðandi viðurkenningar frá skólastjóranum eða samstarfsfólki, tækifæri til starfsþróunar o.fl.

Í báðum fyrirlögnum árin 2008 og 2013 voru könnuð jákvæð áhrif á líkindi til stöðuhækkunar. Á Íslandi jókst þetta hlutfall lítillega: Úr 8,6% í 12,8%, en nánast tvöfaldaðist að meðaltali í TALIS-löndunum að meðaltali. Þar er það nú 34,8% en var árið 2008 aðeins 16,7%. Því hefur enn dregið sundur á milli Íslands og annarra landa hvað þennan þátt varðar: Í TALIS-löndum finna árið 2013 þrefalt fleiri til jákvæðra breytinga varðandi líkindi á stöðuhækkun í framhaldi af endurgjöf, en árið 2008 voru þeir aðeins tvöfalt fleiri en á Íslandi.

Lægra hlutfall kennara hér á landi telur að endurgjöf sem þeir hafa fengið í skólanum hafi leitt til jákvæðra breytinga á ýmsum atriðum sem metin voru, í samanburði við TALIS-lönd að meðaltali.

#### *VIÐHORF TIL KENNARAMATS*

Hversu sáttir eru kennarar við endurgjöfina og matið sem þeir fá? Kennarar voru beðnir um að segja hversu sammála eða ósammála þeir væru tilteknum fullyrðingum um kennaramat og endurgjöf í skólanum þeirra.

**Tafla 28: Kennaramat og endurgjöf. Viðhorf kennara til ýmissa fullyrðinga. Samanburður við TALIS-lönd.**

	ÍSLAND Hlutfall (%) sem er sammála eða mjög sammála	TALIS Hlutfall (%) sem er sammála eða mjög sammála
Kennarar sem ná bestum árangri í þessum skóla fá mestu umbunina, fjárhagslega eða annars konar umbun (t.d. viðurkenningu, viðbótarþjálfun eða aukna ábyrgð).	17,8	37,7
Kennaramat og endurgjöf hafa lítil áhrif á starf í kennslustofunni.	42,0	43,4
Kennaramat og endurgjöf eru aðallega framkvæmd til að uppfylla stjórnunarlegar skyldur.	45,8	50,6
Gerð er áætlun fyrir kennara um starfsþróun eða þjálfun til að bæta kennslu þeirra.	35,5	59,1
Kennarar fá endurgjöf sem byggð er á ítarlegu mati á kennslu þeirra.	15,4	47,0
Kennara er sagt upp störfum vegna viðvarandi vanhæfni.	24,1	31,3
Ráðstafanir til að veiga á móti veikleikum í kennslu eru ræddar við kennarann.	49,1	73,9
Kennari fær sérstakan leiðsagnaraðila til að hjálpa honum/henni við að bæta kennsluaðferðir sínar.	28,0	47,8

Innan við helmingur íslenskra kennara er sammála eða mjög sammála þessum fullyrðingum að ofan. Kennararnir komast næst því að samþykkja að ráðstafanir til að “vega á móti veikleikum í kennslunni séu ræddar við kennarann” að “endurgjöf hafi lítil áhrif á starf í kennslustofunni” og að “kennaramat og endurgjöf” séu “aðallega framkvæmd til að uppfylla stjórnunarlegar skyldur”. Kennara virðast síst hafa trú á því að endurgjöf sem þeir fá byggi á “ítarlegu mati á kennslu þeirra” eða að kennarar sem ná bestum árangri fái “mestu umbunina, fjárhagslega eða annars konar umbun”.

Samanburðurinn við önnur TALIS-lönd leiðir í ljós að í öllum tilfellum eru fleiri samþykkir fullyrðingunum að meðaltali í TALIS-löndunum, samanborið við Ísland. T.d. er nánast helmingur kennara í TALIS-löndum sammála eða mjög sammála því að kennarar fái endurgjöf sem byggð er á ítarlegu mati á kennslu þeirra, en aðeins tæp 16% gera það hér.

Kennarar í TALIS-löndum trúa því almennt frekar en íslenskir kennarar að þeir bestu fái mestu umbunina, að kennarar fái endurgjöf sem byggi á ýtarlegu mati á störfum þeirra, að ráðstafanir



til að vega á móti veikleikum í kennslu séu ræddar við kennarann, að kennarinn fái sérstakan leiðsagnaraðila til að hjálpa við að bæta kennsluaðferðir sínar o.s.frv.

Traust til endurmats og trúin á áhrif þess er meiri í TALIS-löndum, að meðaltali, en hér á landi.

**Tafla 29: Samanburður milli fyrirlagna árin 2008 og 2013. Hlutfall (%) þeirra sem er sammála eða mjög sammála ýmsum fullyrðingum um kennaramat og endurgjöf á Íslandi og í TALIS-löndum.**

	ÍSLAND		TALIS	
	2008	2013	2008	2013
Kennarar sem ná bestum árangri í þessum skóla fá mestu umbunina, fjárhagslega eða annars konar umbun (t.d. viðurkenningu, viðbótarþjálfun eða aukna ábyrgð).	18,1	17,4	26,3	36,2
Kennaramat og endurgjöf hafa lítil áhrif á starf í kennslustofunni.	55,2	42,3	48,9	43,6
Kennaramat og endurgjöf eru aðallega framkvæmd til að uppfylla stjórnunarlegar skyldur.	45,8	46,2	44,2	49,4
Gerð er áætlun fyrir kennara um starfsþróun eða þjálfun til að bæta kennslu þeirra.	45,4	35,7	60,7	59,8
Kennara er sagt upp störfum vegna viðvarandi vanhæfni.	31,1	23,9	30,1	27,2

Þróunin á Íslandi er misvísandi. Færri trúa því nú að kennaramat og endurgjöf hafi *lítil* áhrif á starf í kennslustofunni. Á hinn bóginn eru kennarar síður sammála því að gerð sé áætlun fyrir kennara um starfsþróun eða þjálfun til að bæta kennslu þeirra, eða að kennurum sé sagt upp störfum vegna viðvarandi vanhæfni.

Í TALIS-löndunum hefur trúin á það að bestum árangri fylgi mesta umbunin aukist nokkuð, en staðið í stað á Íslandi.

## UM KENNSLU OG NÁM

Hér er spurt um skoðanir kennara á ýmsu varðandi kennslu og nám.

**Tafla 30: Viðhorf til ýmissa fullyrðinga um kennslu og nám. Hlutfall (%) sem er sammála eða mjög sammála fullyrðingunum. Samanburður við TALIS-lönd.**

	ÍSLAND	TALIS
Hlutverk mitt sem kennara er að hvetja nemendur í þekkingarleit.	98,1	94,3
Nemendur læra best með því að finna sjálfir lausnir á viðfangsefnum.	90,9	83,2
Nemendur ættu að fá tækifæri til að finna sjálfir lausnir á raunverulegum viðfangsefnum áður en kennarinn sýnir þeim hvernig á að leysa þau.	91,3	92,6
Rökhugsun og ályktunarhæfni eru mikilvægari en tiltekið efni námskrárinnar.	90,5	83,5

Um þessar fjórar fullyrðingar gildir það, að innan við 10% þátttakenda eru ósammála eða mjög ósammála þeim. Kennarar eru mest sammála því að hlutverk kennara sé að hvetja nemendur í þekkingarleit.

Lítill munur er á Íslandi og TALIS almennt á þessum spurningum. Íslensku kennararnir leggja þó aðeins meira uppúr hlutverki nemandans í leit að lausnum og þekkingu.

Taflan hér fyrir neðan sýnir spurningar þar sem spurt er um ýmis verk kennara og hversu oft kennarar sinna þeim.

**Tafla 31: Hversu oft, að meðaltali, sinnir kennarinn eftirfarandi í þessum skóla? Hlutfall kennara (%) sem svarar á tiltekinn hátt. Samanburður við TALIS-löndin.**

	ÍSLAND						TALIS
	1 Aldrei	2	3	4	5	6	1 Aldrei
Kenni sama bekk með hópi kennara	58,8	4,3	7,2	1,6	2,8	26,4	41,9
Fylgist með bekkjum annarra kennara og veiti endurgjöf	80,9	10,5	3,2	1,6	1,7	3,1	44,7
Tek þátt í sameiginlegu starfi margra bekkja og aldurshópa (t.d. átaksverkefni)	22,8	19,3	35,2	9,3	5,7	8,0	21,5
Skiptist á kennsluefni við starfsfélaga mína	19,0	10,0	15,8	14,5	20,8	19,9	7,4
Tek þátt í umræðum um námsferil tiltekinn nemenda	5,1	3,7	9,9	15,3	27,7	38,4	3,5
Starfa með samkennurum í skólanum til að tryggja sameiginlega mælikvarða til að meta framvindu nemenda	11,1	8,5	19,7	15,4	21,0	24,4	8,8
Fer á faglegar ráðstefnur	8,5	37,2	41,3	9,8	2,1	1,0	9,0
Tek þátt í samstarfsverkefnum	6,4	19,7	36,6	17,9	12,0	7,6	15,2

1=Aldrei; 2=Einu sinni á ári eða sjaldnar; 3=2-4 sinnum á ári; 4=5-10 sinnum á ári; 5=1-3 í mánuði; 6=Vikulega eða oft.

Um fjórðungur kennir sama bekk með hópi kennara vikulega eða oft, en upp undir 60% gera það aldrei.

Um 80% kennara fylgjast aldrei með bekkjum annarra kennara og veita endurgjöf. Önnur 10 prósent gera það einu sinni á ári eða sjaldnar. Það er því varla hægt að tala um að þetta sé stundað svo nokkru nemi í íslenskum skólum á unglingastigi.

Talsverður breytileiki er í því hvort kennarar skiptist á kennsluefni. Tæplega 20% gera það aldrei, og önnur 20% gera það vikulega eða oft.

Mesti munurinn á TALIS og Íslandi er sá, að um tvöfalt fleiri kennarar á Íslandi fylgjast aldrei með bekkjum annarra kennara og veita endurgjöf.

Kennarar voru spurðir að hve miklu leyti þeir gætu gert eftirfarandi í kennslu sinni.

**Tafla 32: Færni í kennslustofunni: Að hve miklu leyti telur kennari sig geta gert eftirfarandi? Hlutfall kennara (%) sem svarar á tiltekinn hátt. Samanburður við TALIS-löndin.**

	ÍSLAND		“að þó nokkru leyti” eða “heilmikið”	
	Að þó nokkru leyti	Heilmikið	ÍSLAND	TALIS
Fengið nemendur til að trúa því að þeim geti gengið vel í skólanum	41,5	46,7	88,6	85,8
Hjálpað nemendum mínum að meta gildi náms	45,6	36,6	82,5	80,7
Lagt góð verkefni fyrir nemendur mína	39,6	56,1	96,1	87,4
Náð stjórn á truflandi hegðun í kennslustofunni	41,9	47,5	89,9	87,0
Glætt áhuga nemenda sem eru áhugalausir um námið	47,0	24,8	72,1	70,0
Sett væntingar mínar til nemenda fram á skýran hátt	50,0	40,8	91,2	91,3
Hjálpað nemendum við temja sér gagnrýna hugsun	50,5	23,6	74,6	80,3
Fengið nemendur til að fara eftir þeim reglum sem gilda í kennslustofunni	44,5	47,1	92,1	89,4
Róað niður nemendur sem sýna truflandi hegðun eða eru með hávaða	46,6	41,3	88,2	84,8
Notað mismunandi námsmatsaðferðir	43,9	41,9	85,7	81,9
Haft fleiri skýringar á takteinum til að útskýra það sem nemendur skilja ekki	46,3	45,4	91,8	92,0
Innleitt nýjar kennsluáðferðir í kennslustofu minni	45,4	32,1	77,4	77,4

1=alls ekkert; 2=að einhverju leyti; 3=að þó nokkru leyti; 4=heilmikið

Flestir kennarar telja sig geta gert það sem spurt er um að þó nokkru leyti eða heilmikið. Aðeins um 1% segist “alls ekkert” geta af því sem nefnt er.

Erfiðast virðist að glæða áhuga nemenda sem eru áhugalausir um námið. Á svipuðu róli er spurningin um getu til að hjálpa nemendum við að temja sér gagnrýna hugsun.

Lítill munur er á Íslandi og TALIS-löndum á trú kennarans á eigin getu á ofangreindum sviðum.

## KAFLI 5: KENNSLA Í TILTEKNUM BEKK/KENNSLUHÓPI

Nokkrar spurningar fjölluðu um kennslu í tilteknum bekk/kennsluhópi. Þátttakandinn var beðinn um að svara með tilliti til þess bekkjar/kennsluhóps sem hann/hún kenndi “eftir kl. 11 að morgni síðasta þriðjudags.” Ef viðkomandi kenndi ekki á þriðjudögum, þá skyldi segja frá þeim hópi á unglingastigi sem viðkomandi kenndi næst þar á eftir.

### SAMSETNING NEMENDA

Fyrst var spurt um samsetningu þessa tiltekna bekkjar/kennsluhóps. Kennarar voru beðnir um að áætla hlutfall nemenda með annað móðurmál, með litla námshæfni, sérþarfir, hegðunarfrávik, hlutfall nemenda frá efnahagslega eða félagslega illa stöddum heimilum og nemendur með mikla námshæfni.

**Tafla 33: Hlutfall (%) íslenskra kennara sem telur tiltekið hlutfall nemenda vera með ákveðin einkenni í bekk/kennsluhópi sem kennari kennir eftir kl. 11 á þriðjudögum.**

	Enginn	1% til 10%	11% til 30%	31% til 60%	Meira en 60%
Nemendur með annað móðurmál en tungumálið sem kennslan fer fram á	38,1	49,2	9,3	1,9	1,5
Nemendur með litla námshæfni	6,7	46,7	33,0	8,1	5,6
Nemendur með sérþarfir	12,4	50,0	26,0	5,1	6,4
Nemendur með hegðunarfrávik	14,1	52,9	24,6	5,9	2,5
Nemendur frá efnahagslega- eða félagslega illa stöddum heimilum	20,9	54,8	18,7	4,5	1,1
Nemendur með mikla námshæfni	6,7	28,8	30,4	23,4	10,7

Í ríflega 60% tilvika var a.m.k. einn nemandi með annað móðurmál en tungumálið sem kennslan fór fram á. Í um helmingi kennsluhópanna voru um 1-10% nemendahópsins með annað móðurmál.

Mikill munur reyndist á bekkjum og kennsluhópum hvað varðar hlutfall nemenda með sérþarfir, hegðunarfrávik, litla námshæfni og/eða frá efnahagslega- eða félagslega illa stöddum heimilum. Í um helmingi kennsluhópa er hlutfall hvers hóps um sig á bilinu 1-10%, en í um og innan við fjórðungi bekkja er hlutfallið 11-30%

Spurt var hvort kennslan í þessum tiltekna bekk/kennsluhópi, sem kennt var klukkan 11 að morgni síðasta þriðjudags, beindist aðallega eða eingöngu að nemendum með sérþarfir og átti það við í um 16,3% tilvika.

#### NÁMSGREININ SEM KENND ER Í ÞESSUM TILTEKNA BEKK/KENNSLUHÓPI

**Tafla 34: Hlutfall (%) kennara sem var að kenna tiltekna námsgrein kl. 11 að morgni síðasta þriðjudags.**

Námsgrein	Hlutfall (%)
Lestur, ritun, bókmenntir	15,2
Stærðfræði	14,4
Náttúrufræði	8,5
Samfélagsfræði	7,0
Erlend tungumál, nútímamál	17,9
Forngríska og/eða latína	0,0
Tæknifræði	1,8
Listgreinar	13,1
Íþróttir	10,9
Trúarbrögð og/eða siðfræði	0,5
Verk- og starfsmenntun	7,2
Annað	3,5

Algengast var að kennarar hefðu verið að kenna erlend tungumál, því næst lestur, ritun og bókmenntir, og einnig stærðfræði. Enginn var að kenna forngrísku og/eða latínu og mjög fáir voru að kenna trúarbrögð og/eða siðfræði og litlu fleiri tæknifræði.

#### FJÖLDI NEMENDA Í BEKK

Að meðaltali var fjöldi nemenda í bekknum/kennsluhópnum 19,55 (staðalfrávik=10,72). TALIS-meðaltalið er um 24 nemendur.

#### HVERNIG NÝTIST KENNSLUSTUNDIN?

Spurt var hvernig kennslustundin skiptist í tiltekin verk, þ.e. stjórnun, að halda röð og reglu, og eiginlega kennslu og nám.

**Tafla 35: Hlutfall kennslustundar (%) sem fer í stjórnun, að halda röð og reglu og eiginlega kennslu og nám.**

Verk	ÍSLAND	TALIS
Stjórnun (t.d. viðveruskráining, afhending upplýsinga frá skólanum/eyðublaða)	8,5	8,0
Að halda röð og reglu í kennslustofunni (halda aga)	15,7	12,7
Eiginleg kennsla og nám	75,5	78,7

Um 75% tímans fer í eiginlega kennslu og nám, en tæp 16% í að halda aga í bekknum. Lítið eitt hærra hlutfall tímans hér á landi fer í að halda röð og reglu í kennslustofunni en samkvæmt meðaltali TALIS.

**Tafla 36: Hlutfall kennslustundar sem fer í stjórnun, að halda röð og reglu og eiginlega kennslu og nám, árin 2008 og 2013, hér og í TALIS-löndum.**

	ÍSLAND		TALIS	
	2008	2013	2008	2013
Stjórnun (t.d. viðveruskráining, afhending upplýsinga frá skólnaum/eyðublaða)	8,4	8,5	8,7	8,1
Að halda röð og reglu í kennslustofunni (halda aga)	16,7	15,7	13,4	12,9
Eiginleg kennsla og nám	75,0	75,5	77,9	78,3

Tiltölulega litlar breytingar hafa orðið á þessum 5 árum. Stjórnunarþátturinn er ekki eins fyrirferðarmikill nú og hann var í TALIS-meðaltali.

Spurt var hversu einkennandi kennaranum fyndist þessi tiltekni bekkur kennsluhópur vera fyrir þá bekki/kennsluhópa sem hann/hún kenndi.

**Tafla 37: Hversu einkennandi er bekkurinn/kennsluhópurinn sem kennarinn kenndi klukkan 11 síðastliðinn þriðjudagsmorgun fyrir þá bekki sem hann/hún kennir, að mati kennarans.**

	Hlutfall (%)
Mjög einkennandi	23,2
Einkennandi	56,7
Ekki einkennandi	20,2

Eins og við er að búast finnst flestum bekkurinn/kennsluhópurinn einkennandi eða mjög einkennandi.

## KENNSLUFRIÐUR

Spurt var um nokkur atriði varðandi kennslufrið í viðkomandi kennslustund (kl. 11 sl. þriðjudagsmorgun).

**Tafla 38: Kennslufriður í tiltekinni kennslustund kl. 11 síðastlín þriðjudagsmorgun. Samanburður við TALIS-löndin.**

	ÍSLAND				ÍSLAND “sammála” og “mjög sammála”	TALIS “sammála” og “mjög sammála”
	Mjög ósammála	Ósammála	Sammála	Mjög sammála		
Í upphafi kennslustundar þarf ég að bíða í þó nokkurn tíma áður en nemendur gefa hljóð.	14,6	38,4	36,5	10,5	46,9	28,8
Nemendur gæta þess að skapa góðan námsanda.	4,0	31,0	54,9	10,1	65,5	70,5
Ég tapa töluverðum tíma vegna þess að nemendur trufla kennsluna.	15,3	42,3	34,4	8,0	42,2	29,5
Það er mikill truflandi hávaði í þessum tímum.	22,4	49,3	21,7	6,5	27,8	25,6

Ofangreindar tölur má draga saman á þann hátt að 65% eru sammála eða mjög sammála því að nemendur gæti þess að skapa góðan námsanda. Mikill truflandi hávaði er þó í 28,2 % tilvika, ef saman eru teknir þeir sem eru sammála og mjög sammála neðstu fullyrðingunni. Með sama viðmiði má sjá að 42% finnst þeir tapa töluverðum tíma vegna þess að nemendur trufla kennsluna og 57% finnst þeir þurfa að bíða í þó nokkurn tíma áður en nemendur gefa hljóð.

Hér á landi virðist bið eftir því að nemendur gefi hljóð vera lengri en í TALIS að meðtaltali. Einnig tapa kennarar hér á landi frekar tíma vegna þess að nemendur trufla kennsluna.



**Tafla 39: Hversu oft vinna kennarar eða nemendur tiltekin verk í þriðjudagshópnum kl. 11? Samanburður við TALIS-lönd.**

	ÍSLAND				“Oft” eða “nánast í hverri kennslustund”	
	Aldrei eða nánast aldrei	Stundum	Oft	Nánast í hverri kennslustund	ÍSLAND	TALIS
Ég legg fram samantekt á námsefni sem nýlega hefur verið farið yfir.	13,6	49,6	34,6	2,2	38,0	73,5
Nemendur vinna í litlum hópum við að finna sameiginlega lausn á vandamáli eða verkefni.	10,4	46,5	35,6	7,4	43,9	47,4
Ég læt nemendur sem eiga í erfiðleikum með nám og/eða þá sem fara hraðar yfir, fá önnur verkefni.	11,3	40,0	34,5	14,2	49,0	44,4
Ég bendi á vandamál í leik eða starfi þar sem ný þekking getur komið að gagni.	9,3	51,1	35,9	3,8	39,6	68,4
Ég læt nemendur vinna svipuð verkefni þar til ég er fullviss um að allir nemendur hafi skilið námsefnið.	11,8	41,0	40,1	7,1	47,8	67,3
Ég fer yfir heimavinnu eða verkefnabækur nemenda.	18,6	35,0	39,9	6,4	47,3	72,1
Nemendur vinna verkefni sem tekur a.m.k. viku að vinna.	27,9	47,8	20,9	3,4	24,7	27,5
Nemendur nýta upplýsinga- og samskiptatækni við úrlausn verkefna eða vinnu í skólastofunni.	23,4	44,4	26,1	6,0	31,8	37,5

Um þriðjungur kennara nýtir upplýsinga- og samskiptatækni við úrlausn verkefna eða vinnu í skólastofunni oft eða nánast í hverri kennslustund.

Tæplega fimmtungur fer aldrei yfir heimavinnu eða verkefnabækur.

Tæplega helmingur kennara segist oft eða nánast í hverri kennslustund láta nemendur vinna svipuð verkefni þar til allir hafa skilið námsefnið. Um þriðjungur leggur fram samantekt á námsefni sem nýlega hefur verið farið yfir, miðað við sama viðmið.

Í tæplega helmingi tilfella láta kennarar “oft” eða “nánast í hverri kennslustund” þá nemendur sem fara hraðar yfir og/eða þá sem eiga í erfiðleikum með nám fá önnur verkefni.

Í 53% tilfella vinna nemendur í litlum hópum “oft” eða “nánast í hverri kennslustund” við að finna sameiginlega lausn á vandamáli eða verkefni. Í um fjórðungi tilfella eru “oft” eða “nánast í hverri kennslustund” unnin verkefni sem tekur a.m.k. viku að vinna.

Í tæplega 40% tilvika bendir kennarinn “oft” eða “nánast í hverri kennslustund” á vandamál í leik eða starfi þar sem ný þekking getur komið að gagni.

Almennt eru TALIS-löndin hærri en Ísland í því að leggja fram samantekt á námsefni sem nýlega hefur verið farið yfir. Einnig benda kennarar í TALIS-löndum að meðaltali oftar á vandamál í leik eða starfi þar sem ný þekking getur komið að gagni. Þeir fara oftar yfir heimavinnu eða verkefnabækur nemenda og láta nemendur oftar vinna svipuð verkefni þar til þeir eru fullvissir um að allir nemendur hafi skilið námsefnið.

Íslensku kennararnir eru yfir TALIS-meðaltalinu hvað varðar það að láta nemendur sem eiga í erfiðleikum með nám og/eða þá sem fara hraðar yfir, fá önnur verkefni.

Íslenskir kennarar leggja sjaldnar fram samantekt yfir efni sem nýlega hefur verið farið yfir og fara sjaldnar yfir heimavinnu en TALIS-löndin að meðaltali. Einnig tengja þeir sjaldnar nýja þekkingu við atriði úr leik og starfi.

## NÁMSMATSADFERÐIR

Kennarar voru spurðir hversu oft þeir notuðu ýmsar námsmatsaðferðir.

**Tafla 40: Hversu oft notar kennarinn tiltekna námsmatsaðferðir? Hlutfall kennara (%) sem valdi tiltekinn svarmöguleika. Samanburður við TALIS-lönd.**

	ÍSLAND				ÍSLAND “oft” eða “nánast í hverri kennslu- stund”	TALIS “oft” eða “nánast í hverri kennslu- stund
	Aldrei eða nánast aldrei	Stundum	Oft	Nánast í hverri kennslu- stund		
Ég þróa og legg fyrir mitt eigið námsmat.	7,1	36,3	48,8	7,9	57,0	67,9
Ég nota staðlað prófsefni.	37,2	37,9	24,2	0,7	25,7	38,2
Ég læt nemendur svara spurningum, einn í einu, fyrir framan aðra nemendur.	66,5	28,5	4,4	0,6	5,2	48,9
Ég veiti nemendum skriflega umsögn auk bókstafs- eða tölueinkunna.	13,3	36,8	47,4	2,5	50,2	54,5
Ég læt nemendur sjálfa meta framfarir sínar.	27,3	55,7	15,8	1,1	17,3	38,1
Ég fylgist með nemendum leysa verkefni og veiti þeim endurgjöf þá þegar.	5,8	31,1	40,1	22,9	63,4	79,7

Um 2/3 hlutar kennara láta nemendur aldrei eða nánast aldrei svara spurningum fyrir framan aðra nemendur.

Aðeins um fjórðungur notar staðlað prófsefni “oft” eða “nánast í hverri kennslustund” og um 56,7% þróa og leggur fyrir sitt eigið námsmat “oft” eða “nánast í hverri kennslustund”. Algengast er að kennarar fylgist með nemendum leysa verkefni og veiti þeim endurgjöf þá þegar. Það gera 63% kennarar “oft” eða “nánast í hverri kennslustund”. Bókstafs- eða tölueinkunn er gefin “oft” eða “nánast í hverri kennslustund” af um helmingi kennara, en 13,3% gera það aldrei eða nánast aldrei. Riflega fjórðungur lætur nemendur aldrei eða nánast aldrei meta eigin framfarir, 55,7% gera það stundum og tæplega 17% gera það oft eða nánast í hverri kennslustund.

Notkun á eigin námsmatsefni eða stöðluðu prófefni er meiri í TALIS að meðaltali. Einnig tíðkast meira í TALIS-löndunum að láta nemendur meta eigin framfarir. Námsmat af ýmsu tagi er því stundað í minna mæli hér á landi.

Hér á landi tíðkast nánast ekki að láta nemendur svara spurningum fyrir framan aðra nemendur á meðan helmingur gerir það oft eða nánast í hverri kennisustund í TALIS-löndum að meðaltali.

## KAFLI 6: SKÓLABRAGUR OG STARFSÁNÆGJA

Nokkrar spurningar fjölluðu um skólabrag.

**Tafla 41: Hversu sammála eða ósammála eru íslenskir kennarar ýmsum fullyrðingum um skólaanda og starfsánægju við skólann? Hlutfall kennara (%) sem valdi tiltekinn svarmöguleika.**

	Mjög ósammála	Ósammála	Sammála	Mjög sammála
Þessi skóli veitir starfsfólki tækifæri til að taka virkan þátt í ákvörðunum um skólann.	4,4	18,6	63,0	13,9
Þessi skóli veitir foreldrum eða forráðamönnum tækifæri til að taka virkan þátt í ákvörðunum um skólann.	3,1	21,8	65,8	9,2
Þessi skóli veitir nemendum tækifæri til að taka virkan þátt í ákvörðunum um skólann.	3,7	28,8	60,7	6,7
Þessi skóli leggur áherslu á sameiginlega ábyrgð á málefnum skólans.	3,5	17,5	67,3	11,7
Í skólanum ríkir andi samvinnu sem einkennist af gagnkvæmum stuðningi.	2,8	14,7	61,0	21,4

Um þriðjungur var sammála flestum þeim fullyrðingum sem lýstu jákvæðum skólaanda og starfsánægju á ýmsan hátt. Fremur sjaldgæft var þó að kennarar væru mjög sammála þeim fullyrðingum. Kennarar voru mest sammála því að í skólanum ríkti andi samvinnu sem einkenndist af gagnkvæmum stuðningi. Það gildi um 82,4%. Síst voru kennara sammála því að skólinn veitti nemendum tækifæri til að taka virkan þátt í ákvörðunum um skólann.

Um 75% kennara voru sammála því að skólinn veitti foreldrum eða forráðamönnum tækifæri til að taka virkan þátt í ákvörðunum um skólann. Ekki var spurt nánar um í hverju sá virki þáttur fælist. Það er áhugavert að mjög svipað hlutfall er sammála því að skólinn veiti starfsfólki tækifæri til að taka virkan þátt í ákvörðunum um skólann (um 77%). Það kemur því ekki á óvart að tæplega 80% kennara séu sammála því að skólinn leggi áherslu á sameiginlega ábyrgð á málefnum skólans. Kennarar telja að starfsfólkið hafi mest tækifæri til þess að taka virkan þátt í ákvörðunum um skólann, því næst að skólinn veiti foreldrum tækifæri til þess og loks nemendum. Munurinn milli tækifæra þessara þriggja hópa (starfsfólks, foreldra og nemenda) er þó ekki ýkja mikill.

Spurt var nokkurra spurninga um samskipti kennara og nemenda.

**Tafla 42: Fullyrðingar um samskipti nemenda og kennara. Hlutfall kennara (%) sem valdi tiltekinn svarmöguleika. Samanburður við TALIS-lönd.**

	ÍSLAND				ÍSLAND	TALIS
	Mjög ósammála	Ósammála	Sammála	Mjög sammála	„sammála“ eða „mjög sammála“	„sammála“ eða „mjög sammála“
Í þessum skóla kemur kennurum og nemendum yfirleitt vel saman.	0,8	1,0	58,8	39,4	98,2	95,3
Flestum kennurum í þessum skóla finnst mikilvægt að nemendum líði vel.	0,7	0,4	31,3	67,5	98,8	96,5
Flestir kennaranna í þessum skóla hafa áhuga á því sem nemendum liggur á hjarta.	0,7	2,8	48,4	48,1	96,4	91,8
Skólinn veitir þeim nemendum í þessum skóla, sem á þurfa að halda, viðbótaraðstoð.	1,7	10,0	52,5	35,9	88,2	91,4

Langflestir kennarar voru sammála eða mjög sammála jákvæðum fullyrðingum um samskiptin. Nánast allir voru sammála eða mjög sammála því að kennurum og nemendum kæmi yfirleitt vel saman. Og að kennurum í þessum skóla myndist mikilvægt að nemendum líði vel, að kennarar hefðu áhuga á því sem nemendum lægi á hjarta.

Tæplega 12% eru ósammála því, að skólinn veiti þeim nemendum viðbótaraðstoð sem á þurfa að halda.

Samskipti nemenda og kennara eru hér með miklum ágætum í samanburði við TALIS-meðaltalið, sem þó er almennt hátt.

**Tafla 43: Fullyrðingar um samskipti nemenda og kennara. Hlutfall kennara (%) sem valdi tiltekinn svarmöguleika. Samanburður milli ára 2008 og 2013 og samanburður við TALIS-lönd.**

	ÍSLAND		TALIS	
	2008	2013	2008	2013
Í þessum skóla kemur kennurum og nemendum yfirleitt vel saman.	96,8	98,5	95,0	97,4
Flestum kennurum í þessum skóla finnst mikilvægt að nemendum líði vel.	98,4	98,4	97,2	98,4
Flestir kennaranna í þessum skóla hafa áhuga á því sem nemendum liggur á hjarta.	95,1	96,3	93,2	94,9
Skólinn veitir þeim nemendum í þessum skóla, sem á þurfa að halda, viðbótaraðstoð.	85,2	87,9	97,4	98,2

Þróunin er nánast alltaf uppá við, í þessum fjórum atriðum, bæði í TALIS-löndum að meðaltali, og hér á landi.

## KENNASTARFIÐ

Kennarar voru spurðir nokkurra spurninga um kennarastarfið.

**Tafla 44: Viðhorf til kennarastarfsins. Hlutfall kennara (%) sem valdi tiltekinn svarmöguleika. Samanburður við TALIS-lönd.**

	ÍSLAND				ÍSLAND „sammála“ eða „mjög sammála“	TALIS „sammála“ eða „mjög sammála“
	Mjög ósam- mála	Ósam- mála	Sam- mála	Mjög sam- mála		
Kostir þess að vera kennari eru mun meiri en ókostirnir.	0,8	7,7	58,6	32,8	91,4	77,4
Ef ég gæti valið aftur um starf, myndi ég einnig velja kennsluna.	5,3	24,1	49,2	21,5	70,4	77,6
Ég myndi vilja skipta um skóla ef það væri mögulegt.	37,9	44,7	13,0	4,4	18,3	21,2
Ég sé eftir að hafa valið kennarastarfið.	43,6	45,0	9,0	2,4	11,6	9,5
Mér líkar vel að starfa í þessum skóla.	1,3	4,3	51,5	42,8	94,2	89,7
Ég velti því fyrir mér hvort heppilegra hefði verið að velja annað starf.	22,0	33,1	36,3	8,6	45,4	31,6
Ég myndi mæla með skólanum mínum sem góðum vinnustað.	1,8	7,2	50,1	40,9	90,5	84,0
Ég held að kennarastarfið sé mikils metið í þjóðfélaginu.	35,6	46,6	16,4	1,4	17,5	30,9
Ég er ánægð(ur) með frammistöðu mína í þessum skóla.	0,1	1,9	58,6	39,5	98,1	92,6
Í heildina er ég sátt(ur) við starfið mitt.	0,7	4,7	63,0	31,6	94,5	91,2

Um 95% voru sammála eða mjög sammála því að þeir væru á heildina sáttir við starf sitt og líkaði vel að starfa við þennan skóla. Litlu færri segjast myndu mæla með skólanum. Um 17% sögðist þó myndu vilja skipta um skóla ef það væri mögulegt.



Yfir 90% var sammála eða mjög sammála því að kostir þess að vera kennari væru mun meiri en ókostirnir. Þó segist um 45% hafa velt því fyrir sér hvort heppilegra hefði verið að velja annað starf. Rétt rúm 11% segjast sjá eftir því að hafa valið kennarastarfið. Rúm 70% segjast myndu velja kennsluna, ef þeir gætu valið aftur um starf. Aðeins um 18% kennara eru sammála eða mjög sammála því að kennarastarfið sé mikils metið í þjóðfélaginu.

Nánast allir (um 98%) voru sammála eða mjög sammála því að þeir væru ánægðir með frammistöðu sína í skólanum.

Viðhorfið til starfsins er því í heild jákvætt.

Íslenskir kennarar virðast frekar sjá kosti þess að vera kennari en kollegar þeirra í TALIS-löndum að meðaltali. Engu að síður hafa íslenskir kennarar frekar velt því fyrir sér hvort heppilegra hefði verið að velja annað starf. Í TALIS-löndum telja kennarar að meðaltali frekar að kennarastarfið sé mikils metið í þjóðfélaginu. Langflestir íslenskir kennarar eru ósammála þessari fullyrðingu.

#### FERÐALÖG

Spurt var hvort kennarinn hefði einhvern tíma ferðast til annarra landa vegna starfsins. Tekið var fram að aðeins væri átt við ferðir til menntastofnana eða skóla sem taka viku eða meira. Ráðstefnur eða námskeið skyldu ekki teljast með. Um 71% hafði farið í slíkt ferðalag, en um 29% höfðu ekki ferðast til útlanda vegna starfsins

**Tafla 45: Ferðalög til útlanda vegna kennarastarfsins til menntastofnana eða skóla sem taka viku eða meira.\***

	Hlutfall (%)
Nei, hafði ekki ferðast	28,8
Já, það var hluti af kennaranámi mínu	13,0
Já, sem kennari. Ferðin var vegna þátttöku í ESB verkefni (t.d. Comenius)	23,3
Já, sem kennari. Ferðin var vegna þátttöku í svæðisbundnu verkefni eða verkefni á landsvísu	13,8
Já, sem kennari. Ferðin var skipulögð af skólayfirvöldum	68,7
Já, að eigin frumkvæði	39,0

\*Ráðstefnur eða námskeið voru **ekki** talin með.

Í flestum tilfellum var ferðin skipulögð af skólayfirvöldum. Hún var farin að eigin frumkvæði í innan við 40% tilvika. Um fjórðungur hafði farið í ferðir vegna ESB verkefna.

Þeir sem höfðu farið í ferðir af því tagi sem lýst er að ofan voru beðnir um að tilgreina tilganginn með ferðinni. Merkja mátti við fleiri en einn möguleika.

**Tafla 46: Tilgangur ferðar til útlanda. Hlutfall kennara (%) sem merkti við tiltekna ástæðu.**

Tilgangur ferðar	Hlutfall (%)
Nám, hluti af kennaramenntun minni	23,8
Tungumálanám	12,0
Nám í nýjum fræðum	30,1
Fylgd gestanemenda	2,9
Koma á tengslum við erlenda skóla	37,7
Kennsla	16,6
Annað	42,9

Algengast var að ferðir væru farnar til þess að koma á tengslum við erlenda skóla, stunda nám í nýjum fræðum og/eða stunda nám sem hluta af kennaramenntun þátttakenda. Um 17% hafði farið erlendis til þess að kenna sjálf(ur) og 12% til þess að stunda tungumálanám.

## KAFLI 7: SKÓLASTJÓRAR

Lagður var fyrir skólastjóra 22 blaðsíðna spurningalisti þar sem leitað var eftir upplýsingum um kennslu í skólanum og skólastefnu. Fyrst var spurt almennra spurninga um skólastjóran og skólann.

### KYN

Spurt var um kyn skólastjóra. 54,6% voru konur, 45,4% voru karlar. Í TALIS-löndum að meðaltali var hlutfall kvenna 49,4%. Hér á landi er hlutfall kvenskólastjóra því hærra en í TALIS-löndum að meðaltali.

Hlutfall kvenskólastjóra hér á landi hefur hækkað um rúm 5 prósentustig. Það var um 49% árið 2008 en er nú tæp 55% eins og áður segir. Á sama tímabili hefur hlutfall kvenskólastjóra einnig aukist í TALIS-löndum að meðaltali, en þó ekki jafnmikið, úr 47% árið 2008 í um 50% árið 2013.

### ALDUR

Meðalaldur skólastjóra hér á landi var 50,85 ár, staðalfrávik var 7,99 ár. (sp2) Meðalaldur skólastjóra í TALIS-löndum er 51,5 ár.

### MENNTUN

Spurt var hvert væri hæsta stig formlegrar menntunar sem skólastjórinn hefði hlotið.

**Tafla 47: Hlutfall skólastjóra sem hafa lokið tilteknu menntunarstigi hér á landi og í TALIS-löndum.**

Menntunarstig	ÍSLAND (%)	TALIS (%)
Lægri en ISCED 5	8,3	0,6
ISCED 5B	1,9	3,9
ISCED 5A	89,8	92,5

LÆGRA EN ISCED 5: Kennarapróf, ekki á háskólastigi; Sveins- eða iðnmeistarapróf; Listnám (ekki á háskólastigi)

ISCED 5B: Sveins- eða iðnmeistarapróf að viðbættum kennsluréttindum, þ.e. 6 mán. – 2 ára háskólanámi; Listnám (ekki á háskólastigi) að viðbættum kennsluréttindum, þ.e. 6 mán. – 2 ára háskólanámi; Verk, list-, tækni- eða starfsgreinamiðað háskólanám að hámarki um 2 ár; Verk, list-, tækni- eða starfsgreinamiðað háskólanám að hámarki um 2 ár, að viðbættum kennsluréttindum (6 mán. – 2 ár háskólanámi).

ISCED 5A: B.A., B.Sc. (ekki á sviði kennslu/menntunarfræða); B.A., B.Sc. að viðbættu 6 mán. – 2 ára kennsluréttindanámi; B.Ed.eða önnur bakkalárgráða á sviði menntunar - og/eða kennslufræða; M.A., M.Sc. (ekki á sviði kennslu/menntunarfræða); M.A., M.Sc. að viðbættu 6 mán. – 2 ára kennsluréttindanámi; M.Ed., M.Art.Ed.eða önnur meistaragráða á sviði menntunar -og/eða kennslufræða.

ISCED 6: Doktorspróf (ekki á sviði kennslu/menntunarfræða); Doktorspróf að viðbættum kennsluréttindum, þ.e. 6 mán. – 2 ára háskólanámi; Doktorspróf á sviði menntunar og/eða kennslufræða.

Langflestir (um 90%) hafa lokið ISCED 5A. Um 8% hafa ekki lokið ISCED 5 stigi.

Menntun skólastjóra hér á landi er þó lítið eitt lakari en í TALIS-löndum að meðaltali.

Á Íslandi hefur hlutfall skólastjóra á ISCED 5A stigi hækkað um tæp 5 prósentustig. Það var 85% árið 2008.

Í TALIS-löndum að meðaltali hafa engar breytingar orðið á menntun skólastjóra. Hlutfallið á ISCED 5A stigi var 92,8% árið 2008 en er 92,7% árið 2013.

Menntun skólustjóra hefur aukist stórum á undanförunum 5 árum en er ennþá lægri en TALIS-meðaltalið.

#### STARFSREYNSLA

Spurt var um starfsreynslu skólustjóra í árum.

**Tafla 48: Starfstími (ár) skólustjóra í þessum skóla, í starfi sem skólustjóri í þessum skóla og alls, í öðrum þáttum skólustjórnunar, sem kennari og við önnur störf. Samanburður við TALIS-lönd.**

	Meðaltal	
	ÍSLAND	TALIS
Ár í starfi sem skólustjóri í þessum skóla	7,3	-
Ár í starfi sem skólustjóri <u>alls</u>	10,6	8,9
Ár í starfi í öðrum þáttum skólustjórnunar (ekki telja með árin sem þú hefur starfað sem skólustjóri)	4,7	5,7
Ár í starfi sem kennari alls (teldu með öll ár við kennslu)	14,5	20,7
Ár í starfi við önnur störf	4,8	3,2

Að meðaltali hafa skólustjórar um 11 ára reynslu í starfi sem skólustjórar, en hafa einnig um 5 ára reynslu í öðrum þáttum skólustjórnunar og rúmlega 14 ára reynslu sem kennarar.

Hér á landi er starfsreynsla skólustjóra lengri en kollega þeirra í TALIS-löndum að meðaltali. Þeir hafa verið skólustjórar í tæp 11 ár, á meðan meðaltalið í TALIS-löndunum er tæp 9 ár.

Íslenskir skólustjórar hafa starfað skemur sem kennarar, rúm 14 ár, en að meðaltali hafa kennarar í TALIS-löndum starfað í tæpt 21 ár sem kennarar.

Íslenskir skólustjórar hafa svo starfað um tveimur árum lengur við ýmis önnur störf (tæp 5 ár) í samanburði við TALIS-meðaltalið, sem er rúm 3 ár.

Íslenskir skólustjórar hafa starfað lengur sem skólustjórar – en skemur sem kennarar – en starfssystkini þeirra í öðrum TALIS-löndum. Þeir hafa einnig unnið lengur við ýmis önnur störf, ótengd skólastarfi.

## STARFSLUTFALL SKÓLASTJÓRA

Ríflega 94% skólastjóra eru í fullustarfi, þar af rúmlega þriðjungur með kennsluskyldu.

**Tafla 49: Starfshlutfall skólastjóra og kennsluskylda. Samanburður við TALIS-lönd.**

	ÍSLAND (%)	TALIS (%)
Fullt starf (90% eða meira af fullu starfi) <u>án</u> kennsluskyldu	58,3	62,4
Fullt starf (90% eða meira af fullu starfi) <u>með</u> kennsluskyldu	36,1	35,4
Hlutastarf (minna en 90% af fullu starfi) <u>án</u> kennsluskyldu	0,9	1,2
Hlutastarf (minna en 90% af fullu starfi) <u>með</u> kennsluskyldu	4,6	3,4

Fleiri skólastjórar eru í fullu starfi í TALIS-löndum að meðaltali samanborið við Ísland. Þarna munar þó aðeins um 4 prósentustigum og breytileikinn er mikill í TALIS-löndunum.

## NÁM SKÓLASTJÓRNENDA

Skólastjórar gerðu nánari grein fyrir námi sínu. Þeir voru spurðir hvort tilteknir þættir hefðu verið hluti af formlegu námi þeirra áður, eftir, eða fyrir og eftir að þeir hófu störf sem skólastjórar.

**Tafla 50: Nám skólastjóra á sviði skólastjórnunar, kennslu og kennslufræðilegrar forystu.**

Ísland	Fyrir	Eftir	Fyrir og eftir	Nei
Skólastjórnun eða þjálfun fyrir skólastjóra	21,9	40,0	21,0	17,1
Kennaraþjálfun/-menntun	87,0	1,9	7,4	3,7
Námskeið/þjálfun í kennslufræðilegri forystu	31,1	30,2	30,2	8,5

Um 43% skólastjóra höfðu hlotið formlega menntun í skólastjórnun eða þjálfun fyrir skólastjóra áður eða bæði áður og eftir að þeir hófu störf sem skólastjórar, 40% skólastjóra skv. ofangreindri flokkun fengu aðeins formlega menntun í skólastjórnun eða þjálfun fyrir skólastjóra *eftir* að þeir urðu skólastjórar. Um 17% hafði enga formlega menntun af því tagi.

Um þriðjungur hafði sótt námskeið/þjálfun í kennslufræðilegri forystu áður en þeir hófu störf sem skólastjórar.

87% hafði lokið kennaranámi áður en þeir urðu skólastjórar, en 3,7% höfðu ekki kennaramenntun.

Hér að neðan má sjá samsvarandi töflu fyrir TALIS-löndin að meðaltali.

**Tafla 51: Nám skólastjóra á sviði skólastjórnunar, kennslu og kennslufræðilegrar forystu. Hlutfall TALIS-landa að meðaltali. Var viðkomandi þjálfun fengin fyrir, eftir eða fyrir og eftir að viðkomandi hóf störf sem skólastjóri.**

TALIS-lönd að meðaltali	Fyrir	Eftir	Fyrir og eftir	Nei
Skólastjórnun eða þjálfun fyrir skólastjóra	25,4	37,5	21,9	15,2
Kennaraþjálfun/-menntun	64,4	7,7	18,3	9,6
Námskeið/þjálfun í kennslufræðilegri forystu	24,4	30,6	22,8	22,2

Hér á landi er algengara að kennaramenntun eigi sér stað *áður* en viðkomandi verður skólastjóri. Í TALIS-löndum hafa skólastjórar stundað nám á sviði skólastjórnunar eða hlotið þjálfun fyrir skólastjóra *áður* en þeir urðu skólastjórar. Munurinn er þó lítill milli Íslands og TALIS-landa að meðaltali. Hér er lítið eitt algengara að skólastjórar hafi sótt námskeið/þjálfun í kennslufræðilegri forystu, í samanburði við TALIS-meðaltalið.

Fleiri skólastjórar hér á landi höfðu sótt námskeið í kennslufræðilegri forystu.

Útbúinn var kvarði sem mældi Leiðtogaþjálfun (*Leadership training*) í þátttökulöndum. Fékkst ekkert stig ef sagt var “nei” í viðkomandi lið, en eitt stig fyrir hvern annan valkost sem merkt var við (“fyrir”, “eftir” og/eða “fyrir og eftir”). Ísland stendur vel á þessum mælikvarða. Um 77% íslenskra skólastjóra hafði hlotið mikla leiðtogaþjálfun (*strong leadership training in formal education*) skv. þessum mælikvarða. Þetta er 10 prósentustigum hærra en TALIS-meðaltalið (67,1%).

#### ÞÁTTAKA Í STARFSÞRÓUNARVERKEFNUM

Starfsþróunarverkefni voru skilgreind sem viðfangsefni eða verkefni sem miða að því að þroska faglega færni og þekkingu einstaklingsins. Skólastjórar voru beðnir um að tilgreina hvort þeir hefðu tekið þátt í tilteknum verkefnum af því tagi, ætluðum þeim sem skólastjórum, og þá hve lengi í dögum talið.

**Tafla 52: Þátttaka skólastjóra í starfsþróunarverkefnum. Þátttaka (%) og dagafjöldi. Samanburður við TALIS-lönd.**

	ÍSLAND		TALIS	
	Þátttaka (%)	Dagafjöldi, meðaltal	Þátttaka (%)	Dagafjöldi, meðaltal
Með hópi annarra fagaðila, við nýliðabjálfun eða í rannsóknarvinnu	37,0	17,4	51,1	20,2
Á námskeiðum, ráðstefnum eða vettvangsheimsóknum	94,4	7,1	83,4	12,6
Annað	42,6	9,6	33,5	10,4

Þátttaka skólastjóra í starfsþróunarverkefnum á námskeiðum, ráðstefnum eða vettvangs-  
heimsóknum var mjög almenn því 94,4% höfðu tekið þátt í slíkum verkefnum.

Ríflega þriðjungur hafði tekið þátt í slíku með hópi annarra fagaðila, við nýliðabjálfun eða í  
rannsóknarvinnu. Lengd þátttökunnar í dögum talið var mjög breytileg (staðalfrávikið var 58  
dagar).

Á Íslandi voru aðeins 3,7% skólastjóra, sem ekki tóku þátt í neinu starfsþróunarverkefni, á mót  
9,5% í TALIS öllu. Íslenskir skólastjórar sækja meira námskeið, ráðstefnur eða vettvangs-  
heimsóknir en starfsbræður þeirra að meðaltali í TALIS-löndum.

#### *STARFSÞRÓUN: MÖGULEGAR HINDRANIR*

Skólastjórar voru spurðir um hvaða hindranir væru mögulega á vegi þeirra til frekari  
starfsþróunar. Flestir (56%) vísuðu til þess að starfsþjálfunin rækist á við vinnutíma, en einnig  
nefndi um fimmtungur að annir vegna fjölskyldu hindruðu þátttöku í starfsþróunarverkefnum.  
Ríflega fjórðungur sagði að enginn hvati væri til þess að taka þátt í slíkum verkefnum. Kostnaður  
vegna starfsþróunar var talinn hafa hamlandi áhrif hjá ríflega fjórðungi skólastjóra. Ekki var  
almennt talið vanta upp á stuðning frá vinnuveitanda. Aðeins 14% töldu svo vera.

**Tafla 53: Mögulegar hindranir á vegi skólastjóra til frekari starfsþróunar. Hlutfall (%) sem velur tiltekna svarmöguleika. Samanburður við TALIS-lönd.**

					„Sammála“ eða „mjög sammála“	
	Mjög ósammála	Ósammála	Sammála	Mjög sammála	ÍSLAND	TALIS
Ég stenst ekki forkröfur (t.d. hæfniskröfur, reynslu, starfsaldur).	71,0	22,4	5,6	0,9	6,5	7,2
Þjálfun er of dýr/ég hef ekki efni á henni.	37,4	35,5	25,2	1,9	27,1	29,9
Ég fæ ekki stuðning frá vinnuveitanda mínum.	47,7	38,3	13,1	0,9	14,0	20,7
Þjálfunin rekst á við vinnutíma minn.	15,0	29,0	43,9	12,1	56,1	43,1
Ég hef ekki tíma þar sem ég þarf að sinna fjölskyldu minni.	18,7	58,9	18,7	3,7	22,4	13,3
Það er engin viðeigandi þjálfun í boði.	25,2	57,9	15,0	1,9	16,8	22,4
Það er enginn hvati til að taka þátt í slíkum verkefnum.	17,8	53,3	23,4	5,6	29,0	35,4

Alþjóðlegur samanburður á mögulegum hindrunum á vegi skólastjóra til frekari starfþróunar sýnir að íslenskir skólastjórar telja slíka hindrun frekar geta falist í því að þjálfunin rekist á við vinnutíma þeirra, eða að þeir hafi ekki tíma til þess að stunda frekari starfsþróun vegna þess að þeir þurfi að sinna fjölskyldunni. Á þessum sviðum sjá íslenskir skólastjórar meiri hindrun en starfssystkini þeirra í öðrum TALIS-löndum að meðaltali.

Erlendir skólastjórar kvarta hins vegar frekar undan því að þeir fái ekki stuðning frá vinnuveitanda, að enginn hvati sé til að taka þátt í slíkum verkefnum eða að engin viðeigandi þjálfun sé í boði. Fleiri erlendir skólastjórar eru sammála þessu eða mjög sammála í samanburði við íslenska.



## KAFLI 8: ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM SKÓLANN

Stærð samfélagsins sem skólinn er í: Kennarar sem vinnu á skólum sem eru á svæði með 15 000 íbúa eða færri er 69,9% hér á landi, en 42% í TALIS að meðaltali. Ekkert land er með hærra hlutfall svo lítilla samfélaga en Íslandi.

### REKSTRARFORM OG FJÁRMÖGNUN

Langflestir kennaranna starfa við skóla sem rekinn er af hinu opinbera, eða 98,4%, en 1,6% starfa við skóla sem rekinn er af einkaaðilum. Í TALIS eru samsvarandi tölur 81,8% og 19,4%.

Svipað gildir um fjármögnun skólanna. Um 97% svara því játandi, að 50% eða meira af fjárframlagi til skólans komi frá ríkissjóði/sveitarfélagi. 92,4% svara því til, að kostnaður vegna kennara sé greiddur af ríkissjóði/sveitarfélagi.

### STARFSLIÐ

Skólastjórar voru beðnir um að segja hversu margir störfuðu við skólann við kennslu, stuðningskennslu, skrifstofustörf, stjórnun eða annað.

**Tafla 54: Meðalfjöldi kennara, starfsfólks við stuðningskennslu, skrifstofufólks, stjórnenda og annars starfsfólks í íslenskum skólum. \***

Störf	Meðalfjöldi
Kennarar, án tillits til þeirra bekkjardeilda/aldurs sem þeir kenna <i>þeir sem hafa að aðalstarfi í þessum skóla að veita nemendum kennslu</i>	27,04
Starfsfólk í stuðningskennslu, án tillits til þeirra bekkjardeilda/aldurs sem þeir styðja <i>Hér teljast með allir aðstoðarkennarar, skólaliðar eða annað starfsfólk sem er ekki kennarar en veitir kennslu eða styður kennara við að veita kennslu, einnig sérfræðingar í námskrágerð eða kennslu, sérfræðingar í miðlun námsefnis, sálfræðingar og hjúkrunarfræðingar</i>	8,74
Skrifstofufólk við skólann <i>Hér teljast með móttökustjórar, ritarar og aðstoðarfólk stjórnenda</i>	1,38
Stjórnendur skólans <i>Hér teljast með skólastjórar, aðstoðarskólastjórar og aðrir stjórnendur sem hafa stjórnun/rekstur að aðalverksviði</i>	2,98
Annað starfsfólk	6,18

\* Hver einstaklingur getur tilheyrt mörgum flokkum.

Að meðaltali er fjöldi kennara við hvern skóla um 27, en breytileiki er mikill milli skóla enda staðalfrávikidið 17,1. Hlutfall stjórnenda á hvern kennara er um 1 á móti 9. Hafa ber í huga að hér getur verið átt við sama fólkidið, t.d. getur stjórnandi einnig kennt.

#### NÁMSFRAMBOÐ OG SAMKEPPNI VIÐ AÐRA SKÓLA

Skólastjórar voru spurðir hvaða námsstig (leikskólastig, yngsta- og miðstig o.s.frv.) væru kennd við skólann. Einnig var spurt hvort aðrir skólar í nágrenninu kepptu um nemendur á viðkomandi námsstigi.

**Tafla 55: Hvaða námsstig eru kennd við skólann, og hve margir skólar í nágrenninu keppa um nemendur á hverju námsstigi?**

	Námsstig kennt (%)	Fjöldi skóla sem keppir um nemendur		
		Tveir eða fleiri aðrir skólar (%)	Einn annar skóli (%)	Engir aðrir skólar (%)
Leikskólastig	21,0	27,3	9,1	63,6
Yngsta- og miðstig grunnskóla	94,2	27	7,9	65,2
Unglingastig grunnskóla	100	26,4	7,7	65,9
Framhaldsskólastig: bóknámsgreinar	5,7	40	0	60
Framhaldsskólastig: starfsnámsgreinar, tækni- og verknám	2,9	100	0	0

Um 2/3 skólanna hafa enga “samkeppni” á tilteknu námsstigi, utan þeir örfáu skólar sem kenna starfsnámsgreinar, tækni- og verknám á framhaldsskólastigi samhliða unglingastiginu.

Flestir skólanna bjóða, auk unglingastigs, einnig uppá nám að einhverju marki á yngsta- og miðstigi (um 94%). Um fimmtungur skóla á unglingastigi er einnig með leiksskólastigið.

Fjöldi nemenda í skólum hér er að meðaltali 247,8. Þó er mikill breytileiki í stærð skólanna. Meðalstærð skóla í TALIS er 546 nemendur. Aðeins Portúgal er með minni skóla en hér á landi: 221 nemanda að meðaltali. Í Noregi eru skólar með 257 nemendur meðaltali.

Fjöldi nemenda á hvern kennara er 8,4 að meðaltali á Íslandi, en 12,4 að meðaltali í TALIS-löndum.

Meðalbekkjarstærð er 19,6 nemendur á Íslandi, en er 24,1 í TALIS-löndum að meðaltali. Meðalbekkjarstærð er á bilinu 17 til 19 nemendur í Finnlandi, Eistlandi, Lettlandi, Slóvakíu og Flæmingjalandi.

### SAMSETNING NEMENDAHÓPSINS

Í rannsókninni var spurt um hlutfall nemenda með annað móðurmál en íslensku, hlutfall nemenda með sérþarfir og hlutfall nemenda sem kæmu frá efnahagslega- eða félagslega illa stöddum heimilum.

Útskýrt var í spurningalistanum að með “**sérþörfum**” væri átt við nemendur sem hafa hlotið formlega greiningu á þörf sinni fyrir sérkennslu vegna þess að þeir væru andlega, líkamlega eða tilfinningalega illa staddir. Til nánari skilgreiningar var einnig tilgreint að það væri oft vegna þessara nemenda sem viðbótarúrræði hefðu fengist frá hinu opinbera eða einkaaðilum (starfsfólk, námsgögn eða fjármunir) til að styðja við nám þeirra.

“**Efnahagslega- og félagslega**” illa stödd heimili vísar til heimila sem skortir helstu nauðsynjar eða grunnaðstöðu, svo sem viðundandi húsnæði, mat eða lækniþjónustu.

**Tafla 56: Hlutfall skólastjóra (%) sem telur tiltekið hlutfall nemenda á unglingsstigi vera með annað móðurmál, sérþarfir eða vera frá efnahagslega- eða félagslega illa stöddum heimilum.**

	Enginn	1% til 10%	11% til 30%	31% til 60%	Meira en 60%
Nemendur sem hafa annað móðurmál en tungumálið sem kennslan fer fram á	13,2	64,2	22,6	0	0
Nemendur með sérþarfir	1,9	41,9	49,5	2,9	3,8
Nemendur frá efnahagslega- eða félagslega illa stöddum heimilum	9,5	67,6	19,0	1,9	1,9

Fátítt er að enginn nemandi hafi annað móðurmál en tungumálið sem kennslan fer fram á (íslenskan), eða aðeins um 13%. Hins vegar er þetta hlutfall hvergi meira en 30% í hverjum skóla, oftast 1-10% (í um 64% skóla).

Í um helmingi skóla eru nemendur með sérþarfir á bilinu 11 til 30%, og í um 42% tilfella eru þeir 1 til 10%. Í um 4% skóla er hlutfall þeirra yfir 60%.

Í aðeins um 10% skóla er enginn nemandi frá efnahagslega- eða félagslega illa stöddu heimili. 2/3 hlutar skóla eru með 1 til 10% nemenda frá efnahagslega- eða félagslega illa stöddu heimili og í öðrum 19% tilvika er hlutfall þeirra á bilinu 11 til 30%. Í um 2% tilvika er hlutfallið yfir 60%.

## KAFLI 9: SKÓLAFORYSTA

Í 78,3% skóla var stjórnunarteymi starfandi við skólann. Stjórnunarteymi” var skilgreint í spurningalistanum sem “hópur innan skólans sem ber ábyrgð á og gegnir forystuhlutverki þegar teknar eru ákvarðanir sem varða kennslu, nýtingu á tiltækum úrræðum, námskrá, matsþætti og aðrar stefnumarkandi ákvarðanir sem tengjast eðlilegri virkni skólans.”

Í töflu má sjá hvernig stjórnunarteymi er skipað í skólum á unglíngastigi.

**Tafla 57: Hverjir eru í stjórnunarteymi skólans?**

	Hlutfall (%)
Þú, sem skólastjóri	100
Aðstoðarskólastjóri	89,2
Fjármálastjóri	8,4
Deildarstjórar	74,7
Kennarar	27,7
Fulltrúi/fulltrúar frá skólaráði	13,3
Foreldrar eða forráðamenn	7,2
Nemendur	4,8
Aðrir	15,7

Í öllum tilfellum er skólastjóri í stjórnunarteyminu, og aðstoðarskólastjóri í 89,2 % tilvika. Deildarstjórar eru hluti af þessu teymi í  $\frac{3}{4}$  hlutum tilvika, en kennarar aðeins í rúmlega fjórðungi skóla. Þátttaka foreldra og nemenda í stjórnunarteymi er sjaldgæf (um 7% og 5% hvor hópur).

Kannað var hvernig ábyrgð á ólíkum stjórnunarverkefnum skiptist milli aðila. Spurt var hver bæri “umtalsverða ábyrgð” á tilteknum verkefnum. Með “umtalsverðri ábyrgð” var átt við “að taka virkan þátt í ákvörðunum um viðkomandi mál.” Spurt var um aðkomu skólastjóra, annarra í stjórnunarteymi, kennara (ekki í stjórnunarteymi), skólaráðs og hins opinbera (ríkis/sveitarfélags).

**Tafla 58: Hvaða aðilar bera ábyrgð á tilteknum þáttum í stjórn skólans?**

	Þú, sem skólastjóri	Aðrir í stjórn-teymi skólans	Kennarar	Skólaráð	Ríki/sveitarfélag
Val á kennurum til starfa	96,2	36,8	0	1,9	7,5
Brottrekstur kennara	100	12,,5	0	1,0	14,4
Ákvörðun um byrjunarlaun kennara	19,4	0	0	0	87,4
Ákvörðun um launahækkanir kennara	27,5	2,0	0	0	83,3
Ákvörðun um úthlutun fjármagns innan skólans	69,2	14,4	3,8	1,0	45,2
Setja agareglur fyrir nemendur	81,1	70,8	77,4	35,8	2,8
Ákvarða hvernig námsmat skuli fara fram, þ. á m. samræmt námsmat á einstökum landssvæðum eða landinu í heild	76,2	71,3	73,3	10,0	39,6
Samþykkt á inntöku nemenda í skólann	82,1	29,2	3,8	2,8	37,7
Val á námsefni	52,9	56,7	95,2	1,0	63,7
Ákvörðun um innihald námsins, þ. á m. námskrá fyrir einstök landssvæði eða landið í heild	58,1	45,7	62,9	11,4	63,8
Ákvörðun um hvaða námskeið eru í boði	82,5	63,1	56,3	6,8	44,7

#### SKOÐAÐ EFTIR VERKEFNUM

Val á kennurum er að mestu leyti í höndum skólastjóra, en einnig í um 1/3 hluta skóla einnig í höndum annarra í stjórnunarteymi. Svipað má segja um brottrekstur kennara, en þar kemur “ríki/sveitarfélag” einnig við sögu í um 14% tilvika.

Byrjunarlaun kennara eru nánast alfarið í höndum “ríkis/sveitarfélags” (87,4%), en skólastjórar í um fimmtungi skóla koma einnig að þeim ákvörðunum. Hið sama gildir um launahækkanir að mestu, þótt skólastjórar segist taka ábyrgðina að hluta í ríflega fjórðungi skóla.

Skólastjórar og ríki/sveitarfélag taka einnig ákvarðanir um úthlutun fjármagns innan skólans. Um 69% skólastjóra segist bera umtalsverða ábyrgð á því og visa jafnframt í tæpum helmingi tilfella

(45,2%) til ríkis/sveitarfélags, sem með-aðila að ákvörðunum um úthlutun fjármagns innan skólans.

Mun fleiri aðilar en ofangreindir koma að því að ákvarða um *agareglur* fyrir nemendur. Þar koma kennarar og skólaráð við sögu, auk skólastjóra og annarra í stjórnunarteymi, sem einnig taka þátt í ákvörðunum í um 3/4 hlutum skóla. Setning agareglna eru sá þáttur sem skólaráð tekur virkastan þátt í að taka ákvarðanir um, miðað við töfluna að ofan, en að örðu leyti tekur skólaráð umtalsverða ábyrgð á tilteknum málaflokkum í fáum skólum.

Ýmsir aðilar eru sagðir bera umtalsverða ábyrgð á því að ákveða *hvernig námsmat skuli fara fram*. Yfir 70% segja skólastjóra, aðra í stjórnunarteymi og kennara utan stjórnunarteymis taka þátt í því. Einnig nefna tæp 40% ríki/sveitarfélag.

Skólastjóri ber öðrum fremur ábyrgð á *samþykkt á inntöku nemenda í skólann*. Ríki/sveitarfélag og aðrir í stjórnunarteymi eru þó einnig í sumum skólum sagðir bera ábyrgð á þessum þætti.

*Val á námsefni* er nánast allsstaðar í höndum kennara fyrst og fremst, en í ríflega helmingi tilfella er það einnig í höndum skólastjóra og/eða annarra í stjórnunarteymi skólans.

Ákvörðun um *innihald námsins* er í höndum ríkis/sveitarfélags og kennara að mati 2/3 hluta skólastjóra, en aðrir í stjórnunarteymi bera einnig umtalsverða ábyrgð á því að mati tæplega helmingi skólastjóra.

Ákvörðun um *hvaða námskeið eru í boði* dreifist svo á skólastjóra, aðra í stjórnunarteymi, kennara utan stjórnunarteymis og ríki/sveitarfélag í stíglækkandi röð ábyrgðar.

#### SKOÐAÐ EFTIR AÐILUM

**Skólastjórar:** Ef við berum saman ábyrgð þessara aðila á einstökum verkþáttum, með því að taka saman hæstu prósentutölur í hverjum dálki, bera *skólastjórar* greinilega víðtæka ábyrgð á mörgum verkefnum, en einkum á vali og brottrekstri kennara, námskeiðsframboði, inntöku nemenda og setningu agareglna. Aðrir þættir eru einnig háir, en ábyrgð skólastjóra er minnst við ákvarðanir á byrjunarlaunum og launahækkunum, af þeim þáttum sem spurt er um.

**Aðrir í stjórnunarteymi:** Ábyrgð *annarra í stjórnunarteymi* er almennt minni en skólastjóra, á þeim verkefnum sem spurningin nær til. Prósentutölur eru almennt lægri í þeim dálki. Þær eru hæstar varðandi ákvarðanir um hvernig námsmat skuli fara fram, agareglur settar og námsframboð ákveðið.

**Kennarar (ekki í stjórnunarteymi):** Ábyrgð almennra kennara er langútbreiddust varðandi val á námsefni (í um 95% skóla). Í um ¾ hlutum skóla bera þeir einnig umtalsverða ábyrgð á setningu agareglna fyrir nemendur og því hvernig námsmat skuli fara fram. Þeir bera einnig ábyrgð, í ríflega helmingi skóla, á innihaldi námsins og því hvaða námskeið eru í boði.

**Skólaráð:** ber sjaldan umtalsverða ábyrgð á einstökum verkum. Ábyrgðin er algengust varðandi það að setja siðareglur fyrir nemendur, en um þriðjungur skólastjóra lítur svo á.

Ríki/sveitarfélag: bera umtalsverða ábyrgð (og nánast ein) á ákvörðunum um byrjunarlaun og launahækkanir. Einnig bera þau umtalsverða ábyrgð á ákvörðunum um innihald námsins í um 2/3 skóla. Það er mjög breytilegt eftir skólastjórnnum, hvort ríki/sveitarfélag er sagt bera ábyrgð á einstökum verkefnum. Minnst er þó ábyrgð ríkis/sveitarfélags á þáttum eins og þeim að setja agareglur fyrir nemendur, vali á námsefni og vali og brottrekstri kennara.

#### HVE HÁTT HLUTFALL AF TÍMA SKÓLASTJÓRANS FER Í EINSTÖK VERK AÐ MEÐALTALI YFIR SKÓLAÁRIÐ?

Skólastjórar voru spurðir hve hátt hlutfall af tíma þeirra í starfi sem skólastjóri færi í tiltekin verk að meðaltali yfir skólaárið í þessum skóla.

**Tafla 59: Hlutfall (%) tíma skólastjóra sem fer í tiltekin verk að meðaltali yfir skólaárið í þessum skóla. Samanburður við TALIS-lönd.**

Verkefni	Tilgreint hlutfall (%) að meðaltali yfir skólaárið	
	ÍSLAND	TALIS
Verkefni og fundir sem lúta að stjórnun og forystu <i>þ.á m. starfsmannamál, regluverk, skýrslur, fjárhagsáætlun skólans, gerð stundarskráa og skipun í bekki, áætlanagerð, forystu- og stjórnunarverkefni, ásamt því að svara fyrirspurnum frá embættismönnum menntamála í ríki, sveitarfélagi eða öðrum opinberum stjórnsýsluaðila</i>	40,5	41,3
Verkefni og fundir sem lúta að námskrárgerð og kennslu <i>Hér teljast með námskrárþróun, kennsla, eftirlit með kennslustundum, mat á nemendum, leiðsögn kennara, fagleg þróun kennara</i>	17,8	21,4
Samskipti við nemendur <i>þ.á m. ráðgjöf og samtöl utan við skipulögð skólaverkefni, agi</i>	17,6	14,9
Samskipti við foreldra eða forráðamenn <i>Bæði formleg og óformleg samskipti</i>	11,3	11,2
Samskipti við samfélagið á staðnum eða í héraðinu, fyrirtæki og atvinnugreinar	7,0	7,1
Annað	6,0	4,1

Mestur tími skólastjóra (40%) fer í verkefni og fundi sem lúta að stjórnun og forystu. Tæplega fimmtungi tímans er varið í samskipti við nemendur og annar fimmtungur fer í verkefni og fundi sem lúta að námskrárgerð og kennslu. Um 7% tímans lýtur að samskiptum við samfélagið á staðnum, í héraðinu, við fyrirtæki og atvinnugreinar.

Sjá má að lágt hlutfall tímans fer almennt í verkefni og fundi sem lúta að námskrárgerð og kennslu. Þetta gildir bæði hér á landi og í TALIS meðatali. Meiri tíma er varið hér á landi í samskipti við nemendur í samanburði við TALIS-meðaltalið: 17,6% tímans hér á móti 8,6% í TALIS.

#### ÝMIS VERK SKÓLASTJÓRA

Skólastjórar voru spurðir hvort þeir hefðu tekið þátt í að nota niðurstöður um frammistöðu nemenda og mat á nemendum til að þróa kennslumarkmið og námsþætti skólans og svörðuðu 82,1% því játandi. Hlutfallið er 88,8% í TALIS almennt. Mjög svipað hlutfall skólastjóra (81,1%) sagðist hafa unnið að starfsþróunaráætlun fyrir skólann á síðustu 12 mánuðum, lítið eitt hærra en í TALIS-meðaltalinu sem er 79,1.

Skólastjórar tilgreindu hversu oft þeir hefðu tekið þátt í ýmsum verkefnum í skólanum síðastliðna 12 mánuði.

**Tafla 60: Ýmis verk skólastjóra á síðastlinum 12 mánuðum. Tíðni svara í prósentum. Samanburður við TALIS-lönd.**

	Aldrei eða sjaldan	Stundum	Oft	Mjög oft	„Oft“ eða „mjög oft“	
					ÍSLAND	TALIS
Ég vann með kennurum við að leysa agavandamál í kennslustofunni.	11,3	47,2	29,2	12,3	41,5	68,2
Ég fylgdist með kennslu í kennslustofunni.	21,7	63,2	13,2	1,9	15,1	49,0
Ég studdi á virkan hátt samstarf kennara sem eru að þróa nýjar kennsluaðferðir.	7,7	35,6	48,1	8,7	56,7	64,1
Ég reyndi að tryggja að kennarar tækju ábyrgð á að bæta kennslufærni sína.	1,9	40,6	42,5	15,1	57,5	68,6
Ég reyndi að tryggja að kennurum finnst þeir bera ábyrgð á námsárangri nemenda sinna.	1,9	21,7	55,7	20,8	76,4	75,5
Ég upplýsti foreldra eða forráðamenn um frammistöðu skólans og nemendanna.	4,7	46,2	38,7	10,4	49,1	65,8
Ég leitaði að mistökum og villum í starfsháttum og skýrslum skólans.	35,6	46,2	15,4	2,9	18,3	60,9
Ég leysti vandamál tengd stundatöflu námsgreina í þessum skóla.	10,4	41,5	35,8	12,3	48,1	46,9
Ég var í samstarfi við skólastjóra annarra skóla.	0,9	32,1	43,4	23,6	67,0	62,1



Skólastjórar sögðust oft eða mjög oft reyna að ýta undir ábyrgð kennara, svo sem að reyna að tryggja að kennurum finnist þeir bera ábyrgð á námsárangri nemenda sinna, að styðja á virkan hátt samstarf kennara sem eru að þróa nýjar kennsluaðferðir og reyna að tryggja að kennarar taki ábyrgð á kennslufærni sinni.

Þeir eru einnig oft í samstarfi við skólastjóra annarra skóla.

Verk sem algengast er að skólastjórar vinni stundum eru meðal annars þau að fylgjast með kennslu í kennslustofunni, vinna með kennurum að lausn agavandamála, upplýsa foreldra og forráðamenn um frammistöðu skólans og nemendanna, leita að mistökum og villum í starfsháttum og skýrslum skólans og leysa vandamál tengd stundatöflu námsgreina.

Í engu tilfalli var algengast að ákveðið verk væri unnið sjaldan eða aldrei, en hæstu prósentuna við þann svarmöguleika mátti sjá við fullyrðinguna “ég leitaði að mistökum og villum í starfsháttum og skýrslum skólans”. Það hafði um þriðjungur aldrei eða sjaldan gert.

Mjög oft hafði um fimmtungur skólastjóra reynt að tryggja að kennurum fyndist þeir bera ábyrgð á námsárangri nemenda sinna og verið í samstarfi við skólastjóra annarra skóla.

Skólastjórar hér á landi eru oftár í samstarfi við skólastjóra annarra skóla. En TALIS-meðaltalið er hins vegar mun hærra varðandi tíðni þess að fylgjast með kennslu í kennslustofunni, leita að mistökum og villum í starfsháttum og skýrslum skólans, upplýsa foreldra eða forráðamenn um frammistöðu skólans og nemendanna og að aðstoða kennara við að leysa agavandamál í kennslustofunni.

## VALDDREIFING

Skólastjórar voru beðnir um að taka afstöðu til nokkurra fullyrðinga um skólann.

**Tafla 61: Fullyrðingar skólastjóra um tækifæri starfsfólks, kennara og nemenda til virkrar þátttöku í ákvörðunum um skólann, hlut þeirra sjálfra í slíkum ákvörðunum og anda samvinnu við skólann. Tíðni svara í prósentum.**

	Mjög ósammála	Ósammála	Sammála	Mjög sammála
Þessi skóli veitir starfsfólki tækifæri til að taka virkan þátt í ákvörðunum um skólann.	0	0	58,5	41,5
Þessi skóli veitir foreldrum eða forráðamönnum tækifæri til að taka virkan þátt í ákvörðunum um skólann.	0	16,0	73,6	10,4
Þessi skóli veitir nemendum tækifæri til að taka virkan þátt í ákvörðunum um skólann.	0	24,5	62,3	13,2
Ég tek mikilvægu ákvarðanirnar sjálf(ur).	3,8	41,0	46,7	8,6
Í skólanum ríkir andi samvinnu sem einkennist af gagnkvæmum stuðningi.	0,9	2,8	60,4	35,8

Allir voru sammála eða mjög sammála því, að þessi skóli veitti starfsfólki tækifæri til að taka virkan þátt í ákvörðunum um skólann. Enginn var því ósammála. Flestir eða 84% voru sammála eða mjög sammála því að skólinn veitti foreldrum tækifæri til að taka virkan þátt í ákvörðunum um skólann og um ¼ hlutar skólastjóra töldu nemendur fá tækifæri til þess.

Ríflega helmingur skólastjóra var sammála eða mjög sammála því að þeir tækju mikilvægu ákvarðanirnar sjálfir, en 41% var ósammála því og um 4% mjög ósammála því.

Langflestir voru sammála eða mjög sammála því að í skólanum ríkti andi samvinnu sem einkenndist af gagnkvæmum stuðningi.

## SKÓLARÁÐ

Skólaráð var starfandi við 95,3% skólanna.

Aðilar að skólaráði voru eftirfarandi, að sögn skólastjóra.

**Tafla 62: Aðilar að skólaráði.**

	Já (%)
Fulltrúar ríkis/sveitarfélags.	10
Fólk úr stjórnarliði skólans.	96
Skrifstofufólk.	15
Kennarar.	99
Foreldrar eða forráðamenn.	99
Nemendur.	98
Stéttarfélög.	2
Fulltrúar fyrirtækja, stofnana vinnumarkaðarins, kirkju, eða annarra einkastofnana.	0
Aðrir.	54

Í langflestum tilvikum var skólaráð skipað fólk úr stjórnarliði skólans, kennurum, foreldrum/forráðamönnum og nemendum. Fulltrúar fyrirtækja o.fl. utanaðkomandi aðila áttu einnig sæti í skólaráði í um fjórðungi tilfella. Skrifstofufólk skólans átti sæti í skólaráði í 15% tilvika, og fulltrúar ríkis/sveitarfélaga og stéttarfélaga enn sjaldnar.

#### TENGLI VIÐ FORELDRA

Spurt var hvor skólinn byði foreldrum eða forráðamönnum upp á þátttöku í vinnustofum eða námskeiðum, barnagæslu til þess að auðvelda þátttöku þeirra, stuðning við foreldrafélög eða foreldrafundi.

**Tafla 63: Tengls og eðli stuðnings við foreldra. Samanburður við TALIS-lönd.**

	ÍSLAND Já (%)	TALIS Já (%)
Vinnustofur eða námskeið fyrir foreldra eða forráðamenn	55,7	57,4
Þjónusta sem auðveldar foreldrum eða forráðamönnum að taka þátt, eins og barnagæslu	36,8	28,7
Stuðningur við foreldrafélag/-félög	88,7	68,4
Foreldrafundir	100,0	98,9

Allir skólastjórar sögðust bjóða uppá foreldrafundi og flestir sögðu að skólinn byði uppá stuðning við foreldrafélög. Rúmlega helmingur sagðist standa fyrir vinnustofum eða námskeiðum fyrir foreldra eða forráðamenn og um þriðjungur sagðist bjóða uppá t.d. barnagæslu til þess að auðvelda foreldrum að taka þátt.

Tengsl við foreldra og stuðningur við þá í skólastarfi er meiri hér á landi en í samanburðurlöndum TALIS.

#### TAKMARKANDI ÞÆTTIR

Spurt var um ýmsa þætti sem geta verið takmarkandi fyrir árangur skólastjórans. Skólastjórar voru beðnir um að tilgreina hversu mikið ákveðnir þættir takmörkuðu árangur þeirra í starfi sem skólastjóri.

**Tafla 64: Takmarkandi þættir í skólastarfi. Hlutfall sem velur tiltekinn svarmöguleika. Samanburður við TALIS-lönd.**

	Alls ekki	Mjög lítið	Að nokkru leyti	Mikið	Að nokkru leyti eða mikið	
					ÍSLAND	TALIS
Of lítið fjármagn eða önnur tiltæk úrræði	7,5	17,0	<b>49,1</b>	26,4	<b>75,5</b>	<b>79,5</b>
Reglur og stefna ríkisins	12,3	<b>46,2</b>	36,8	4,7	<b>41,5</b>	<b>69,1</b>
Fjarvistir kennara	10,4	<b>49,1</b>	34,0	6,6	<b>40,6</b>	<b>38,1</b>
Skortur á þátttöku og stuðningi foreldra eða forráðamanna	17,1	<b>39,0</b>	38,1	5,7	<b>43,8</b>	<b>49,5</b>
Launakerfi kennara byggt á starfsreynslu	13,5	28,8	<b>44,2</b>	13,5	<b>57,7</b>	<b>49,1</b>
Skortur á tækifærum og stuðningi við mína eigin starfsþróun	13,5	<b>49,0</b>	37,5	0,0	<b>37,7</b>	<b>30,2</b>
Skortur á tækifærum og stuðningi við starfsþróun kennara	13,5	35,6	<b>45,2</b>	5,8	<b>51,0</b>	<b>42,6</b>
Mikið vinnuálag og mikil ábyrgð í starfi mínu	1,9	23,8	<b>52,4</b>	21,9	<b>74,3</b>	<b>71,8</b>
Skortur á samvinnu við annað starfsfólk skólans í forystu	<b>41,0</b>	<b>41,0</b>	17,1	1,0	<b>18,1</b>	<b>32,6</b>

“Að nokkru leyti” kvörtuðu skólastjórar yfir vinnuálagi og of mikilli ábyrgð í starfi, skorti á fjármagni og öðrum úrræðum, skorti á tækifærum og stuðningi við starfsþróun kennara og því að launakerfið væri byggt á starfsreynslu (og menntunarstigi eða starfsreynslu) frekar en frammistöðu í starfi.

Um 41% kvartaði að nokkru leyti eða mikið yfir fjarvistum kennara.

Skólastjórar kvörtuðu “mjög lítið” yfir reglum og stefnu ríkisins, samvinnu við annað starfsfólk, skorti á tækifærum og stuðningi við eigin starfsþróun eða þátttöku foreldra eða forráðamanna.

Einn helsti takmarkandi þátturinn hér á landi er að mati skólastjóra það að launakerfi skuli byggt á starfsreynslu.

## KAFLI 10: FORMLEGT MAT Á STÖRFUM KENNARA

Sérstakur undirkafli fjallaði um mat á störfum kennara, hvernig því væri háttað.

“Mat” var skilgreint sem skoðun skólastjóra, ytri eftirlitsaðila eða samstarfsaðila á starfi kennara. Miðað var við fremur formlega nálgun (t.d. sem hluta af skilgreindu frammistöðumati með skilgreindum aðferðum og viðmiðum) fremur en óformlega nálgun (svo sem óformlegt samtal).

Spurt var hversu oft hver kennari væri formlega metinn í skólanum af tilteknum aðilum.

**Tafla 65: Hversu oft er hver kennari formlega metinn af eftirfarandi aðilum? Samanburður við TALIS-löndin.**

	ÍSLAND					TALIS Aldrei
	Aldrei	Sjaldnar en einu sinni á tveggja ára fresti	Einu sinni á tveggja ára fresti	Einu sinni á ári	Tvisvar á ári eða oftar	
Þér, sem skólastjóra	30,6	8,6	6,7	44,8	11,4	13,8
Öðrum í stjórnarteymi skólans	43,8	10,8	5,9	25,5	8,8	29,8
Starfsmanni sem sinnir nýliðþjálfun	84,4	2,9	1,0	3,9	5,8	51,6
Kennurum (sem eru ekki hluti af stjórnarteymi skólans)	76,0	11,5	3,8	5,8	2,9	52,6
Utanaðkomandi aðilum (t.d. eftirlitsmönnum, fulltrúum sveitarfélagsins, starfsfólki svæðisskrifstofa eða öðru fólki utan skólans)	55,3	41,0	1,0	1,9	1,0	37,6

Skólastjóri er sá sem oftast metur starf kennara, en þó er það gert einu sinni á ári eða oftari í aðeins 56,2% tilvika. Í um 30% tilvika gerir skólastjóri það aldrei.

Í um fjórðungi skóla metur *annar í stjórnarteymi* kennarann í formlegu mati. Í tæplega 10% tilvika metur starfsmáður sem sinnir nýliðþjálfun kennara einu sinni, tvisvar eða oftari á ári. Í 84,4% tilvika metur starfsmaður sem sinnir nýliðþjálfun *aldrei* kennara. Tæplega er þá um nýliðþjálfun að ræða, í þeim skólum, nema hún fari fram án mats.

Í ríflega ¾ hluta skóla sinna kennarar sem ekki eru hluti af stjórnunarteymi *aldrei* formlegu mati á samkennum sínum.

Utanaðkomandi aðilar sinna slíku mati aldrei (55,3%) eða sjaldnar en á tveggja ára fresti (41%). Slíkt mat er því greinilega mjög sjaldgæfur hluti af formlegu mati á störfum kennara.

Formlegt mat á störfum kennara er mun sjaldgæfara hér á landi í samanburði við TALIS-meðaltalið.

Fleiri spurningar fjölluðu um mat á störfum kennara. Spurt var hver ynni tiltekin verk sem teldust til formlegs kennaramats í skólanum.

**Tafla 66: Hverjir vinna tiltekin verk sem teljast til formlegs kennaramats í skólanum. Samanburður við TALIS-lönd.**

	ÍSLAND						TALIS	
	Utanað- komandi aðilar	Þú, sem skólastjóri	Fólk í stjórnar- teymi skólans	Tilnefn- dir leiðbei- n- endur	Aðrir kennarar (ekki hluti af stjórnar- teyminu)	Ekki notað í þessum skóla	Þú, sem skólastjóri	Aðrir kennarar (ekki hluti af stjórnar- teyminu)
Beint eftirlit með kennslu í kennslustofu	12,6	42,4	42,8	1,7	4,3	28,0	76,1	25,5
Skoðanakönnun meðal nemenda um kennslu	23,6	21,2	31,8	6,3	18,2	28,2	37,7	29,0
Mat á þekkingu kennara á kennsluefninu	1,5	19,8	30,1	0,5	5,5	58,7	43,7	12,8
Greining á einkunnum nemenda	12,8	56,3	66,9	0	43,7	7,9	62,9	47,7
Umræður um sjálfsmat kennara á eigin vinnu (t.d. kynning á hæfnimöppu)	2,5	43,0	41,3	4,8	28,9	38,7	58,4	22,6
Umræður um endurgjöf frá foreldrum eða forráðamönnum	2,6	44,7	53,6	6,0	41,1	22,6	71,5	32,7

Skólastjóri og fólk í stjórnunarteymi sér helst um *beint eftirlit með kennslu í kennslustofum* þar sem það er stundað, en í tæpum fjórðungi skóla er það ekki stundað.

*Mat á þekkingu kennara á kennsluefni* fer ekki fram í meirihluta skóla, en er annars í höndum skólastjóra eða fólks í stjórnunarteymi.

Skólastjóri, kennara í stjórnunarteymi og utan þess, sjá allir um *greiningu á einkunnum nemenda*. Svipaða sögu má segja um *umræður um endurgjöf frá foreldrum eða forráðamönnum* nema hvað þær tíðkast ekki í um fjórðungi skóla.

*Umræður um sjálfsmat kennara á eigin vinnu* fer ekki fram í rúmlega þriðjungi skóla, en þar sem það er stundað er það í höndum skólastjóra, stjórnunarteymis, annarra kennara og utanaðkomandi aðila. Það er við þennan lið sem aðilar utan skólans koma helst við sögu.

Skólastjórar í TALIS-löndum taka meiri þátt í öllum verkunum sem nefnd eru í töflunni að ofan, í samanburði við íslenska skólastjóra. Munar þar víða tugum prósentustiga. Þetta sést með því að bera saman tölur fyrir skólastjóra á Íslandi (2. talnadálkur) og TALIS (5. talnadálkur).

Til samanburðar má skoða TALIS-meðaltöl með tilliti til verka skólastjóra og kennara sem ekki eru hluti af stjórnunarteyminu.

Þátttaka kennara sem eru ekki í stjórnunarteymi er einnig meiri í TALIS-löndum að meðaltali, samborið við Ísland, varðandi fjögur efstu verkin, en íslenskir kennarar sinna meira kennarmati sem lýtur að sjálfsmati kennara á eigin vinnu og umræðum um endurgjöf frá foreldrum eða forráðamönnum.

Skólastjórar voru spurðir hvað færi fram eftir að kennaramat hefði farið fram.



**Tafla 67: Afleiðingar kennaramats. Samanburður við TALIS.**

	ÍSLAND				„Stundum“, „oftast“ eða „alltaf“	
	Aldrei	Stundum	Oftast	Alltaf	ÍSLAND	TALIS
Mögulegar aðgerðir til að bæta úr veikleikum í kennslunni eru ræddar við kennarann.	2,4	32,1	40,5	25,0	98,2	98,5
Þróunar- eða þjálfunaráætlun er gerð fyrir hvern kennara.	36,9	42,9	14,3	6,0	62,1	84,5
Ef í ljós kemur að kennari stendur sig ekki nógu vel er gripið til fjárhagslegra refsiaðgerða, t.d. dregið úr árlegum launahækkunum.	94,0	4,8	0	1,2	6,1	21,9
Skipaður er leiðbeinandi til að hjálpa kennaranum að bæta kennslu sína.	45,2	46,4	6,0	2,4	59,1	72,5
Breyting er gerð á vinnuskyldu kennara (t.d. með því að auka eða minnka kennslu eða umsjónar-/stjórnunarstörf hans/hennar).	40,5	51,2	6,0	2,4	62,3	70,1
Breyting á launum kennara eða greiðslu á kaupauka.	83,1	15,7	0	1,2	16,6	34,3
Breyting á líkum á stöðuhækkun kennara.	52,4	39,3	3,6	4,8	55,2	55,7
Uppsögn eða ráðningarsamningur ekki endurnýjaður.	29,8	66,7	2,4	1,2	76,6	56,0

Fjárhagslegar refsiaðgerðir tíðkast ekki eða nánast ekki í skólum hér, sem viðbragð við því ef kennari stendur sig ekki nógu vel. Einnig er mjög fátítt að breyting verði á launum kennara eða greiðslu á kaupauka í framhaldi af formlegu kennaramati. Í innan við helmingi tilvika leiðir kennaramat til breytinga á líkum á stöðuhækkun. Hins vegar getur það í 2/3 tilvika “stundum” leitt til uppsagnar eða þess að ráðningarsamningur sé ekki endurnýjaður.

Í tæplega helmingi skóla er “stundum” skipaður leiðbeinandi til að hjálpa kennaranum að bæta kennslu sína og í rúmlega helmingi tilfella er “stundum” gerð breyting á vinnuskyldu kennara, t.d. með því að auka eða minnka kennslu eða umsjónar-/stjórnunarstörf kennarans, í framhaldi af kennaramati.

Helst eru líkur á að mögulegar aðgerðir til að bæta úr veikleikum í kennslunni séu *ræddar við kennarann*. Það gerist “alltaf” í fjórðungi skóla og stundum eða oftast í samtals 72,6% skóla.

Eftir að kennaramat hefur farið fram er mun algengara, í TALIS-löndum að meðaltali í samanburði við Ísland, að gerð sé þróunar- eða þjálfunaráætlun fyrir hvern kennara, að skipaður sé leiðbeinandi til að hjálpa kennaranum að bæta kennslu sína, að breytingar verði á launum kennara eða greiðslu á kaupauka.

Á Íslandi er meira um það að uppsögn eða ráðningarsamningur sé ekki endurnýjaður. Það er eini liðurinn sem er oftast tíðkaður hér á landi.

## KAFLI 11: SKÓLABRAGUR

Undirkafla spurningalista skólastjóra fjallaði um skólaanda. Fyrst var spurt hversu sammála eða ósammála skólastjórar væru ákveðnum fullyrðingum um skólaanda eða skólabrag.

**Tafla 68: Afstaða skólastjóra til einstakra fullyrðinga um skólabrag. Hlutfall (%) sem velur tiltekinn svarmöguleika.**

	ÍSLAND			
	Mjög ósammála	Ósammála	Sammála	Mjög sammála
Starfsfólk skólans hefur svipuð viðhorf til skólamenntunar/náms.	3,8	12,3	70,8	13,2
Samstarf milli skólans og nærsamfélagsins er mikið.	1,9	17,0	67,0	14,2
Starfsfólk skólans ræðir opinskátt um erfiðleika.	1,0	5,7	70,5	22,9
Það ríkir gagnkvæm virðing fyrir hugmyndum starfsfélaga.	0	10,4	65,1	24,5
Andrúmsloftið er þannig að menn vilja gjarnan deila velgengni sinni með öðrum.	0,9	5,7	66,0	27,4
Samband kennara og nemenda er gott.	0,9	0	56,6	42,5

Nánast allir (99,1%) voru sammála eða mjög sammála því að samband kennara og nemenda væri gott. Um fjórðungur skólastjóra var mjög sammála því að andrúmsloftið væri þannig að menn vildu gjarnan deila velgengni sinni með öðrum, að það ríkti gagnkvæm virðing fyrir hugmyndum starfsfélaga og að starfsfólk skólans ræddi opinskátt um erfiðleika. Fáir voru ósammála eða mjög ósammála þessum fullyrðingum.

Einnig voru skólastjórar sammála eða mjög sammála því að starfsfólk skólans hefði svipuð viðhorf til menntunar/náms og að samstarf milli skólans og nærsamfélagsins væri mikið. Þetta voru þó þær fullyrðingar sem skólastjórar voru hvað minnst sammála.

Samanburður við TALIS-lönd bendir til þess að skólaandi eða skólabragur sé mjög svipaður hér á landi og í öðrum þáttökulöndum að meðaltali.

Spurt var frekar um hamlandi atriði í skólastarfinu, þ.e. atriði sem gætu komið í veg fyrir að skólinn gæti veitt vandaða fræðslu.

**Tafla 69: Hvað getur komið í veg fyrir að skólinn veiti vandaða fræðslu? Hlutfall (%) sem velur tiltekinn svarmöguleika. Samanburður við TALIS-lönd.**

	Alls ekki	Mjög lítið	Að nokkru leyti	Mikið
Skortur á menntuðum og/eða hæfum kennurum	44,8	35,2	18,1	1,9
Skortur á kennurum með hæfni til að kenna nemendum með sérþarfir	28,6	40,0	26,7	4,8
Skortur á kennurum í starfsmiðuðum verknámsgreinum	32,7	31,7	28,8	6,7
Skortur á kennsluefni eða ófullnægjandi kennsluefni (t.d. kennslubækur)	44,2	39,4	15,4	1,0
Skortur á tölvum eða ófullnægjandi tölvukostur til að nota í kennslu	20,0	33,3	31,4	15,2
Ófullnægjandi aðgangur að interneti	43,8	28,6	21,0	6,7
Skortur eða vanefni á tölvuhugbúnaði til kennslu	44,8	25,7	40,0	10,5
Ófullnægjandi bókasafnsþjónusta	44,8	36,2	12,4	6,7
Skortur á stuðningsstarfsfólki/aðstoðarfólki	35,2	45,7	18,1	1,0

Skortur á tölvum eða hugbúnaði til kennslu voru þeir liðir sem helst voru taldir geta komið í veg fyrir vandaða fræðslu. Skortur á kennurum til þess að kenna nemendum með sérþarfir eða til þess að kenna starfsmiðaðar verknámsgreinar var í um þriðjung tilfella nefnt sem hamlandi “að nokkru leyti” eða “mikið”.

Skortur á kennsluefni eða bókasafnsþjónustu voru síst taldir geta komið í veg fyrir að skólinn veitti vandaða fræðslu.

Spurt var um neikvæða þætti í hegðun nemenda og einnig í fari kennara í skólanum.

**Tafla 70: Hegðun nemenda í skólanum. Hlutfall (%) sem velur tiltekinn svarmöguleika. Samanburður við TALIS-lönd.**

Hegðun nemenda í þessum skóla	ÍSLAND					Einu sinni í viku og daglega	
	Aldrei	Sjaldan	Einu sinni í mánuði	Einu sinni í viku	Daglega	ÍSLAND	TALIS
Mæta of seint í skólann	3,8	57,7	5,8	10,6	22,1	34,6	51,8
Fjarvistir (þ.e. án réttmætra skýringa)	13,5	58,7	3,8	14,4	9,6	26,9	38,7
Svindl	26,0	73,1	1,0	0	0	0	13,2
Skemmdarverk og þjófnaður	17,1	76,2	6,7	0	0	0	4,4
Kúgun eða svívirðingar gagnvart öðrum nemendum (eða annars konar andlegt einelti)	11,4	67,6	14,3	5,7	1,0	6,0	16,0
Líkamsmeiðingar vegna ofbeldis meðal nemenda	26,7	67,6	5,7	0	0	0	2,3
Kúgun eða svívirðingar gagnvart kennurum eða starfsfólki	26,7	62,9	7,6	1,9	1,0	2,2	3,4
Notkun/varsla fíkniefna og/eða áfengis	78,8	20,2	0	1,0	0	0,8	1,2

Helst virðist það valda vandkvæðum að nemendur mæti of seint. Ríflega fimmtungur segir það gerast daglega. Fjarvistir án skýringa verða einnig daglega í 1/10 hluta skóla. Kúgun og svívirðingar gagnvart nemendum verða einu sinni í viku eða oftar í um 7% skóla, og samsvarandi hegðun gagnvart kennurum verður í um 3% skóla. Líkamsmeiðingar gagnvart nemendum eru sjaldgæfari, að sögn skólustjóra, en um 6% verða varir við það einu sinni í mánuði. Skemmdarverk og þjófnaðir verða einni einu sinni í mánuði í um 7% skóla.

Vandamál tengd hegðun nemenda eru minni hér á landi en í TALIS-meðaltali.

**Tafla 71: Hegðun kennara í þessum skóla. Hlutfall (%) sem velur tiltekinn svarmöguleika. Samanburður við TALIS-lönd.**

Hegðun kennara í þessum skóla	Aldrei	Sjaldan	Einu sinni í mánuði	Einu sinni í viku	Daglega	Einu sinni í viku og daglega	
						ÍSL	TALIS
Mæta of seint í skólann	23,1	69,2	2,9	3,8	1,0	4,1	10,9
Fjarvera (þ.e. án réttmætra skýringa)	81,7	17,3	1,0	0	0	0	4,7
Mismunun (t.d. vegna kynferðis, þjóðernis, trúarbragða eða fötlunar o.s.frv.)	92,4	7,6	0	0	0	0	0,3

Mest er truflunin af því að kennarar mæti of seint í skólann, þó eru aðeins tæp 4% skólastjóra sem telja að það gerist einu sinni í viku. Fjarvistir án réttmætra skýringa eru einnig afar sjaldgæfar, gerast einu sinni í mánuði í 1% skóla og sjaldnar eða aldrei í öðrum skólum. Mismunun vegna kynferðis, þjóðernis, trúarbragða eða fötlunar verður “sjaldan” í 7,6% skóla og aldrei í öðrum skólum.

Vandamál tengd hegðun kennara eru minni hér á landi í samanburði við TALIS-meðaltalið.

## KAFLI 12: NÝLIÐAÞJÁLFUN OG LEIÐSÖGN

Sérstakur kafli í spurningalistanum fjallaði um nýliðaþjálfun og leiðsögn, þ.e. tilsögn og aðstoð við kennara.

Í spurningalistanum var útskýrt hvað átt væri við með “nýliðaþjálfun”. Með nýliðaþjálfun er átt við skipulagt verklag í skólanum til að styðja við bakið á nýjum kennurum við skólann. Hér er ekki átt við kennaranema sem eru enn í kennaranámi. Þetta gæti falið í sér sértakt fyrirkomulag þar sem nýir kennarar hittast og vinna saman, nýr kennari fær leiðsögn reyndari kennara o.s.frv. Formlegt skipulag á þessu gæti verið í höndum skólans eða í samvinnu við aðra skóla eða í höndum fræðslufirvalda/utanaðkomandi aðila.

Einnig var útskýrt hvað átt væri við með “leiðsögn”. Fram kom að “leiðsögn” væri skilgreind sem skipulagður stuðningur í skólum þar sem reyndur kennari styður kennara með minni reynslu. Þetta fyrirkomulag gæti náð til allra kennara í skólanum eða aðeins til nýrra kennara.

Spurt var hvort fylgt væri formlegu verklagi í skólanum varðandi nýliðaþjálfun.

Fram kemur að 52,8% skólastjóra segja að nýir kennarar fái nýliðaþjálfun, væntanlega í þeim skilningi sem lýst var að ofan. Um 94% segja að nýir kennarar fái *óformlega* tilsögn og aðstoð og 98,1% segja að kennarar fái almenna kynningu varðandi stjórnun og/eða skipulag við skólann. Ef skoðað er hversu margir kennarar eru á bak við svör einstakra skólastjóra, þá eru hlutföllin mjög svipuð.

Af þeim sem sögðu að kennara fengju nýliðaþjálfun, þá sagði 51,8% kennara að nýliðaþjálfunin væri veitt öllum kennurum sem eru nýir í skólanum, en aðrir (48,2%) sögðu að nýliðaþjálfunin byðist aðeins kennurum sem væru nýir í kennslu, þ.e. að byrja sinn kennsluferil.

**Tafla 72: Fyrirkomulag nýliðaðþjálfunar í þeim ríflega helmingi skóla þar sem nýliðaðþjálfun á sér stað, að sögn skólastjóra. Samanburður við TALIS-lönd.**

	ÍSLAND (%)	TALIS (%)
Leiðsögn reyndra kennara	97,4	89,1
Námskeið/málstofur	36,5	57,2
Fastsettir fundartímar með skólastjóra og/eða samkennurum	60,9	87,2
Jafningjar (nýir kennarar) meta hver annan á skipulagðan hátt	20,0	41,00
Samstarf í gegnum tölvur	16,4	30,8
Samvinna við aðra skóla	9,1	28,7
Samkennsla (með reyndari kennurum)	54,0	52,8
Ritun dagbóka, safn í möppur o.s.frv. til að auðvelda nám og vangaveltur	9,1	31,8

Nýliðaðþjálfun fer að mestu fram undir leiðsögn reyndra kennara, einnig eru fastsettir fundartímar með skólastjóra eða samkennurum hjá um 2/3 hluta kennara og samkennsla með reyndari kennurum fer fram í ríflega helmingi tilfella. Athugið að hér er aðeins fjallað um skóla þar sem kennarar fá nýliðaðþjálfun yfirhöfuð, að sögn skólastjóra, en það var aðeins í skólum með samtals um helming kennara.



#### AÐGANGUR AÐ LEIÐSÖGN

Spurt var hvort kennarar í skólanum hefðu aðgang að leiðsögn. Eins og fram kom að ofan var “leiðsögn” skilgreind sem skipulagður stuðningur í skólum þar sem reyndur kennari styður kennara með minni reynslu. Þetta fyrirkomulag gæti náð til allra kennara í skólanum eða aðeins til nýrra kennara.

**Tafla 73: Aðgangur kennara að leiðsögn. Samanburður við TALIS-lönd.**

	ÍSLAND (%)	TALIS (%)
Já, en aðeins kennarar, sem eru nýir í kennslu, þ.e. í fyrsta kennarastarfi sínu.	36,6	27,0
Já, allir kennarar sem eru nýir í þessum skóla hafa aðgang.	19,2	22,0
Já, allir kennarar í þessum skóla hafa aðgang.	36,5	24,9
Nei, nú sem stendur er engin leiðsögn fyrir kennara í þessum skóla.	7,7	25,8

Eins og sjá má, þá er um þriðjungur kennara í skólum þar sem allir kennarar hafa aðgang að leiðsögn. Skólastjórarnir sem merktu við þennan valkost endurspegla sem sagt um þriðjung kennara. Annar þriðjungur kennara er í skólum þar sem leiðsögn er aðeins veitt kennurum sem eru í sínu fyrsta kennarastarfi. Um fimmtungur kennara er í skólum þar sem allir kennarar hafa aðgang að leiðsögn.

Aðgengi að leiðsögn virðist síst minna hér á landi en í TALIS-löndum að meðaltali, þótt þetta framboð sé e.t.v. ekki nýtt mikið.

Spurt var einnig hvort aðalnámsgrein þess sem veitti leiðsögnina væri sú sama og þess sem nyti hennar. Hér eru svörin vegin eftir fjölda kennara á bak við hvern skólastjóra sem svarar 52,0% kennara voru því með skólastjóra sem svaraði að svo væri “oftast”, 45,2% sem sagði “stundum” og 2,8% sem sagði “sjaldan eða aldrei”.

Skólastjórar voru beðnir um að meta almennt mikilvægi leiðsagnar fyrir kennara og skóla.

**Tafla 74: Mikilvægi leiðsagnar að mati skólastjóra. Hlutfall (%) sem velur tiltekinn svarmöguleika. Samanburður við TALIS-lönd.**

	ÍSLAND				Frekar og mjög mikilvægt	
	Alls ekki mikilvægt	Ekki mjög mikilvægt	Frekar mikilvægt	Mjög mikilvægt	ÍSLAND	TALIS
Til að bæta hæfni kennarans við kennslu	0	4,8	39,0	56,2	95,2	95,3
Til að styrkja faglega vitund kennarans	0	2,9	41,9	55,2	97,1	92,0
Til að bæta samstarf kennara við starfsfélaga sína	1,0	6,7	37,1	55,2	92,3	95,0
Til að styðja lítt reynda kennara í kennslustarfinu	0	1,0	25,0	74,0	99,0	98,1
Til að víkka út þekkingu kennara á aðalnámssgrein(um) þeirra	1,0	9,5	49,5	40,0	89,5	79,7
Til að bæta almenna frammistöðu nemenda	0	3,8	49,5	46,7	96,2	90,0

Flestir skólastjórar töldu leiðsögn mjög mikilvæga til þess að styðja lítt reynda kennara í kennslustarfinu. Ríflega helmingur taldi leiðsögn einnig mjög mikilvæga til þess að styrkja faglega vitund kennarans, bæta kennsluhæfni eða til að bæta samstarf kennara við starfsfélaga sína.

Leiðsögnin var einnig talin mikilvæg til þess að víkka út þekkingu kennara á aðalnámssgrein(um) þeirra, eða til að bæta almenna frammistöðu nemenda, en mikilvægi leiðsagnar til þess var ekki talið jafmikið og þess sem getið er ofar.

Skólastjórar hér á landi virðast meta mikilvægi leiðsagnar jafnvel meira en kollegar þeirra í TALIS-löndum.

## KAFLI 13: STARFÁNÆGJA

Skólustjórar voru að lokum spurðir hvað þeim fyndist almennt um starfið sitt.

**Tafla 75: Starfsánægja skólustjóra. Hlutfall (%) sem velur hvern svarmöguleika. Samanburður við TALIS-lönd.**

	ÍSLAND				TALIS
	Mjög ósammála	Ósammála	Sammála	Mjög sammála	Mjög sammála
Kostir þessarar starfsgreinar veða greinilega þyngra en ókostirnir.	1,9	1,9	45,2	51,0	34,8
Ef ég mætti velja aftur myndi ég enn velja þetta starf/þessa stöðu.	2,90	7,7	53,8	35,6	41,4
Ég myndi vilja skipta um skóla ef það væri mögulegt.	37,5	46,2	10,6	5,8	3,6
Ég sé eftir að hafa ákveðið að verða skólustjóri.	59,6	35,6	2,9	1,9	1,9
Mér líkar vel að starfa í þessum skóla.	1,0	2,9	27,9	68,3	58,3
Ég myndi mæla með skólanum mínum sem góðum vinnustað.	1,9	3,8	18,3	76,0	58,7
Ég held að kennarastarfið sé mikils metið í þjóðfélaginu.	15,4	40,4	41,3	2,9	9,7
Ég er ánægð(ur) með frammistöðu mína í þessum skóla.	1,0	2,9	68,3	27,9	26,5
Þegar allt kemur til alls er ég ánægð(ur) með starfið mitt.	1,0	1,9	52,9	44,2	38,5

Starfsánægja skólustjóra virðist mikil. Aðeins um 4% segist ekki líka vel að starfa í þessum skóla og langflestir eru ánægðir með frammistöðu sína. Á hinn bóginn er aðeins tæplega helmingur sammála því að “kennarastarfið sé mikils metið í þjóðfélaginu”.

Í samanburði við önnur lönd, þá virðist starfsánægja skólustjóra á Íslandi vera góð. Margir eru sammála því að þeir myndu mæla með skólanum sínum sem góðum vinnustað og að kostir starfsgreinarinnar vegi þyngra en ókostirnir. Hins vegar telja þeir ekki að kennarastarfið sé mikils metið í þjóðfélaginu.

## KAFLI 14: SAMANTEKT: NOKKRAR NIÐURSTÖÐUR TALIS 2013

- Konur eru 71,3% kennara á unglingsstigi, 68,1% í TALIS að meðaltali. Hlutfall kvenna hefur hækkað frá 2008 hér á landi og í TALIS að meðaltali.
- Hlutfall kennara yngri en 30 ára hefur lækkað mikið hér á landi. Það var um 13% árið 2008 en er nú rúm 6%. Fjölgað hefur í elsta aldursflokknum. Nýliðun er einnig minni í öðrum TALIS-löndum. Árið 2008 varou 13,1% í TALIS yngri en 30 ára, en nú aðeins 9,9%.
- Um 83% kennara eru í fullu starfi, sem er svipað TALIS-meðaltalinu. Þetta er lítið eitt hærra hlutfall en 2008 hér á landi. Hlutfall karla í fullu starfi hér er hærra en kvenna.
- Íslenskir kennarar segjast í meira mæli hafa *kosið sjálfir* að vinna í hlutastarfi, á meðan kennarar í TALIS-löndum að meðaltali segja oftar að *ekki hafi verið hægt* að fá fullt starf.
- Hlutfalli fastráðinna hér fjölgar í um 85% úr um 75% árið 2008. Í TALIS-löndum hefur hlutfallið verið óbreytt, um 83-84% bæði árin.
- Um 85% hér á landi eru með menntun á stiginu ISCED 5A, en það á við um tæp 90% í TALIS-löndum að meðaltali. Hér á landi eru fleiri kennarar með lægri menntun en ISCED 5 (tæp 10% en aðeins 2,3% í TALIS). Um 92% héraðra kennara (94% kvenna) hafa lokið kennaranámi, kennsluréttindanámi eða öðru námi sem er sérstaklega ætlað til þess að búa undir kennarastarfið. Mun lægra hlutfall héraðra kennara segir að námsefni, kennslufræði og/eða reynsla í kennslustofu hafi verið hluti af menntun þeirra í öllum greinum sem þeir kenna. Þarna munar tugum púsenta.
- Hærra hlutfall kennara í TALIS-löndum telur sig „vel“ eða „mjög vel“ *undirbúna* varðandi námsefni, kennslufræði og/eða reynslu í kennslustofunni í greinunum sem þeir kenna. TALIS-meðaltalið (um 90%) er að jafnaði um 10 prósentustigum hærra en á Íslandi í þessum þremur þáttum.
- Um 55% vinnutíma kennara er varið til kennslu. Að meðaltali vinna kennarar í fullu starfi rúmlega 37 klukkustundir við kennslu, undirbúning kennslu, einkunnagjöf, samstarf við aðra kennara, starfsmannafundi og önnur verk tengd skólastarfi.

### STARFSÞRÓUN

- Um 91% kennara hér á landi tók þátt í einhverskonar starfsþróunarverkefni, sem er lítið eitt hærra en hlutfallið í TALIS að meðaltali. Íslenskir kennarar sinna í meira mæli starfsþróunarverkefnum sem fela í sér þátttöku í *samstarfi kennara sérstaklega skipulögðu með starfsþróun kennara í huga*. Í samanburði við TALIS-löndin, þá taka þeir hins vegar minni þátt í verkefnum eins og *réttindanámi sem leiðir til prófgráðu, rannsóknarverkefni* eða því að fylgjast með og sinna *leiðsögn starfsfélaga* sem hluta af formlegu skólastarfi.
- Samanburður milli ára 2008 og 2013 sýnir áhugaverða þróun hér á landi í samanburði við önnur TALIS-lönd. Hlutfall kennara sem hefur tekið þátt í einhverskonar starfsþróunarverkefnum á síðastliðnum 12 mánuðum hefur staðið í stað í TALIS-löndum

að meðaltali. Það var 87,6% árið 2008 en er nú 87,7%. Hér á landi hefur þetta hlutfall hins vegar aukist mikið, frá 77,1% árið 2008 í 90,7% árið 2013.

- Aðeins um þriðjungur kennara hér á landi hefur tekið þátt í nýliðabjálfun, sem miðar að því að styðja við kennara í upphafi kennaraferilsins.
- Í samanburði við önnur TALIS-lönd að meðaltali þá hafa íslenskir kennarar sótt námskeið/vinnustofur í svipuðum mæli og önnur TALIS-lönd. Hinsvegar hefur mun hærra hlutfall íslenskra kennara sótt menntaráðstefnur eða málstofur og/eða farið í vettvangsferðir í aðra skóla, samanborið við önnur TALIS-lönd.
- Í samanburði við önnur TALIS-lönd, þá tengjast starfsþróunarverkefnið meira *þekkingu á námskrá og námsmatsaðferðum* hér á landi. Á öðrum sviðum er prósentutalan hærrí TALIS-meðaltalinu sem bendir til þess að starfsþróunarverkefnið í þessum löndum, að meðaltali, tengist fleiri sviðum en hér á landi.
- Hér á landi sagðist um 60% ekkert hafa þurft að greiða sjálf vegna starfsþróunar sinnar, en í TALIS-löndum að meðaltali höfðu um 66% ekkert greitt sjálf. Hér hefur þetta hlutfall lækkað nokkuð (úr um 68% í 61%), en hækkað lítillega í TALIS-löndum (úr um 62% í um 64%).
- Aukið hlutfall kennara telur sig hafa nokkra eða mikla þörf fyrir starfsþróunarverkefni á sviði *færni í notkun upplýsinga- og samskiptatækni við kennslu* (úr um 17% 2008 í um 28% 2013).
- Hindranir: Fáir hér kvarta yfir skorti á *stuðningi frá vinnuveitanda*, samanborið við TALIS almennt, en meira er um það hér á landi að þjálfunin rekist á við *vinnutíma* eða annir vegna *fjölskyldu*. Færri hér á landi, en þó um 40%, segja *engan hvata* til að taka þátt í starfsþróunarverkefnum (miðað við 48% í TALIS-löndum að meðaltali).

## ENDURGJÖF

- Endurgjöf til kennara er verulega miklu minni hér á landi en í TALIS-löndum að meðaltali.
- Endurgjöf, sem er upplýsingar um kennsluna *byggt á skoðun af einhverju lagi*, er tugum prósentu lægri hér á landi en í TALIS til samanburðar, í þeim tegundum endurgjafar sem spurt er um, þ.e. endurgjöf eftir beina athugun á bekkjarkennslu, eftir kennaramat frá nemendum, mat á þekkingu á kennsluferni, greiningu á einkunnum nemenda, eftir sjálfsmat kennara á eigin kennslu og í kjölfar skoðanakannana eða samræðna við foreldra eða forráðamenn nemenda. Í öllum tilfellum er Ísland langt fyrir neðan TALIS-meðallag.
- Aðeins um 17% kennara hér á landi hafa hlotið endurgjöf frá a.m.k. einum aðila vegna kennaramats frá nemendum, en í öðrum TALIS-löndum gerist það að meðaltali í um 53% tilvika. Í um 34% tilvika hefur íslenskur kennari fengið endurgjöf eftir *beina athugun* á bekkjarkennslu en 79% kennara að meðaltali í TALIS-löndum hafa fengið slíka endurgjöf.
- Þegar athugaðir eru hverjir það eru sem hafa veitt endurgjöfina, þá endurspeglar sú athugun sömu staðreynd: Endurgjöf spilar lítið hlutverk hér í samanburði við önnur lönd. Um 45% kennara hefur aldrei fengið endurgjöf af því lagi sem lýst er að ofan.

- Skólastjórar á Íslandi hafa aðeins veitt endurgjöf af því tagi sem lýst er í 21% tilvika, en meðaltal TALIS er um 54%.
- Kennarar hér á landi fá endurgjöf um færri atriði frá færri aðilum en tíðkast í TALIS-löndum að meðaltali.
- Spurt var um vægi ýmissa þátta í endurgjöfinni sem þeir fengu. Kennarar segja að helst hafi verið litið til í hegðunar nemenda og stjórnunar í kennslustofunni, hæfni til kennslu í aðalkennslugrein og frammistöðu nemenda.
- Í öllum tilfellum er vægi hvers þáttar í endurgjöfinni hér á landi talið *minna* en vægi sama þáttar í TALIS-löndum. Munurinn er frá um 6 prósentustigum (um vægi kennslu nemenda með sérþarfir) upp í 21 prósentustig (um vægi endurgjafar kennarans til annarra kennara til að bæta kennslu þeirra).
- Á uppleið þó? Vægi fimm þátta var borið saman árin 2008 og 2013 og var vægi fjögurra þátta af fimm minna hér á landi bæði árin, í samanburði við TALIS, en í flestum tilfellum hefur vægi einstakra þátta aukist hér á landi til aukins samræmis við TALIS-meðaltalið.
- Áhrif endurgjafar: Kennarar voru beðnir um að meta áhrif endurgjafar, hvort hún hefði leitt til jákvæðra breytinga á fjórtán tilteknum sviðum.
- Í öllum atriðum hafa kennarar á Íslandi orðið síður varir við „nokkrar“ eða „miklar breytingar“ í framhaldi af endurgjöf til þeirra, samanborðið við TALIS-löndin að meðaltali.
- Mest eru jákvæðu áhrifin á sjálfstraust við kennslu, starfsánægju og áhugahvöt.
- Hlutfall kennara hér á landi sem telur að líkur á stöðuhækkun hafa orðið hér á landi í kjölfar endurgjafar er aðeins um þriðjungur af TALIS hlutfallinu. Munurinn er einnig mikill varðandi viðurkenningar frá skólastjóranum eða samstarfsfólki, tækifæra til starfsþróunar, kennsluhátta o.fl.
- Í báðum fyrirlögnum árin 2008 og 2013 var spurt hvort endurgjöf hefði haft jákvæð áhrif á líkindi til stöðuhækkunar. Á Íslandi jókst þetta hlutfall lítillega úr 8,6% í 12,8%. Á sama tíma hefur þetta hlutfall nánast tvöfaldast að meðaltali í TALIS-löndum. , og er nú um 35% en var árið 2008 aðeins um 17%.
- Í prósentustigum hefur því enn breikkað bilið á milli Íslands og annarra landa hvað þennan þátt varðar. Í TALIS-löndum finna nú árið 2013 þrefalt fleiri til jákvæðra breytinga varðandi líkindi á stöðuhækkun í framhaldi af endurgjöf, en árið 2008 voru þeir aðeins tvöfalt fleiri en á Íslandi.
- Kennarar í TALIS-löndum að meðaltali trúa því almennt meira en íslenskir kennarar að þeir kennarar sem ná bestum árangri fái mestu umbunina, að kennarar fái endurgjöf sem byggir á ýtarlegu mati á störfum þeirra, að ráðstafanir til að vega upp á móti veikleikum í kennslu séu ræddar við kennarann, að hann fái sérstakan leiðsagnaraðila til að hjálpa við að bæta kennsluaðferðir sínar o.fl.
- Í TALIS-löndum hefur trúin á það að bestum árangri fylgi mesta umbunin aukist nokkuð, en hún hefur staðið í stað hér á landi.

## ALMENNT UM KENNSLUNA

- Um 80% fylgist aldrei með bekkjum annarra kennara og veitir endurgjöf.
- Um fjórðungur kennir sama bekk með hópi kennara vikulega eða oftár, en upp undir 60% gera það aldrei.
- Mikill breytileiki er í því hvort kennarar skiptist á námsefni eða ekki.
- Flestir telja sig ráða vel við ýmsa þætti kennslunnar, svo sem að fá nemendur til að trúá því að þeim geti gengið vel, hjálpa þeim að meta gildi náms, setja væntingar sínar til nemenda fram á skýran hátt, fara eftir reglum, róa niður nemendur sem eru með truflandi hegðun o.s.frv.
- Erfiðast virtist að glæða áhuga nemenda sem eru áhugalausir um námið og að hjálpa nemendum við að temja sér gagnrýna hugsun.
- Í ríflega 60% bekkja/kennsluhópa var a.m.k. einn nemandi með annað móðurmál en tungumálið sem kennsla fór fram á. Hlutfall þeirra var yfir 30% samtals í 3,4% tilvika, en algengast var að þeir væru 1-10% í hverjum nemendahópi. Það gildi um helming kennsluhópa.
- Að meðaltali er fjöldi nemenda í hverjum bekk/kennsluhópi 19,55 nemendur.
- Um 75% tímans hér fer í eiginlega kennslu og nám, samanborið við 79% í TALIS-meðaltali, en tæp 16% í að halda röð og reglu (halda aga). Ríflega 8% fara í stjórnun (viðveruskráningu, afhendingu upplýsinga frá skólanum o.s.frv.).
- Um 65% eru sammála eða mjög sammála því að nemendur gæti þess að skapa góðan námsanda. Mikill truflandi hávaði er þó í um 28% tilvika, ef saman eru teknir þeir sem eru sammála eða mjög sammála. Með sama viðmiði má sjá að 42% finnst þeir tapa tölverðum tíma vegna þess að nemendur trufla kennsluna og 57% finnst þeir þurfa að bíða í þó nokkurn tíma áður en nemendur gefa hljóð.
- Almennt eru TALIS-löndin hærri en Ísland í því að leggja fram samantekt á námsefni sem nýlega hefur verið farið yfir. Einnig benda kennarar í TALIS-löndum að meðaltali oftár á vandamál í leik eða starfi þar sem ný þekking getur komið að gagni. Þeir fara oftár yfir heimavinnu eða verkefnabækur nemenda og láta nemendur oftár vinna svipuð verkefni þar til þeir eru fullvissir um að allir nemendur hafi skilið námsefnið.
- Íslensku kennararnir eru yfir TALIS-meðaltalinu hvað varðar það að láta nemendur sem eiga í erfiðleikum með nám og/eða þá sem fara hraðar yfir, fá önnur verkefni.
- Samábyrgð: Mikill meirihluti kennara er sammála ýmsum fullyrðingum um að skólinn veiti starfsfólki, foreldrum og (í minna mæli þó) nemendum tækifæri til þess að taka virkan þátt í ákvörðunum um skólann. Einnig að skólinn leggi áherslu á sameiginlega ábyrgð á málefnum skólans og að í skólanum ríki andi samvinnu sem einkennist af gagnkvæmum stuðningi.
- Samhygð: Langflestir voru einnig sammála því að í skólanum kæmi kennurum og nemendum yfirleitt vel saman, að kennurum fyndist skipta máli að nemendum liði vel, að þeir hefðu áhuga á því sem nemendum lægi á hjarta.

- Viðhorf til kennarastarfsins: Yfir 90% kennara voru sammála eða mjög sammála því að kostir þess að vera kennari væru mun meiri en ókostirnir. Þó segist um 45% hafa velt því fyrir sér hvort heppilegra hefði verið að velja annað starf. Rétt rúm 11% segjast sjá eftir því að hafa valið kennarastarfið. Rúm 70% segist myndu velja kennsluna, ef þeir gætu valið um starf á nýjan leik.
- Aðeins um 18% kennara eru sammála eða mjög sammála því að kennarastarfið sé mikils metið í þjóðfélaginu. Nánast allir (um 98%) eru sammála eða mjög sammála því að þeir væru ánægðir með frammistöðu sína í skólanum.

## SKÓLASTJÓRAR

- Hlutfall kvenskólastjóra hefur hækkað um rúm 5 prósentustig síðan 2008, er nú tæp 55%. TALIS-meðaltalið er um 50%. Það hefur einnig hækkað, úr 47% árið 2008.
- Menntun skólastjóra hefur aukist lítillega, nú eru tæp 90% á ISCED 5 stigi en voru um 85%. TALIS-meðaltalið er þó enn hærra eða tæp 93%.
- Íslenskir skólastjórar hafa starfað lengur sem skólastjórar – en skemur sem kennarar – en starfssystkini þeirra í öðrum TALIS-löndum að meðaltali. Þeir hafa einnig unnið lengur við ýmis önnur störf, ótengd skólastarfi.
- Fleiri skólastjórar eru í fullu starfi í TALIS-löndum að meðaltali en hér á landi. Það munar þó aðeins um 4 prósentustigum (um 58% vs. um 62%).
- Á Íslandi voru aðeins um 4% skólastjóra sem ekki tóku þátt í neinu starfsþróunarverkefni, á móti tæpum 10% í TALIS öllu. Íslenskir skólastjórar sækja meira námskeið, ráðstefnur eða vettvangsheimsóknir en starfsbræður þeirra að meðaltali í TALIS-löndum.
- Í alþjóðlegum samanburði felst hindrun á vegi frekari starfsþróunar íslenskra skólastjóra einkum í því að þjálfunin rekst á við vinnutíma þeirra, eða tímaskorti vegna þess að þeir þurfa að sinna fjölskyldunni. Þeir kvarta hins vegar síður en önnur TALIS-lönd að meðaltali undan skorti á stuðningi frá vinnuveitanda eða framboði á viðeigandi þjálfun.
- Meðalbekkjarstærð hér á landi er tæpir 20 nemendur en um 24 nemendur að meðaltali í TALIS-löndum.
- Hér á landi deila skólastjórar tíma sínum niður á ólík verkefni á svipaðan hátt og tíðkast í TALIS-löndum að meðaltali. Rúm 40% tímans fara í verkefni og fundi sem lúta að stjórnun og forystu, tæp 18% fara í verkefni og fundi sem lúta að námskrángerð og kennslu (á móti 21% í TALIS að meðaltali). Hér verja þeir um 18% tímans í samskipti við nemendur á móti 15% í TALIS að meðaltali.
- Skólastjórar tilgreindu hversu oft þeir hefðu tekið þátt í ýmsum verkefnum í skólanum síðastliðna 12 mánuði. Skólastjórar hér á landi eru oftari í samstarfi við skólastjóra annarra skóla. En TALIS-meðaltalið er hins vegar mun hærra en íslensku tölurnar varðandi tíðni þess að fylgjast með kennslu í kennslustofunni, leita að mistökum og villum í starfsháttum og skýrslum skólans, upplýsa foreldra eða forráðamenn um



frammistöðu skólans og nemendanna og aðstoða kennara við að leysa agavandamál í kennslustofunni. Sem sagt, minna eftirlit og minni endurgjöf?

- Skólastjórar voru spurðir um ýmsa þætti sem geta verið takmarkandi fyrir árangur skólastjórans. „Að nokkru leyti“ kvörtuðu skólastjórar undan því að vinnuálagið og ábyrgð væru of mikil, skorti á fjármagni og öðrum úrræðum, skorti á tækifærum og stuðningi við starfsþróun kennarar og því að launakerfið væri byggt á starfsreynslu (og menntunarstigi eða starfsreynslu) frekar en frammistöðu í starfi. Um 41% kvartaði að „nokkru leyti“ eða „mikið“ yfir fjarvistum kennara.
- Skólastjórar kvörtuðu „mjög lítið“ yfir reglum og stefnu ríkisins, samvinnu við annað starfsfólk, skorti á tækifærum og stuðningi við eigin starfsþróun.

### **FORMLEGT MAT Á STÖRFUM KENNARA**

- Spurt var hversu oft kennari væri formlega metinn í skólanum af tilteknum aðilum. Skólastjóri gerði það „aldrei“ í um 29% tilvika. Einu sinni á ári í um 45% tilvika og oftár en það í aðeins 11% tilvika.
- Annar í stjórnunarteymi framkvæmdi slíkt mat „aldrei“ í 49% tilvika, og oftár en einu sinni á ári í um 35% tilvika. Sjaldgæft var að kennarar mætu formlega störf samkennara (innan við fjórðungur tilfella).
- Skólastjóri tekur minni þátt í formlegu kennaramati en kollegar þeirra í TALIS að meðaltali. Þeir hafa mun sjaldnar beint eftirlit með kennslu í kennslustofunni, meta sjaldnar þekkingu kennara á kennsluefninu, ræða sjaldnar við kennara sjálfsmat kennara á eigin vinnu, ræða um endurgjöf frá foreldrum eða forráðamenn o.fl. Aðkoma skólastjóra að þessum og fleiri verkum sem teljast til formlegs kennaramats í skólanum er fátíðari hér á landi en í TALIS að meðtali.
- Afleiðingar kennaramats: Í TALIS-löndum er oftár gerð þróunaráætlun fyrir kennarann í framhaldi af kennaramati, gripið til launabreytinga, skipaður leiðbeinandi til að hjálpa kennaranum að bæta kennslu sína o.fl. Í heild er tíðni ýmissa viðbragða meiri í TALIS-löndum en hér á landi. Hér er þó oftár gripið til þess að endurnýja ekki ráðningarsamning í framhaldi af kennaramati, ef ástæða þykir til.
- Skólaandi: Nánast allir eru sammála því að samband kennara og nemenda sé gott. Einnig er mikill meirihluti (um og yfir 90%) sammála eða mjög sammála því að andrúmsloftið sé þannig að menn vilji deila velgengni sinni með öðrum, það ríki gagnkvæm virðing fyrir hugmyndum starfsfélaga og starfsfólk ræði opinskátt um erfiðleika.
- Í flokki nokkurra atriða sem spurt var um hvort gætu komið í veg fyrir að skólinn veitti vandaða fræðslu, þá var skortur á tölvum eða ófullnægjandi tölvukostur nefndur, einnig skortur eða vanefni á tölvuhugbúnaði til kennslu. Einnig var nefndur skortur á kennurum í starfsmiðuðum verknámsgreinum og skortur á kennurum með hæfni til að kenna nemendum með sérþarfir meðal annars.
- Kvartað var yfir því að nemendur mættu of seint. Ríflega fimmtungur segir það gerast daglega. Fjarvistir án skýringa verða einnig daglega í 1/10 hluta skóla. Kúgun og

svívirðingar gagnvart nemendum verða einu sinni í viku eða oftari í um 7% skóla og samsvarandi hegðun gagnvart kennurum í um 3% skóla.

- Í tæplega 5% skóla mæta kennarar of seint einu sinni í viku (4%) eða daglega (1%).
- Konur taka meiri þátt í nýliðabjálfun hér á landi en karlar. Bæði kynin taka mun minni þátt en TALIS-meðaltal.
- Starfsánægja skólastjóra var góð. Um 97% sögðust sammála eða mjög sammála því að „þegar allt kemur til alls“ þá væru þau ánægð með starfið sitt. Um 90% sagðist enn myndu velja þetta starf ef þeir ættu að velja aftur. Um 17% myndu þó gjarnan vilja skipta um skóla. Aðeins tæp 5% sá eftir að hafa ákveðið að verða skólastjórar. 96% líkaði vel í þessum skóla. Aðeins tæp 45% töldu þó kennarastarfið mikils metið í þjóðfélaginu.